

TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • DESEMBER 2010



Viðtalið

Angantýr Einarsson
skrifstofustjóri

Markmið RSK

**Hvað vitum við
um misferli?**

**Skattfrankvæmd
fyrir á árum**

Möskvar gærdagsins

Á undanföllum árum hefur ýmsum nágrannaþjóðum okkar sýnt að Íslendingar hafi verið agalaus þjóð sem hafi kastað sér yfir eitt verkefnið af öðru í einni samfelldri leit að skjótteknum fjárhagslegum ávinningi. Fyrirtæki og jafnvel fyrirtækjakeðjur, innanlands sem erlendis, hafa verið keyptar upp fyrir stórfé rétt eins og gullæði stæði yfir. Lán voru tekin fyrir stærstum hluta kaupanna og fyrirtækjaflettur settar upp. Markmiðið hefur virst vera að komast yfir sem mest og láta hlutina ganga frá einu verkefninu til annars. Aðrar þjóðir hafa gjarnan farið sér hægar, unnið betur úr því sem milli handanna hefur verið hverju sinni og lokið frágangi á því sem unnið hefur verið að, hvort heldur að færa tekjur, eignir og skuldir til bókar eða standa skil á opinberri skýrslugjöf. Í útrásinni var ekki hirt um slíkt heldur voru helstu eigendur félaga faldir undir dulnefnum í aflandsríkjum. Lesningin í Rannsóknarskýrslu Alþingis er nánast hrollvekjandi lýsing á hvernig heil þjóð var skuldsett í von um skjóttekinn gróða fyrir lítinn hóp manna.

Hin síðustu misseri hefur orðið vakning hjá þjóðinni á nauðsyn þess að gæta að almennum grunnreglum um siðferði, hvort heldur er í viðskiptum eða almennum samskiptum milli fólks. Tilefnið er svo sem ærið – hrun efnahagskerfis heillar þjóðar. Hrunið mun setja meiri svip á Íslandssöguna á komandi árum en flestir aðrir atburðir, svo hörmulegt sem það er. Samfélagið, almenningur allur, fræðimenn, fjölmiðlar og samtök fólks hafa brugðist við með gagnrýnni umræðu og skoðanaskiptum. Allt hefur þetta haft í för með sér mikla gerjun í þjóðfélaginu, áleitnar spurningar hafa verið bornar upp og kallað hefur verið eftir auknu gagnsæi í stjórnsýslu og viðskiptum. Áhrifamiklir aðilar í viðskiptalífi, m.a. Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands, hafa talað fyrir skýrum leikreglum. Þannig eru uppi ýmis háleit sjónarmið um nýtt og betra Ísland með aukinni þátttöku almennings við ákvarðanatöku, gagnsæi og betra viðskiptasiðferði. Hitt verður að hafa hugfast að fyrirmyndarþjóðfélag verður ekki reist á háleitum hugsjónum einum saman heldur verður samfélagsgerðin að byggja á heilbrigðum og traustum innviðum í stóru sem smáu og þar með skýrum lagareglum sem sporna gegn óheilbrigðum viðskiptaháttum.

Hvernig er unnt að bregðast við og bæta ástandið? Hér á landi hefur á síðustu árum verið stofnaður mikill fjöldi lögaðila, svo mikill að

meira að segja í auglýsingum fjármálastofnunar síðustu mánuði fyrir efnahagshrunið var hálf í hvoru skopast að því, þar sem leikarinn John Cleese var látinn velta því fyrir sér hvort allir Íslendingar ættu „company“. Það hefur á hinn bóginn ekki gengið nægjanlega vel að fá eigendur lögaðila, einkum einkahlutafélaga, til að virða lagareglur um skil á upplýsingum til ársreikningaskrár eða standa skil á skattframtali.

Hvorki meira né minna en þriðjungur lögaðila, rösklega 12.000 félög, skilar ekki skattframtali á réttum tíma. Þegar kemur að skilum til ársreikningaskrár er ástandið enn verra þar sem um 40% lögaðila, eða 15.000, höfðu ekki staðið skil á ársreikningi sex mánuðum eftir lok síðastliðins reikningsárs.

Lögaðilar þessir eru nær allir stofnaðir með takmarkaðri ábyrgð stofnenda og eigenda þeirra. Ábyrgð á skuldbindingum félags með takmarkaðri ábyrgð er þannig takmörkuð við framlagt lágmarks hlutfé og eignir félagsins umfram skuldir. Það skiptir viðsejendur slíks félags eðlilega máli að hafa áreiðanlegar upplýsingar um efnahag félagsins. Þrátt fyrir að sú skylda sé lögð á forráðmenn félaga að leggja fram ársreikninga, sem ársreikningaskrá skal hafa aðgengilega fyrir almenning, er viðhorf eigendanna ekki betra en þetta. Víðast hvar í Evrópu væru slík vanskil nánast óhugsandi til langframa þar sem þeim er einfaldlega mætt með því að félagið er tekið af skrá og ótakmörkuð ábyrgð lögð á eigendur.

Í Danmörku hefur verið tekin saman yfirgripsmikil skýrsla vegna endurskoðunar á dönsku hlutafélagalöggjöfinni þar sem markmiðið var að danskur félagaréttur yrði til fyrirmyndar á alþjóðlegum vettvangi. Þar er m.a. fjallað um ábyrgð og skyldur þeirra sem njóta þeirra fríðinda að reka félög með takmarkaðri ábyrgð. Þannig er fjallað um að gott jafnvægi verði að vera milli athafnafrelsis stjórnenda og þeirrar ábyrgðar sem fylgja þarf og axla verður samfara slíku frjálstræði. Í þessu sambandi eru rakin dæmi um skaðabótaábyrgð, refsíábyrgð, birtingu válista og bann við stofnun og rekstri félaga með takmarkaðri ábyrgð hafi stofnandi eða stjórnarmaður verið staðinn að kennitölulakki.

Á Íslandi hefur annað verið uppi á teningnum. Á tímum þess góðæris sem blásið var upp snerist vinna starfsmanna ársreikningaskrár

TÍUND

BLAÐNR. 55

Útgefandi: RÍKISSKATTSTJÓRI

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.


Framleiðslustjórn, ljósmyndir og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarkalestur: Helga Valborg Steinarsdóttir.

Forsíðumynd: Árni Sæberg.

Tekjuskattur 1993 til 2010



ríkisskattstjóra annars vegar um að ná inn ársreikningum og hins vegar um að standa í þrætum um þær lágmarks upplýsingar sem ársreikningum ber að innihalda. Ýmist þurfti að viðhafa sífella eftirgangssemi um að upplýsingar um eignarhald yfir 10% hlutdeild yrðu veittar eða að sporna þurfti gegn því að félög yfir ákveðnum stærðarmörkum, eða sem skírskotuðu sérstaklega til almennings, skiluðu ekki eingöngu samandregnum ársreikningi þar sem undirstöðuupplýsingar væru huldar sjónum lesandans.

Í venjulegu viðskiptaumhverfi má öllum vera ljóst að vígstaðan er ójöfn þegar annar aðilinn stendur í skilum með gögn og upplýsingar en hinn heldur að sér höndum og sýnir ekki spilin. Jafnframt er það óásættanlegt, og raunar með miklum ólíkindum, að unnt sé að leynd þannig upplýsingum um tekjur og eignir að álagning opinberra gjalda og viðskipti við viðkomandi þurfi að byggjast á getgátum um fjárhagslega burði þess sem á í hlut. Það er alvarlegt umhugsunarefni hvernig stjórnvöldum er ætlað að takast á við þann hátt sem hafður er á við rekstur fyrirtækja í landinu. Hitt er svo enn áleitnari spurning hvernig það viðskiptaumhverfi virkar þar sem fjöldi fyrirtækja starfar í skjóli leyndar, án þess að skila viðeigandi upplýsingum.

Skattyfirvöld eru svo sem ekki óvön að starfa við þær aðstæður að þagnarmúr sé reistur um eigendur, viðskipti, viðskiptamenn og fjármálagerninga. Oftar en ekki hefur orðið að sækja þessar upplýsingar með atbeina dómstóla, og athyglisvert hefur verið að átta sig á hvaða hagsmuni var verið að verja eða hvernig sá sem bjó yfir upplýsingum gat samsamað sig því athæfi sem verið var að skjóta hulu yfir. Niðurstaðan hefur þó ætíð á endanum orðið sú að almenningur hefur haft vinninginn af skattlagningu þeirra tekna og eigna sem ætlunin var að forða frá sameiginlegum rekstri þjóðfélagsins. Þessir tilburðir verða þó seint upprættir, hvort heldur héraðs eða á aflandssvæðum, en sá leyndarhjúpur viðskiptaflétta sem áður var talinn veita skjól er nú óðum að rakna upp með sameiginlegu átaki á alþjóðlegum vettvangi.

Vanskil á ársreikningum og skattframtölum eru því stór brotalöm sem verður að sporna gegn. Það verður að fá íslenskum yfirvöldum þau verkfæri sem nauðsynleg hafa verið talin hjá grannþjóðum til að halda uppi þeirri festu að þeir sem ekki hlíta almennum reglum



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri



Ingvar J. Rögnvaldsson
vararíkisskattstjóri

dæmi sig sjálfir úr leik. Leynd um hluthafa er einnig önnur brotalömin, eitt af stærri vandamálum bæði að því er snýr að viðskiptalífínu sjálfu og starfi yfirvalda. Verður því að telja mikilvægt að slíkri leynd verði aflétt og hún lýst óheimil með lögum. Aukið gagnsæi næst ekki nema tekið sé á þessari alvarlegu brotalöm sem enginn vafi er á að átti stóran hlut í því að þenja bóluna út þangað til að hún sprakk.

Félög með takmarkaðri ábyrgð sem ekki senda inn ársreikninga eða skattframtöl eiga ekki að geta haldið rekstri sínum áfram. Þannig væri miklu eðlilegra að aðili sem sýndi sig í því að uppfylla ekki slíkar reglur þjóðfélagsins missti þann rétt að teljast vera sjálfstæður lögaðili með takmarkaðri ábyrgð. Þetta hefði þær afleiðingar að eigendur tækju fulla og ótakmarkaða ábyrgð á sínum rekstri með einkaeignum sínum.

Það er líklegt að ef tekist yrði á um leyndina, eignalega og varðandi birtingu, með virkum raunhæfum úrræðum gæti hin raunverulega siðbót í viðskiptum hér loksins hafist. Möskvar gærdagsins í viðskiptalífínu reyndust alltof víðir og frelsið var gróflaga misnotað. Nú reynir á samstarfsvilja stjórnvalda og atvinnulífs til að tryggja að viðskipti geti eflst að nýju að breyttum forsendum með aukið gagnsæi að leiðarljósi.

EFNI BLAÐSINS

Viðtalið - Angantýr Einarsson skrifstofustjóri	4	Kominn og farinn	33
Sjómannaafsláttur	10	Eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla	34
Skattframtöl fyrri á árum	12	Um heimildir til lækkunar á gjaldstofnum	36
Norrænt samstarf	18	Lagafrumvörp um tekjuskatt	40
Breytingar á lögum um virðisaukaskatt	20	Úrskurðir	43
Eftirlitssvið RSK	24	Dómur	46
Samningur við Skýrr	26	Álagning á lögaðila	48
Markmið og leiðir RSK	28	14. aðalfundur IOTA	54
Hvað vitum við um misferli?	30	Lokaorðið	55
Nýtt sameinað starfsmannafélag RSK	32		



Sameining stofnana skattkerfisins var gríðarleg áskorun

Starfsmenn ríkisins eru ósérhlífir gagnvart því erfiða verkefni sem felst í því að ná endum saman í ríkisrekstri með tilheyrandi niðurskurði og auknu álagi

Fjármálaráðuneytið gegnir margþættu hlutverki. Meðal helstu verkefna eru skattamál, fjárlagagerð, framkvæmd fjárlaga, lánamál, eignamál og starfsmannamál ríkisins. Það gegnir einnig hlutverki fagráðuneytis gagnvart þeim stofnunum og verkefnum sem undir fjármálaráðuneytið heyra. Þar á meðal eru skatt- og töllyfirvöld og stofnanir sem annast þjónustu við ríkisaðila svo sem Fasteignir ríkissjóðs, Bankasýsla ríkisins, Framkvæmdasýsla ríkisins og Ríkiskaup. Rekstrar- og upplýsingasvið fjármálaráðuneytisins fer með rekstrar- og fjárhagsleg málefni umræddra stofnana.

Angantýr Einarsson skrifstofustjóri veitir sviðinu forstöðu og hefur gert um nokkurra ára skeið. Angantýr er stjórn málafræðingur að mennt og hefur starfað í fjármálaráðuneytinu frá árinu 1995. Hann hóf störf á starfsmannaskrifstofu ráðuneytisins árið 1995 þar sem hann sinnti ýmsum launa- og fræðslumálum. Árið 1998 hóf Angantýr störf í rekstrar- og upplýsingadeild ráðuneytisins sem staðgengill rekstrarstjóra og síðan sem rekstrarstjóri þar til hann tók við starfi fulltrúa fjármálaráðuneytisins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins í sendiráði Íslands í Brussel 2004. Þau vistaskipti stóðu yfir í tvö ár og stuttu eftir heimkomu var Angantýr skipaður skrifstofustjóri rekstrar- og upplýsingasviðs.

Tíund tók hús á Angantý og hlýddi á það sem helst er á döfinni hjá rekstrar- og upplýsingasviði ráðuneytisins.

Hvernig stóð á því að þú hófst störf í fjármálaráðuneytinu?

Ég ætlaði alltaf að verða smiður, þ.e.a.s. eftir að ég gaf upp drauminn um að verða plötusnúður í fullu starfi. Fjölskylda mín hafði lagt fyrir sig iðn- og verkgreinar og

einhvern veginn lá beint við að feta í fótspor þeirra. Ég ákvað hins vegar að gefa menntaskóla tækifæri og þar vaknaði áhuginn á stjórnámálum og þjóðmálum almennt. Ég sótti valkúrs í stjórn málafræði, sem var sniðinn að þörfum ungs fólks, með helstu kenningum, stefnumálum stjórn málaflokka, frjálsum skoðanaskiptum og kröftugum umræðum. Það varð til

”

Ég hef talið afskaplega mikilvægt að mynda góð tengsl við forstöðumenn stofnana ráðuneytisins en haga þeim samskiptum eftir þörfum hverju sinni

þess að mig langaði að kanna fræðin frekar. Ég ákvað því að nema stjórn málafræði við Háskóla Íslands og lauk BA prófi árið 1995. Mér bauðst starf í fjármálaráðuneytinu að lokinni útskrift sem ég þáði. Ég hafði í raun himin höndum tekið því þarna gafst frábært tækifæri til að komast í návígi við pólitíska ákvarðanatöku og umbætur í stjórnsýslu.

Á þessum árum var verið að móta og innleiða stefnu stjórnvalda um nýskipan í ríkisrekstri (New Public Management) með tilheyrandi breyttri og skýrari verkaskiptingu milli ráðuneyta og stofnana, nútímalegri stjórnsýslu og árangursstjórnun í starfsemi ríkisins. Töluverð áhersla var lögð á bætt starfshætti og umbæt-

ur almennt. Ég annaðist gerð leiðbeininga og kynningarefnis um launakerfi og starfsmannamál ríkisins, þ.e. fræðsluefni fyrir forstöðumenn og starfsmannastjóra um nýja starfsmannalöggjöf og nýsamþykka kjarasamninga sem fólu í sér byltingu á launamálum ríkisstarfsmanna. Mér bauðst starf staðgengils rekstrarstjóra ráðuneytisins nokkrum árum síðar og eitt leiddi af öðru.

Mér hefur alltaf líkað vel að vinna í fjármálaráðuneytinu. Ég ákvað í raun fljótlega að þarna vildi ég þroskast og læra. Ég hef líka fengið mörg tækifæri og fjölbreytt verkefni sem hjálpað hafa til. Ég hef auðvitað margoft spurt mig hvort æskilegt sé að ílengjast í ráðuneytinu og jafnoft komist að sömu niðurstöðu.

Í starfi þínu ertu fyrst og fremst að fjalla um rekstur stofnana fjármálaráðuneytisins og almennan rekstur ráðuneytisins. Hvernig ganga þau mál fyrir sig?

Eitt af meginverkefnum mínum er að annast fjárlagagerð og rekstrarlegt eftirlit með stofnunum og verkefnum ráðuneytisins. Á fjárlögum þessa árs nemur sú velta tæpum 59.000 m.kr. Þar af er velta stofnana ráðuneytisins um 13.000 m.kr. Þetta eru háar fjárhæðir og svo háar að sumum reynist erfitt að átta sig á umfangi þeirra. Til glöggvunar má nefna að það starfa um 730 starfsmenn hjá stofnunum ráðuneytisins.

Rekstrarlegt eftirlit nær til framkvæmdar gildandi fjárlaga og snýst að mestu um að fylgjast með að settum fjárhagslegum markmiðum og áætlunum sé náð. Þar kemur til kasta skrifstofustjóra rekstrar- og upplýsingasviðs. Lykillinn að árangri framkvæmdar fjárlaga er nán og góð samvinna við forstöðumenn stofn-

ana. Ég hef talið afskaplega mikilvægt að mynda góð tengsl við forstöðumenn stofnana ráðuneytisins en haga þeim samskiptum eftir þörfum hverju sinni. Í sumum tilvikum krefst sú samvinna tíðra samskipta, vikulegra og stundum daglegra, en í öðrum tilvikum eru slík samskipti fátíðari. Hafa verður í huga að stofnanir eru sjálfstæðar stjórnvaldseiningar sem reknar eru á ábyrgð viðkomandi forstöðumanns. Þeir bera því meginábyrgð á því að starfsemi og rekstur sé í samræmi við lög og reglur. Hins vegar ber ráðherra ábyrgð á starfsemi þeirra gagnvart Alþingi svo náð samráð ráðuneyta og stofnana er mikilvægt. Það er nauðsynlegt í starfi mínu að þekkja fjárhagslega stöðu stofnana, mannaflapörf og ýmis aðföng en jafnframt er mikilvægt að öðlast þekkingu á faglegum verkefnum og helstu áherslum í starfi þeirra.

Rekstur ráðuneytisins er annað meginverkefni skrifstofustjóra rekstrar- og upplýsingasviðs. Í þeim verkefnum felst m.a.

skiptir nán samvinna við ráðuneytisstjóra og aðra skrifstofustjóra ráðuneytisins höfuðmáli. Sú samvinna hefur verið til fyrirmyndar undanfarin ár.

Lækkun fjárveitinga til stofnana fjármálaráðuneytisins hefur verið töluverð undanfarin ár. Hvernig hefur gengið að fá starfsmenn til samstarfs um svo viðkvæmt málefni?

Samdráttur í starfsemi ríkisins bitnar auðvitað misþungt á borgurum landsins en hafa verður í huga að samdrátturinn bitnar ekki síður á starfsfólki ríkisins. Laun allra forstöðumanna og margra ríkisstarfsmanna hafa t.a.m. verið skert töluvert og í mörgum tilvikum vel á annan tug prósentu. Beinarnalækkunar eru algengastar en auk þess hafa ýmis starfstengd kjör verið afnumin. Eins og annað fólk í þjóðfélaginu hafa starfsmenn ríkisins ákveðnar fjárhagslegar skuldbindingar, svo sem húsnæðislán

stofnana og verkefna málaflokksins, skertur um 10% á fjárlögum ársins 2010 og allt stefnir í annan eins niðurskurð á næsta ári. Stofnunum ráðuneytisins var gert að taka fullt tillit til þessa í rekstraráætlunum sínum, þrátt fyrir að margar þeirra hafi átt uppsafnaðar fjárheimildir frá fyrri árum til að ráðstafa. Það er skemmst frá því að segja að allt útlit er fyrir að allar stofnanir ráðuneytisins verði töluvert innan þessara áætlana í árslok. Sá árangur verður fyrst og fremst þakkaður forstöðumönnum og starfsfólki umræddra stofnana.

Sameining stofnana skattkerfisins hefur hvílt á þínum herðum. Hvernig hefur þetta gengið og hvaða lærdóm telur þú að megi draga af sameiningunni?

Töluverðar breytingar hafa orðið á verkskiptingu og skipulagi verkefna á ábyrgðarsviði ráðuneytisins á undanförunum misserum. Ákveðið var að flytja gerð þjóðhagsspar og vöktun helstu hagstærða frá fjármálaráðuneytinu til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins annars vegar og Hagstofunnar hins vegar. Innheimtumál og tollgæsla á landsbyggðinni var sameinuð undir embætti tollstjórans í Reykjavík. Við það jókst umfang embættisins talsvert. Málefni Fasteignaskrár Íslands og Yfirfasteignamatnefndar voru færð undir dóms- og mannréttindamálaráðuneyti og ráðist var í sameiningu stofnana skattkerfisins undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra. Það er óhætt að segja að allar þessar breytingar eigi sín sérkenni og engri einni aðferð er hægt að beita við skipulagsbreytingar af þessu tagi. Ein mesta áskorunin var sameining stofnana skattkerfisins, ekki síst fyrir þær sakir að þar var fyrir ártuga reynsla af sjálfstæðum stofnunum, talsverður fjöldi starfsmanna, eða nálægt 300 manns, og dreifð starfsemi. Með góðum undirbúningi, samstilltu átaki ráðuneytisins og starfsfólks skattkerfisins og langri reynslu umræddra stofnana af samstarfi sín á milli má segja að vel hafi tekist til við sameininguna. Um þetta má m.a. lesa í úttekt Ríkisendurskoðunar á ferli sameiningarinnar.

Í tengslum við undirbúninginn var myndaður starfshópur til að vinna ítarlega greiningu á fýsileika sameiningarinnar. Að þeirri vinnu komu fjármálaráðuneytið, ríkisskattstjóri og skattstjórar. Niðurstöður leiddu í ljós ýmsa kosti við að sameina embættin og lagði fjármálaráðherra fram frumvarp að breytingum byggð á tillögum starfshópsins. Tillögurnar voru kynntar skattstjórum á fundum með hverjum og

”

Með góðum undirbúningi, samstilltu átaki ráðuneytisins og starfsfólks skattkerfisins og langri reynslu umræddra stofnana af samstarfi sín á milli má segja að vel hafi tekist til við sameininguna. Um þetta má m.a. lesa í úttekt Ríkisendurskoðunar á ferli sameiningarinnar

stefnumótun, fjármálastjórnun og fjárhagsleg umsýsla, starfsmannahald og starfsþróun. Þá sinnir skrifstofan einnig upplýsingatæknimálum og umbótum í starfsháttum og verklagi. Rekstrarvelta ráðuneytisins nemur rúmum 600 m.kr. og þar starfa um 65 starfsmenn. Ég kann afskaplega vel við þennan þátt í starfi mínu en verð að viðurkenna að vissulega eru miklar áskoranir nú þegar verið er að skera niður í rekstrarkostnaði ríkisins. Það kemur kannski mörgum á óvart að fjármálaráðuneytið þurfi að draga saman í sínum rekstri þrátt fyrir að hafa betri aðgang að ríkissjóði en önnur ráðuneyti og stofnanir. Staðreyndin er í raun sú að fjármálaráðuneytið þarf að ganga fram með góðu fordæmi í öllum þeim aðgerðum sem ráðuneytið leggur áherslu á gagnvart öðrum og ekki síst niðurskurði. Við stjórnun og rekstur aðalskrifstofu ráðuneytisins

og bílalan, sem þeim ber að standa skil á. Ofan á þetta hefur mér oft á tíðum fundist óvæginn og ómakleg umræða fjölmiðla í garð forstöðumanna og ríkisstarfsmanna stuðla að ákveðinni tortryggni almennings í garð þeirra. Starfsfólk ríkisins er ekki í sömu aðstöðu og flestir aðrir til að leiðrétta ýmsar áskanir og misskilning sem upp koma í oft óvandaðri almennri umræðu um störf þess, ekki síst vegna lögbundinnar þagnarskyldu og stjórnsýslu hefða. Að þessum orðum sögðum verð ég að játa að það kemur mér á óvart hversu ósérhlífir starfsmenn ríkisins eru gagnvart þeim erfiðu áskorunum sem felast í því að ná endum saman í ríkisrekstri með tilheyrandi niðurskurði og auknu álagi.

Ef horft er til þróunar fjárveitinga til stofnana og verkefna fjármálaráðuneytisins sérstaklega þá var svokallaður rammi ráðuneytisins, sem er heildarfjárveiting til



einum. Myndaður var framkvæmdahópur til þess að vinna samrunaáætlun og samhliða því starfi fóru ríkisskattstjóri og sá sem hér situr í heimsóknir á allar skattstofur landsins til að hitta starfsfólk, kynna tillögurnar og hlýða á viðbrögð fólks. Þessir fundir eru í mínum huga eftirminnlegustu viðburðirnir í sameiningarferlinu. Fyrirfram mátti búast við skiptum skoðunum starfsmanna og sú varð raunin. Margir sáu kosti og tækifæri í stöðunni og aðrir sáu galla og ógnir. Tekist var á og ýmis sjónarmið komu fram. Það sem einkenndi þó viðbrögðin voru málefnalegar umræður og eindreginn áhugi starfsfólks á því að viðhalda öflugum skattkerfi og faglegri skattfræmð. Það má segja að ákveðin vatnaskil hafi orðið daginn sem frumvarp ráðherra varð að lögum, sem af einskærri tilviljun bar upp á sama dag og haldinn var sameiginlegur starfsmannafundur með öllu starfsfólki stofnana skattkerfisins í fyrsta sinn í sögu stofnananna. Jákvæðni stjórnenda og starfsfólks skattkerfisins einkenndi alla vinnu í framhaldi af þessum fundi.

Ég verð að játa að ég er afskaplega stoltur af því að hafa tekið þátt í sameiningu umræddra stofnana og jafnframt að svo vel heppnaðar breytingar skyldu hafa átt sér

stað hjá stofnunum skattkerfisins sem státa af áratuga langri hefð og farsælli sögu. Það sem er mér þó efst í huga er viðhorf starfsfólks þessara stofnana sem lagðist á eitt um að standa eins vel að sameiningunni og unnt var. Það er ekki á neinn hallað að benda sérstaklega á þátt ríkisskattstjóra í þessu farsæla ferli. Ég þori að fullyrða að án stjórnunareiginleika hans hefðu sett markmið ekki náð fram að ganga. Ég vil jafnframt benda á að það er ekki að ástæðulausu að ýmsir þingmenn, ráðuneyti, Ríkisendurskoðun og stéttarfélag hafa bent á þann góða árangur sem náðst hefur í sameiningu stofnana skattkerfisins sem að mínu mati má fyrst og fremst þakka framlagi starfsfólks ríkisskattstjóra og skattstofa til þessa samhenta átaks.

Við sameiningu stofnana skiptir það miklu um hvernig til tekst með hvaða hætti mannaúdstjórnun er sinnt, svo sem hvort starfsmenn þurfi að færa sig til og þeim séu fengin ný verkefni. Hver eru þín viðhorf hvað þetta varðar?

Sameiningar kalla undantekningalaust á viðbrögð starfsfólks og það er ósköp eðlilegt. Um er að ræða viðkvæmar breyting-

ar á verkefnum og aðstæðum fólks. Það skiptir höfuðmáli að virkja starfsmenn með í sameiningarferlinu sem næst upphafi þess. Starfsmenn þekkja framkvæmd verkefna betur en flestir aðrir og þar með talið millistjórnendur og forstöðumenn. Það er því nauðsynlegt að sérfræðingar og aðrir starfsmenn taki þátt í að stokka upp starfsemina, greina verkefnin og forgangsraða þeim.

Leggja verður höfuðáherslu á mannaúðsmálin í samrunaferlinu og ættu forstöðumenn að eyða mestum tíma sínum í þann þátt. Funda þarf með starfsmönnum í fámennum hópum til þess að gefa þeim kost á að skiptast á skoðunum og ræða málin opinskátt. Taka þarf gagnrýni með opnum huga og ræða kosti og galla á málefnalegum nótum. Hugsanlega fylgja sameiningum breytingar á verkefnum starfsmanna og tilfærsla í starfi. Mikilvægt er að við slíkar breytingar veiti forstöðumenn starfsmönnum stuðning og nauðsynlega endurgjöf. Hafa verður í huga að þekking starfsfólks er helsti auður ríkisins. Meginhlutverk ríkisins er að veita borgurinum faglega þjónustu, annast eftirlit, löggæslu og stjórnsýslu af ýmsu tagi. Gæði og grundvöllur þessara verkefna byggist á þekkingu starfsfólks. Efnislegar

eignir ríkisins vega töluvert minna í þessu samhengi. Því skiptir höfuðmáli að viðhalda þekkingu, reynslu og starfsánægju á umbrotatímum eins og við sameiningar stofnana.

Víða hefur verið rætt um frekari sameiningar stofnana. Hver hefur verið aðkoma fjármálaráðuneytisins að þeim málum og hvað sérðu fyrir þér með framhald á sameiningu stofnana?

Að mínu mati eru alltof margar fámennar stofnanir í stjórnsýslunni. Ástæður þess má að einhverju leyti rekja til þess að settar hafa verið á fót stofnanir um einstök afmörkuð verkefni í stað þess að koma slíku fyrir í einhverjum af þeim stofnunum sem fyrir eru í kerfinu. Stundum verða stofnanir til að erlendri fyrirmynd. Fámenn íslensk stjórnsýsla gerir það hins vegar oft

og ábyrgjast ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli ýmissa sérlaga og sérreglna. Þar að auki eru sumar stofnanir svo smáar og fjárhagslega aðkrepptar að þær rúma ekki forstöðumenn sem sinna eingöngu stjórnunarskyldum.

Hægt er að ráða bót á þessum vanda með því að fækka stofnunum og stækka þær sem eftir standa. Hægt væri að sameina skyld verkefni sem nú er sinnt í nokkrum stofnunum með því að sameina þær í eina. Að auki mætti skoða þann möguleika að stórar stofnanir sinni margþættri þjónustu ríkisins og ýmsum óskyldum verkefnum, ólíkri eftirlitsstarfsemi eða fjölbreyttu stjórnsýsluhlutverki. Önnur leið væri að viðhalda faglegu sjálfstæði stofnana en færa stefnumótun þeirra til fagráðuneyta og rekstrarmál til stofnana sem annast þjónustu við ríkisaðila, svo sem Fjársýsla ríkisins, Ríkiskaupa og



”

Með því að beita stofnanir og verkefni flötum niðurskurði ár eftir ár höggvum við nærri kjarna þeirra og þau molna að lokum. Nær væri að sameina rekstur verkefna og nota það tækifæri til að greina mikilvægi og forgangsraða

að verkum að verkefnum er ekki sinnt af sama þunga og í fjölmennri erlendri stjórnsýslu.

Gerðar eru sömu grundvallarkröfur til forstöðumanna óháð stærð stofnana, þ.e. til faglegrar stjórnunar, fjárhagslegrar stjórnunar og starfsmannastjórnunar. Jafnframt eru forstöðumenn fámennra stofnana oft á tíðum lykilsérfræðingar þeirra. Algengt hefur verið að skipa sérfræðinga í embætti forstöðumanna. Það hefur m.a. verið gert til þess að viðhalda áframhaldandi sérfræðilekkingu, viðurkenna árangur af starfi viðkomandi, eða til að tryggja að til staðar sé fagleg og fjárhagsleg ábyrgð í einni og sömu stöðunni. Ég er reyndar þeirrar skoðunar, og sennilega með síðustu mótíkönnum í þeirri umræðu, að stundum geti það haft meiri þýðingu fyrir fámennar stofnanir að ráða til starfa góðan sérfræðing í starf forstöðumanns en reynslumikinn alhliða stjórnanda. Forstöðumenn slíkra stofnana bera fyrst og fremst ábyrgð á faglegru starfsemi og þurfa að standa vörð um hlutverk hennar

stofnana sem sýsla með framkvæmdir og fasteignir ríkisins. Þetta væri auðvitað fráhrifar frá þeirri stefnu að færa ákvörðunarvald og stjórnunarmóttækni nær þeim aðilum sem annast verkefni ríkisins, en í góðu samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað á alþjóðavettvangi á undanföllum árum þar sem lögð er aukin áhersla á samvinnu og samstarf aðila innan ríkisins við úrlausn flókinna mála. Ég er þeirrar skoðunar að áherslur stjórnvalda um að sameina stofnanir gagnist ríkinu betur fjárhagslega og faglegra þegar til lengri tíma er litið. Ég er jafnframt þeirrar skoðunar að það verði best gert með því að gefa þeirri vinnu góðan tíma. Óþolinmæði og bráðræði geta auðveldlega leitt til ófaglegra vinnubragða, óánægju og misheppnaðra áætlana um sameiningar.

Aðkoma fjármálaráðuneytisins í sameiningum stofnana er oftast nær út frá miðlægu hlutverki ráðuneytisins, þar sem staðið er vörð um ríkissjóð og gætt að því að markmið um fjárhags- og starfsmannamál nái fram að ganga. Aðkoma mín er

fyrst og fremst að þeim skipulagsbreytingum sem snerta málefna svið fjármálaráðuneytisins. Þar er í mörg horn að líta og verkefnin ærin. Framundan er greining á helstu verkefnum ráðuneytisins. Meðal verkefna er að endurskoða skipulag innkaupa-, framkvæmda- og fasteignamála ríkisins. Hugsanlegt er að þeim verkefnum verði betur sinnt í einni eða tveimur stofnunum í stað þriggja.

Hvaða leiðir hefur þú helst séð fyrir þér til lækkunar á rekstrar-kostnaði íslenska ríkisins?

Það eru ákveðnar væntingar um að niðurskurður bitni ekki á þjónustu ríkisins og leiði ekki til uppsagna starfsfólks. Fjárveitingar til stofnana eru sem sagt skertar en gerð krafa um óbreytt þjónustustig og að staðinn verði vörður um störf. Þetta kallar á breytta hugsun og nýjar lausnir.

Ég tel að ein mikilvægasta áskorun stjórnvalda og embættismanna felist í forgangs röðun verkefna þar sem viðurkennt er að sum verkefni séu mikilvægari en önn-



ur. Ég tel að ríkið sem heild og sameiginlegur vinnuveitandi þurfi að forgangsraða verkefnum sínum. Það nægir ekki að ráðuneyti og stofnanir geri það innan eigin málaflokka heldur verður slík forgangsröðun að ganga þvert á ríkisstarfsemina. Sjálfstæði ráðuneyta kemur að vissu leyti í veg fyrir að slík forgangsröðun eigi sér stað og m.a. þess vegna er æskilegt að sameina ráðuneyti. Til að slík forgangsröðun gangi eftir gæti verið nauðsynlegt að auka almennar lagaheimildir til að færa starfsfólk á milli ráðuneyta og stofnana ríkisins. Ef ríkið sem einn vinnuveitandi ákveður að leggja sérstaka áherslu á ákveðin verkefni í tímabundu átaki gæti reynst hagkvæmt að flytja til starfsfólk tímabundið meðan á átakanu stendur. Mestur sparnaður felst í því að hætta kostnaðarsömum verkefnum. Með því að beita stofnanir og verkefni flötum niðurskurði ár eftir ár höggvum við nærri kjarna þeirra og þau molna að lokum. Nær væri að sameina rekstur verkefna og nota það tækifæri til að greina mikilvægi og forgangsraða. Slík-

ar sameiningar geta jafnframt leitt til betri þjónustu, faglegri vinnubragða og jafnara vinnuálags. Þá tel ég að aukið framboð á rafrænni þjónustu ríkisins, eins og skatturinn hefur verið í fararbroddi fyrir, geti lækkað rekstarkostnað ríkisins heilmikið. Loks er mikilvægt að meta hvort nauðsynlegt er að kaupa allar þær vörur og alla þá þjónustu sem keypt er í dag. Það þarf ekki síður að forgangsraða þessari þörf ríkisins og standa vel að öllum innkaupaferlum.

Eru einhverjar jákvæðar hliðar starfs þíns?

Þú meinar til viðbótar við launin og langan vinnutíma? Ég fæ jú að starfa við það sem mér þykir áhugavert eins lengi ég hef úthald til og fæ að auki greitt fyrir.

Heilt á litid tel ég flestar hliðar starfs míns jákvæðar. Mesta reynslu hef ég af rekstri, fjármálum og starfsmannamálum en fjölbreytt verkefni og þýðing þeirra fyrir þjóðarhag gerir starfið enn áhuga-verðara. Ólíkt mörgum starfsfélögum okkar í nágrannaríkjunum verður varla

sagt um starfsmenn íslenskrar stjórnarsýslu að þeir festist í sérhæfðum og einsleitum verkefnum. Rekstrar- og upplýsingasvið starfar þvert á fjármálaráðuneytið og þess vegna rata ýmis verkefni, sem ekki er hægt að fella undir fagskrifstofur ráðuneytisins, á verkefnalista minn. Meðal slíkra verkefna má nefna stefnumótun í málefnum fatlaðra, loftslagsmál, Evrópusambands-umsókn, varnarmál, upplýsingamál og ýmis mál af ólíkum toga.

Samvinna við starfsfólk ráðuneytisins hefur einnig gefið mér afskaplega mikil. Það er starfsfólkið sem myndar góða vinnustaðameningu og ræður úrslitum um starfsandann. Verkefni geta vissulega haft áhrif þar á en skemmtileg verkefni geta orðið mjög leiðinleg í samvinnu sem einkennist af neikvæðum samskiptum. Með sama hætti geta erfið verkefni orðið töluvert auðveldari í samstarfi sem einkennist af góðum starfsanda. Í ráðuneytinu ríkir jákvætt og þægilegt andrúmsloft sem drifið er áfram af starfsfólkinu sjálfu.

Sjómannaafsláttur

Sjómannaafsláttur er nefndur sá skattafláttur sem kemur til frádráttar reiknuðum tekjuskatti launamanns af launum fyrir sjómannsstörf. Segja má að þessi afsláttur hafi í meginatriðum haldist óbreyttur frá því hann komst í núverandi form, eða síðastliðin 23 ár, þótt nokkrar lagfæringar eða breytingar hafi verið gerðar, meðal annars vegna lögskráningar og ákvörðunar dagafjölda á smábátum, auk breytinga varðandi orlofs- og veikindarétt. Einnig má nefna að rétturinn hefur verið víkkaður út til nokkurra aðila sem stunda sjómannsstörf sem ekki eru hefðbundin eins og manna sem starfa á dráttarbátum og hafnsögubátum.



Rósa Helga
Ingólfssdóttir

Sögulegt yfirlit skattafrádráttar vegna sjómannsstarfa

Fyrir tíma sjómannaafsláttar eins og hann er nú var um að ræða ýmsar heimildir til frádráttar frá tekjum til handa þeim sem unnu sjómannsstörf. Upphaf þess að slíkur frádráttur var heimilaður má rekja til ársins 1954 en þá var lögfest heimild til frádráttar, annars vegar vegna kaupa á hlífðarfatnaði og hins vegar kaupa á fæði. Frádráttur vegna hlífðarfatnaðar náði til slysatryggðra fiskimanna, þó ekki allra í áhöfn togara, og fæðisfrádrátturinn náði einungis til þeirra sjómanna á fiskiskipum sem þurftu að sjá sér fyrir fæði sjálfir. Árið 1957 var frádráttur vegna kaupa á hlífðarfatnaði aukinn þannig að hann tók til allra skipverja á togurum og þá var einnig tekinn upp svokallaður sérstakur frádráttur sem náði til allra fiskimanna. Með lagabreytingu árið 1967 voru þessir frádráttarliðir víkkaðir út enn frekar og þá látnir ná til allra sjómanna en ekki eingöngu fiskimanna eins og áður hafði verið. Með lögum nr. 7/1972 var svo tekinn upp nýr frádráttur sem var 8% af launum. Tók hann í upphafi einungis til sjómanna á fiskiskipum en var ári síðar, með lögum nr. 60/1973, einnig látinn taka til hlutaráðinna landmanna sem fengu þá einnig heimildina til frádráttar vegna

kaupa á hlífðarfatnaði og sérstaka frádráttinn eins og fastráðnir sjómenn höfðu haft frá 1967. Fiskimannafrádrátturinn hækkaði svo í 10% á árinu 1975 og síðan í 12% árið 1984. Árið 1978 voru frádráttur vegna hlífðarfatnaðar og sérstaki frádrátturinn síðan sameinaðir í einn sjómannafrádrátt sem tók þá til allra sjómanna og hlutaráðinna landmanna en fæðisfrádrátturinn hélst óbreyttur. Með lögum nr. 9/1985 var fiskimannafrádrátturinn einnig látinn

ili og í fjórða lagi sérstök launahækkun til sjómanna eða hluta þeirra í tengslum við kjarasamninga. Árið 1987 voru allir þessir frádrættir lagðir niður og í staðinn kom sjómannaafsláttur þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp árið 1988. Munurinn á sjómannafrádrætti og sjómannaafslætti er einkum sá að frádrátturinn kom til lækkunar á tekjustofni áður en skattur var reiknaður en afslátturinn kemur til lækkunar á reiknuðum tekjuskatti.

”

Á hinn bóginn hafa komið fram þau sjónarmið að með því að veita einni starfsstétt tiltekinn skattaflátt umfram aðra sé í rauninni verið að mismuna gjaldendum

taka til sjómannastarfa um borð í skipum sem ekki voru fiskiskip.

Svo virðist sem að fjórar meginástæður hafi legið að baki upptöku á skattafrádrætti eða skattaflætti til handa sjómönnum. Í fyrsta lagi var kostnaður sjómanna vegna hlífðarfata töluvert umfram það sem aðrir launþegar þurftu að bera vegna eðlis starfsins, í öðru lagi var um að ræða ívilnun til þeirra sem sáu sér sjálfir fyrir fæði, í þriðja lagi var talið að töluverður aukakostnaður skapaðist vegna langra fjarvista frá heim-

Sjómannaafsláttur og lögskráning sjómanna

Réttur til sjómannaafsláttar er bundinn við lögskráningu í skipsrúm, sbr. lög nr. 35/2010 (áður lög nr. 43/1987). Jafnframt eiga hlutaráðnir beitningarmenn sem ráðnir eru samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti rétt á sjómannaafslætti. Þau skip sem ekki veita rétt til sjómannaafsláttar eru meðal annars dráttarbátar og -skip, dýpkunarskip, skip eða prammar til þangskurðar, tollbátar og skip eða bátar tengdir fiskeldisstöðvum. Samkvæmt lögum nr. 35/2010, um lögskráningu sjómanna (áður lög nr. 43/1987), skal skipstjóri sjá til þess að allir skipverjar sem eru ráðnir til starfa um borð í skipi skráðu hér á landi séu lögskráðir í skipsrúm. Jafnframt að þegar veru skipverja um borð lýkur skal skipstjóri sjá til þess að viðkomandi sé lögskráður úr skipsrúmi. Með nýju lögnum um lögskráningu sjómanna nr. 35/2010, sem tóku gildi 1. nóvember sl., er nú skylt að lögskrá áhafnir allra skipa sem gerð eru út í atvinnuskyni. Það þýðir að nú þarf í fyrsta skipti að lögskrá sjómenn á smábátum sem eru undir 20 brúttótonnum en í eldri lögum var einungis skylt að lögskrá sjómenn á bátum sem voru 20 brúttótonn og stærri.

Hér áður fyrr voru það svokallaðir lögskráningarstjórar sem önnuðust skráninguna en með nýju lögunum var skráningin færð yfir á skipstjóra eða útgerð eða til Siglingastofnunar kjósi útgerðin að lögskrá ekki sjálf. Lögskráningin fer fram í gegnum lögskráningarkerfi hjá Siglingastofnun Íslands með rafrænum hætti. Markmið laganna um lögskráningu sjómanna, lög nr. 35/2010 (áður lög nr. 43/1987), er að tryggja að skipverjar hafi gild skírteini til þess að starfa um borð í skipi, að skip hafi gilt haffærisskírteini og að lögboðin áhafnartrygging sé í gildi. Þá er það einnig markmið laga þessara að tryggja sönnun fyrir því hverjir séu um borð í skipi hverju sinni og að siglingatími skipverja sé skráður.

Við ákvörðun sjómannaafsláttar er það dagafjöldinn sem ræður, það er lögskráðir dagar, úthaldsdagar og ráðningardagar. Séu þessir dagar að lágmarki 245 á ári eða fleiri skal sjómaður njóta sjómannaafsláttar í 365 daga. Séu þeir færri en 245 skal afslátturinn vera hlutfallslegur þannig að hver dagur er reiknaður til sjómannaafsláttar með margfeldinu 1,49 en dagar geta þó aldrei verið fleiri en hann er ráðinn til sjómannsstarfa. Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum skal, við ákvörðun

dagafjölda sem veitir rétt til sjómannaafsláttar, miða við þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti, þó aldrei fleiri daga en þann fjölda daga sem eru reiknaðir til afsláttar hjá sjómönnum á viðkomandi línubáti.

Útgerðaraðila er skylt að halda skrá yfir lögskráningardaga sjómanns og ráðningartíma hans og afhenda upplýsingar um þá til skattýfirvalda í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Oftast er það gert í formi launamiða sem skila skal inn til ríkisskattstjóra í upphafi hvers árs vegna ársins á undan. Þá sendir Siglingastofnun einnig inn upplýsingar um lögskráningardaga til ríkisskattstjóra á sama tíma og eru þær upplýsingar forskráðar inn á greinargerð um sjómannaafslátt sem fylgir skattframtali þeirra sem eiga rétt á sjómannaafslætti. Mjög mikilvægt er að þessar upplýsingar sem berast ríkisskattstjóra bæði frá útgerðaraðilum og Siglingastofnun séu nákvæmar svo útreikningur á sjómannaafslætti í álagningu hvers árs sé réttur. Ríkisskattstjóri hefur síðan eftirlit með því að sjómanna dagar séu taldir fram samkvæmt reglum og að útreikningur afsláttar sé réttur.

Afnám sjómannaafsláttar

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins, skal fjárhæð sjómannaafsláttar fara stíglækkandi næstu þrjú árin frá með tekjuárinu 2011. Á tekjuárinu 2010 sem kemur til álagningar á árinu 2011 er sjómannaafsláttur 987 kr. á dag en mun verða 740 kr. í álagningu 2012 (tekjuár 2011), 493 kr. í álagningu 2013 (tekjuár 2012) og að lokum 246 kr. í álagningu 2014 (tekjuár 2013). Hann mun svo falla niður frá og með 1. janúar 2014.

Mikið hefur verið rætt í gegnum árin um afnám sjómannaafsláttar og hafa mörg verkalýðsfélög fordæmt þessa lagasetningu. Á hinn bóginn hafa komið fram þau sjónarmið að með því að veita einni starfsstétt tiltekinn skattaflátt umfram aðra sé í rauninni verið að mismuna gjaldendum, sérstaklega í ljósi þess hversu mikið sjómennska hefur breyst á síðustu áratugum og raunar atvinnulífið allt. Þá hafa verið uppi vangaveltur um hvort bæta eigi sjómönnum það augljósa tekjutap sem hlýst af þessu. Ekki er þó sátt um hvernig það skyldi gert en hitt er ljóst að sérstakur skattafrádráttur eða afsláttur til sjómanna mun heyra sögunni til þann 1. janúar 2014.



„Hrævældar“, málverk Sveins Björnssonar frá 1966 sýnir sjómenn að störfum.



Guðmundur Guðbjarnason

Skattframkvæmd fyrir á árum

- Fyrsti hluti -

Skattstofa Reykjaness frá 1969 til 1976

Grein þessari er ætlað að lýsa vinnubrögðum og vinnuferli við álagningu skatta og endurskoðun skattframtala á skattstofu Reykjanesumdæmis á þeim árum sem ég starfaði þar. Þeir sem vinna nú í tölvuvæddu umhverfi skattkerfisins eiga eflaust erfitt með að ímynda sér hvernig var að annast álagningu opinberra gjalda og eftirlit með skattskilum hér áður fyrir þegar ekki var stuðst við tölvur og rafræna úrvinnslu gagna eins og er í dag.

Skattstofa Reykjanesumdæmis hafði alla þriðju hæð húsnæðis Sparisjóðs Hafnarfjarðar að Strandgötu 8-10 til umráða.

Þegar ég tók við starfi skrifstofustjóra á skattstofu Reykjanesumdæmis í febrúar 1969 hafði ég starfað við embætti ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar í liðlega eitt og hálf ár. Umskiptin voru mikil. Ég hafði kynnst í starfi mínu hjá ríkisskattstjóra þeim þáttum skattamála sem voru deilumál milli skattstjóra og skattaðila og voru til úrskurðar hjá ríkisskattanefnd. Ríkisskattstjóri var þá formaður nefndarinnar. Á skattstofunni sá ég fljótt hvað starfsfólkið var í miklu návígi og milliliðalaus sambandi við skattgreiðendur. Ég líki þessu við það að skattstofan sé framhlið skattkerfisins en embætti ríkisskattstjóra bakhjarl þess.

Skipulag skattálagningar

Skipta má skipulagi skattálagningar frá upphafi á þrjú tímabil. Fyrsta tímabilið er frá upphafi skattálagningar tekjuskatts fram að skattkerfisbreytingunni árið 1962. Á þessu tímabili voru skipaðir skattstjórnarar í þeim fáu sveitarfélögum sem höfðu kaupstaðarréttindi en þriggja manna skattanefndir voru í hreppum landsins, en í þeim sátu hreppstjóri og einn maður tilnefndur af sýslumanni og annar af hreppsnefnd. Álagningin var handunnin.

Annað tímabilið er frá árinu 1962 til 1980. Upphaf þess er markað með stofnun níu skattumdæma og voru níu skattstjórnarar skipaðir og embætti ríkisskattstjóra sett á stofn. Tölvukerfi SKÝRR var notað til skráningar skattstofna og útreiknings skatta, útgáfu álagningar- og innheimtuseðla og prentunar skattskrár.

Þriðja tímabilið er frá 1980 til loka 2009 en þau þáttaskil urðu í upphafi árs 2010 að landið varð eitt skattumdæmi. Í upphafi þessa tímabils tóku við ný róttæk lög um tekjuskatt og eignarskatt með nýjum skilgreiningum á tekjum og eignum, m.a. með upptöku á verðbólguþrengingsskilum í atvinnurekstri, endurmati og framreikningi á stofnverði eigna og ákvörðun söluhagnaðar hjá einstaklingum. Þá hófst tölvuöldin með því að einmenningstölvur héldu innreið sína á skattstofunnar, fyrstu árin aðeins til að skrá alla fjárhagslega reiti framtals í stað niðurstöðutalna eigna, skulda, tekna og frádráttar, og síðar til bréfaskrifta og nánari úrvinnslu fjárhagslegra upplýsinga sem enn er í þróun.



Skattgrunnskrá

Undirbúningur framtalsskila og álagningar hófst með því að Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, útbjó skattgrunnskrá einstaklinga eftir sveitarfélögum í samræmi við skráð lögheimili þeirra 1. desember árið á undan álagningu og voru framtalseyðublöðin árituð í SKÝRR í samræmi við þá skráningu. Lagði embætti ríkisskattstjóra mikla áherslu á að skráin væri sem réttust, m.a. með því að greiða fyrir þá aukavinnu sem Hagstofan þurfti að inna af hendi til að verða við ósk skattkerfisins um að ljúka tímanlega réttari skráningu einstaklinga, en Þjóðskrá var aðeins uppfærð einu sinni á ári miðað við 1. desember. Þessi viðmiðunardagsetning stóð óbreytt þar til við álagningu 2007 en þá var henni breytt með lögum í 31. desember. Var breytingin möguleg vegna þess að verulegar tæknilegar framfarir höfðu átt sér stað með samtímaskráningu á lögheimili fólks og reglulegri uppfærslu Þjóðskrár.

Skattgrunnskrá félaga, þ.e. lögaðila, urðu skattstjórnarar sjálfir að uppfæra árlega, m.a. með því að bæta við nýjum lögaðilum sem stofnaðir voru á árinu samkvæmt upplýsingum úr Lögbirtingablaðinu og fella afskráð félög niður. Þar sem ekki var hægt að treysta á að fólk tilkynnti búsetuflutninga til Þjóðskrár fyrir en löngu eftir flutning, ef það var þá gert, beitti Hagstofan m.a. skattkerfinu fyrir sig til að leiðrétta lögheimili einstaklinga. Það fór þannig fram að strax upp úr áramótum, þegar Þjóðskrá hafði fært upp skattgrunnskrá, sáu starfsmenn skattstofa um að dreifa árituðum framtölum persónulega í bæjarfélagi skattstofanna, en umboðsmenn skattstjóra sem voru einn í hverju sveitar-

félagi, sáu um dreifingu skattframtala í sínu sveitarfélagi. Ef viðkomandi einstaklingur eða hjón voru ekki búsett í því húsi sem áritunin sagði til um var rétt heimilisfang skrifað á framtalið, ef það fékkst uppgengið, en ef ekki var framtalið sent Þjóðskrá ásamt öllum öðrum framtölum sem ekki gengu út. Þjóðskrá reyndi þá að hafa upp á búsetu viðkomandi einstaklinga eða hjóna og leiðrétta lögheimilið ef unnt var.

Útsending og móttaka skattgagna

Í byrjun árs voru önnur skattgögn, þ.m.t. launamiðar og hlutafjármiðar, send út til útfyllingar til félaga og einstaklinga í atvinnurekstri sem taldir voru hafa greitt laun á árinu. Skilaskylda þessara gagna var til og með 19. janúar og var miðað við að launþegar gætu fengið eintak þeirra til að telja fram eftir. Almennur skilafrestur launþega var til 31. janúar en frestur þeirra sem höfðu með höndum atvinnurekstur var til loka febrúar. Skattstjórnarar gátu veitt atvinnu- mönnum í framtalsaðstoð lengri skilafrest að framkominni beiðni allt fram á vor.

Lögð var mikil áhersla á að öll undirbúningsvinna á skattstofunni stefndi að því að yfirferð skattframtala gæti hafist sem fyrst og grundvöllur þess var að launagreiðendur sendu launamiða til skattstofunnar og til launþegans eigi síðar en 19. janúar. Hófst þá símhringingar frá skattstofunni til launagreiðenda sem voru í vanskilum strax eftir 20. janúar því mikið lá við. Launþegar treystu á þessar upplýsingar við framtalsgerð sína og höfðu það að afsökun að skila of seint eða vantelja tekjur að launamiði hefði ekki borist innan tímafrests.

Launamiðar voru í þríriti og koma mátti þremur nöfnum á hverja örk. Fyrsta og annað eintak var sent til skattstjóra en þriðja eintakið klippti launagreiðandi niður og sendi viðkomandi launþega til upplýsinga við framtalsgerð sína. Á skattstofunni var afritið aðskilið og það ásamt samtölublaði, sem síðar var kallað launafamtal, var grunnurinn að álagningu gjalda sem byggðust á launaupplýsingum. Frumritið var skorið niður til að raða inn í framtöl viðkomandi skattaðila eða það sent í annað skattumdæmi ef viðkomandi var þar með lögheimili.

Deildir skattstofunnar

Skattstofunni var skipt í þrjár deildir. Í launþegadeild fór undirbúningur álagningar og endurskoðun á framtölum launþega fram. Framtölin voru geymd í appelsínugulum möppum eða í rauðu eins og við kölluðum það. Í rekstrardeild fór undirbúningur álagningar og endurskoðun á framtölum einstaklinga með atvinnurekstur fram. Framtölin voru geymd í grænum möppum. Álagning og endurskoðun framtala lögaðila fór einnig fram í rekstrardeild. Framtöl þeirra voru í rauðbrúnum möppum. Svo var það söluskattsdeild þar sem álagning söluskatts fór fram og einnig álagning launaskatts og ýmissa tryggingagjalda sem reiknuð voru út frá launum. Öllum gögnum var raðað eftir sveitarfélögum og í nafnnúmeraröð.

Skipulag framtalsmappa

Framtalsmökkum einstaklinga og hjóna (sambúðarfólk var ekki samskattað á þessum tíma) var raðað í nafnnúmeraröð eins og það var kallað, sem Þjóðskrá gaf hverjum og einum einstaklingi 12 ára og eldri. Nafnnúmerin voru átta tölustafir í tveimur fjögurra stafa talnarunum. Fyrri hluti nafnnúmersins fór eftir stafrófsröð og eftir því sem árin liðu varð erfiðara fyrir Þjóðskrá að halda þeirri reglu vegna þrengsla í nafnnúmeraröðinni, m.a. vegna breytinga á nafngjöf barna, þ.e. þegar tiskunöfn urðu allsráðandi. Dæmi voru um að nafnnúmer látins fólks væru endurnotuð. Að lokum sprakk kerfið og kennitalan tók við en hún byggist á fæðingarnúmeri viðkomandi. Nafnnúmerakerfinu fylgdi sá galli að maður sem skírður var tveimur nöfnum og skipti út fyrra nafni sínu sem aðalnafni fyrir seinna nafnið fékk nýtt nafnnúmer. Ef um eiginkonu eða börn innan 16 ára var að ræða varð að koma fram á launamiða og öðrum skattgögnum, auk nafnnúmers hennar, nafnnúmer eiginmanns, enda var framtal hjóna á nafni og nafn-

númeri eiginmanns. Félögum voru gefin nafnnúmer á skattstofunni en það voru sex tölustafir í tveimur þriggja stafa talnarunum. Það fyrirkomulag hélst til 1970 er fyrirtækjaskrá Hagstofunnar var sett á stofn og gaf þá öllum félögum, skattskyldum sem óskattskyldum, átta stafa nafnnúmer.

Mikil vinna fólst í því að útbúa möppur fyrir alla nýja á skattgrunnskrá einstaklinga, þ.e. aðila sem voru 16 ára á tekjuárinu, þá sem fluttu inn í umdæmið eða vegna breyttrar hjúskaparstöðu kvenna (gifting eða skilnaður). Taka varð út möppur látinna einstaklinga og útbúa möppur fyrir dánarbú ef eignir voru í búinu svo og möppur þeirra sem fluttu í annað umdæmi eða erlendis. Þegar einstaklingur flutti milli skattumdæma var

”

Á þessum tíma var atvinnurekstur almennt rekinn á ábyrgð einstaklinga, jafnvel stór atvinnurekstur eins og útgerð stórra fiskiskipa. Fjöldi einstaklinga í atvinnurekstri var því mikill

síðasta framtal hans sent til viðkomandi umdæmis til að skattstjóri hefði samburð milli ára. Möppur þeirra sem fluttu erlendis voru settar til hliðar vegna framtalskyldu þeirra á brottflutningsári svo og skattskyldu þeirra vegna eignar og tekna af þeim eftir brottför af landinu. Allir nýir skattaðilar fengu fyrst rauða möppu með árituðum límmiða frá SKÝRR en skipt var yfir í græna möppu þegar innkomið framtal bar með sér að viðkomandi væri í atvinnurekstri. Þessi vinna gat staðið yfir allt árið vegna sífelldra síðbúinna breytinga hjá Þjóðskrá á lögheimili fólks.

Framtölum og launamiðum, svo og öðrum skattgögnum, var stungið inn í möppu framteljandans. Yfirleitt voru þrjár árgangar inni í möppu launþegans, þ.e. tveir árgangar voru fyrir þegar nýjasta framtalið kom en fjórir árgangar í möppu atvinnurekstrarmanns. Möppunum var síðan komið fyrir í kössum í nafnnúmeraröð og þeim raðað í hillur eftir sveitarfélögum.

Samanburður launamiða og undirbúningur álagningar

Það hafði verið lenska áður fyrir að framteljendur vönduðu ekki til framtalskila og ætluðust til að færðar væru inn á framtalið upplýsingar um tekjur og eignir sem skattstofum eða skattanefndum bærust um viðkomandi. Skattanefndir höfðu nokkuð rýmri heimildir til að breyta framtali en skattstjórar hafa í dag, sbr. reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt frá árinu 1955. Við kerfisbreytinguna 1962 var það því mikið átak að fá framteljendur til að telja fram réttar fjárhæðir launa og annarra tekna, frádráttar, eigna og skulda. Megináhersla skattendurskoðandans var því á að bera saman launamiða og framtal fyrir álagningu. Þegar fram kom mismunur eða óframtalin fjárhæð var viðkomandi sent bréf og krafist skýringa og viðurlögum bætt við mismuninn reyndist hann réttur. Þetta varð til þess að framtalskil fóru batnandi að þessu leyti með árunum þannig að til undantekninga var að þessum upplýsingum bæri ekki saman.

Á þessum árum varð mikil fólksfjölgun í skattumdæminu, þ.e. í Kópavogi og Garðabæ, sem þá var hreppur, og í Hafnarfirði án þess að viðeigandi fjölgun yrði á starfsfólki skattstofunnar. Af þessum ástæðum varð að taka upp annað skipulag á undirbúningsvinnunni þótt það kæmi niður á gæðum yfirferðar á framtali fyrir álagningu. Í stað þess að láta skattendurskoðendur bera saman launamiða og framtöl var almennt aðstoðarfólki falið að bera þessi gögn saman með því að haka við fjárhæðir á launamiða og samsvarandi launafjárhæð á framtali um leið og þeim var stungið inn í möppu framteljandans. Ef fjárhæðir stemmdu ekki var framtalið lagt á borð skattendurskoðanda til afgreiðslu. Var slík breyting iðulega tilkynnt sem 95. gr. breyting þótt strangt til tekið ætti fyrst að senda fyrirsparnarbréf. Þannig sparaðist dýrmætur tími í álagningarvinnunni og hjá skattendurskoðandanum til að sinna öðrum brýnum störfum við álagninguna. Það var ekki lögð áhersla á að ljúka þessari samburðarvinnu fyrir álagningu því fyrir lá að allir launamiðar sem ekki voru í möppu voru ósamanbornir við framtal.

Ég vissi að ýmsum skattstjórum þóttu þetta vera óverjandi vinnubrögð. Þeir litu svo á að framtal sem ekki hafði verið borðað saman við innsendan launamiða væri nánast óendurskoðað, jafnvel þótt önnur atriði sem blöstu við á framtalinu og voru athugasemdir væru ekki skoðuð eða þar gerð athugasemd við fyrir álagningu. Hversu vanabundinn þessi samburður

Skattstjórar voru sjálfstæðir staðbundnir embættismenn fram til ársins 2009.

Á starfstíma Guðmundar var Sveinn Þórðarson skattstjóri í Reykjanesumdæmi, hann er er annar frá hægri í neðri röð. Á myndinni sem tekin er 1985 eru í efri röð: Garðar Valdimarsson þá skattrannsóknarstjóri, Hreinn Sveinsson skattstjóri Suðurlandsumdæmis, Bjarni Björgvinsson skattstjóri Austurlandsumdæmis, Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri Norðurlandsumdæmis vestra, Ingi Tómas Björnsson skattstjóri í Vestmannaeyjum, Gestur Steinþórsson skattstjóri í Reykjavík, Ólafur Helgi Kjartansson skattstjóri á Vestfjörðum. Neðri röð: Jón Eiríksson skattstjóri Vesturlandsumdæmis, Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri, Sveinn Þórðarson skattstjóri í Reykjanesumdæmi, Hallur Sigurbjörnsson skattstjóri í Norðurlandsumdæmi eystra. Þeir sem sitja í neðri röð eru nú allir látnir.



milli „frumrits og afrits launamiða“, var eins og ráðuneytisstjóri komast að orði á einum skattstjórafundum þegar rætt var um nýjar áherslur við álagningu framtala, kom greinilega fram þegar ég heimsótti allar skattstofur á árinu 1984 til að fylgja eftir nýjum vinnubrögðum með ábendingaskrá og vélrænum samanburði launasamdráttarmiða og framtals. Þá var enn verið að haka við einstakar fjárhæðir á tölvuunna samdráttarmiða launauppgjafar og stemma við fjárhæðir á framtali, þrátt fyrir að samtölu samdráttarmiða og samtölu launa á framtali bæri saman og engin athugasemd um launamismun hefði komið fram í ábendingaskrá.

Í framhaldi af framangreindri breytingu á samanburði launamiða og framtals fyrir álagningu varð aðaláherslan á að skoða önnur atriði framtals eingöngu eftir reglum 95. gr. laganna, sem þá var 37. gr. þágildandi skattalaga. Samkvæmt þeirri grein er heimilt að leiðrétta augljósar villur og ber að tilkynna um það við birtingu álagningar. Ef athugunin leiddi til vinnureglu samkvæmt 96. gr., sem þá var 38. gr. laganna, var henni frestað þar til eftir álagningu. Vinnuregla 96. gr. krefst þess að fyrst sé sent út fyrirspurnarbréf til skattaðila og honum gefinn kostur á andsvörum en síðan tilkynningarbréf samkvæmt framangreindri reglu 95. gr. við birtingu álagningar ef svar leiddi til breytinga.

Segja má að þessi háttur á undirbúningi álagningar hafi verið undanfari þess sem tekið var almennt upp eftir kerfisbreytinguna 1980. Þá var tekin upp svokölluð álagningarskoðun sem hafði það markmið að gera framtölin hæf til álagningar með aðstoð vélrænnar (þ.e. rafrænnar) úrvinnslu innri sem ytri upplýsinga á skattstofunum.

Þegar gengið var frá framtali til skráningar í SKÝRR var tilkynningarbréf skrifað ef framtali var breytt en bréfin voru ekki dagsett og pósthöfð fyrr en við útkomu skattskrár. Ef bréfin hefðu verið send út jafnóðum og framtölin voru afgreidd hefði mátt búast við fyrirspurnum og heimsóknnum framteljanda á skattstofuna til að ræða málin við skattendurskoðann sem hafði þá yfirdrifið nóg á sinni könnu.

Á þessum tíma var atvinnurekstur almennt rekinn á ábyrgð einstaklinga, jafnvel stór atvinnurekstur eins og útgerð stórra fiskiskipa. Fjöldi einstaklinga í atvinnurekstri var því mikill. Sami háttur var hafður við yfirferð framtala þeirra og launþegaframtala en til viðbótar var skoðun á ársreikningi sem fylgdi framtali. Reynt var að yfirfara hann í fljótheitum og gera athugasemdir við mjög áberandi frádráttarliði á rekstrarreikningi þótt það kallaði á meðferð skv. 96. gr. Rekstrarframtölin voru alltaf síðbúin, bæði var framtalsfrestur lengri og svo mátti nýta þann tíma sem launþegaframtölin voru í skráningu hjá SKÝRR. Meðan verið var að skrá rekstrarframtöl einstaklinga í SKÝRR var farið yfir framtöl lögaðila á sama hátt en þó varð að takmarka sig við meðferð skv. 95. gr. þar sem enginn svartími var fyrir hendi til að senda út bréf skv. 96. gr.

Þegar framangreindri undirbúningsvinnu við framtal var lokið var því stungið inn í fyrrnefnd geymslubox og þau keyrð til SKÝRR í Reykjavík þar sem niðurstöðutölur eigna, skulda, tekna og frádráttar voru skráðar í tölvukerfi þeirra, fyrstu árin á gataspjöld en síðan rafrænt. Að lokum voru tekjur og eignir áætlaðar á þá framteljendur sem ekki höfðu lagt fram framtal til álagningar. Það var vinnuregla að við

álagningarskoðun væri notaður rauður penni við að skrifa inn á framtalið athugasemdir og breytingar skattendurskoðanda en við skoðun framtala eftir álagningu var notaður grænn penni. Þannig var auðvelt að átta sig á því á augabragði hvort breyting hefði verið gerð fyrir eða eftir álagningu.

Gjald dagar opinberra gjalda

Allt þar til staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp 1988 var um að ræða álagningu á tekjur ársins áður sem menn greiddu á álagningarárinu. Fyrst var um að ræða greiðslu á fimm gjalddögum, febrúar til og með júní, þar sem mánaðarleg fjárhæð var tiltekið hlutfall álagningar ársins áður, og síðan eftirstöðvar álagningar og fyrirframgreiðslu á fimm gjalddögum, ágúst til og með desember. Skuldlausir menn gátu því leyft sér ýmsan munað í skattlausu mánuðunum janúar og júlí. Það var því mikið keppikefli að ljúka álagningu bæði á einstaklinga og félög tímanlega og birta í júlí til að hefja mætti greiðslu eftirstöðva 1. ágúst. Því var mikið álag á starfsfólk skattstofunnar og gífurleg yfirvinna unnin svo ljúka mætti nauðsynlegum undirbúningi til að birting skattskrár gæti farið fram á réttum tíma.

Flokkabók

Rekstrardeild lagði einnig á aðstöðugjald sem rann til sveitarfélaga. Gjaldstofn þess voru rekstrarútgjöld í atvinnurekstri en sérstakt aðstöðugjaldsframtal var ekki lögskipað fyrr en 1980. Stofn til aðstöðugjalds og álagningarhlutfall var því fært á framhlið framtals og þær upplýsingar skráðar í SKÝRR. Samhliða skráningu þessara atriða var framtalið kódamerkt og skráð með þriggja stafa tölu eftir starf-

semi viðkomandi, t.d. trésmiður, múrari, læknir, apótek eða matvöruverslun o.þ.h., en atvinnumerking Hagstofunnar þótti ónákvæm í þeim tilgangi sem kódamerkingunni var ætlað að sinna. Þetta var í rauninni mjög einfalt kerfi án fjárhagslegra upplýsinga. Skráin gekk undir heitinu flokkabók. Auðveldaði þessi flokkabók mjög alla endurskoðun eftir álagningu á atvinnurekstrarframtölum þar sem auðvelt var að taka saman til skoðunar alla sem voru með sömu starfsemi. Einnig auðveldaði það eftirlit með samanburði á álögðum söluskatti og endanlegum söluskatti samkvæmt rekstrarreikningi sem rekstrardeild annaðist. Framtöl voru oft á tíðum á ferð og flugi um skattstofuna eða hjá ríkisskattaneftnd vegna kæru þannig að án flokkabókarinnar og merkinga í hana hefði verið erfitt að fylgja því eftir hvaða framtöl fengu endurskoðun eftir álagningu og hvers konar skoðun. Þessi svo til einfalda skráning og flokkun atvinnurekstrar eftir eigin formúlu skattstofunnar var nánast alfa og ómega endurskoðunar atvinnurekstrarins.

Birting álagningar

Þegar álagningu var lokið og áður en hún var birt almenningi var endurskoðendum og öðrum þeim sem höfðu atvinnu af því að telja fram fyrir almenning eða aðstoða þá við framtalsgerð gefinn kostur á aðgangi að skattframtölum umbjóðenda sinna á skattstofunni. Endurskoðendur vildu kanna þær breytingar sem skattstofan kynni að hafa gert á framtalinu til að auðvelda sér að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kæra álagninguna ef ástæða væri til. Útkoma skattskrár þótti alltaf mikil tíðindi. Enda þótt það lægi yfirleitt fyrir í ársbyrjun hver álagningarprósantan yrði á tekjur og eignir beið almenningur spenntur eftir því hvað hver og einn fengi í skatta. Þetta var eins og verið væri að svipta hulinshjálmi af leyndarmáli sem ekki mátti sjá fyrir við framtalsgerðina. Fjölmíðlar gerðu mikið úr því hverjir greiddu hæstu skattana í hverju sveitarfélagi. Enn þá eimir eftir af þessum hugsunarhætti enda þótt meginhluti tekjuskatta landsmanna hafi verið greiddur í staðgreiðslu og álagning aðeins staðfesting á endanlegri greiðslu. Enn virðast fjölmíðlar gera mikið úr þessari birtingu álagningar en einblína nú á launafjárhæðir hátekjumanna með afleiddum upplýsingum sem vinna má frá álagningu útsvars.

Umboðsmenn skattstjóra

Umboðsmenn skattstjóra voru í hverju

sveitarfélagi utan aðseturs skattstofa. Staða umboðsmanna í skattkerfinu var allsérstæð svo ekki sé meira sagt. Hreppstjórar voru sjálfskipaðir en að þeim frátöldum skipaði fjármálaráðherra jafnframt annan mann, oftast sveitarstjóra, svo og var umboðsmaður skipaður til sex ára í kaupstöðum. Þeir voru ekki starfsmenn skattstjóra og þóknun til þeirra ákvörðuð af fjármálaráðherra. Hugmyndin að baki þessu kerfi, sem tekið var upp við kerfisbreytinguna 1962, var að veitt væri nauðsynleg þjónusta úti í sveitum landsins. Umboðsmenn skattstjóra áttu að hafa hjá sér öll nauðsynleg eyðublöð, dreifa árituðum framtölum og taka á móti framtölum og öðrum skattgögnum í framtalsfresti og koma þeim til skattstjóra og aðstoða framteljendur (launþega) við framtalsgerð sína væru menn ófærir um

”

Enn virðast fjölmíðlar gera mikið úr þessari birtingu álagningar en einblína nú á launafjárhæðir hátekjumanna með afleiddum upplýsingum sem vinna má frá álagningu útsvars

slíkt. Þá áttu þeir að hafa aðstöðu til að láta liggja frammi skattskrá sveitarfélagsins á þeim 14 dögum sem skattskrá skyldi liggja almenningi til sýnis lögum samkvæmt og gefa gjaldendum kost á að skoða framtal sitt á staðnum. Í reynd var eina hlutverk umboðsmanna í umdæminu að taka á móti framtölum í janúar og hafa opna aðstöðu til að gjaldendur gætu skoðað framtöl sín og skattskrá sveitarfélagsins á staðnum. Tiltölulega var stutt og greiðfært fyrir gjaldendur að snúa sér beint til skattstofunnar án milligöngu umboðsmanns með erindi sín. Ég hafði fregnir af því að umboðsmenn í sveitum landsins, sem oftast voru hreppstjórar sem höfðu setið í skattaneftndum, sæju yfirleitt um framtalsgerð fyrir bændur í sveitinni og treystu skattstjóra mikið á þá vinnu þeirra þótt framlag umboðsmanna við þá iðju væri ekki lögskipað.

Kærun álagningar

Þegar álagning skatta hafði verið birt með útkomu skattskrár og útsendingu álagningararseðla hófst ný vinnulota hjá starfsfólki

skattstofunnar. Taka þurfti á móti kærur og afgreiða þær. Kærun voru ótrúlega margar þótt lítt hefði verið breytt frá innsendu framtali. Ávallt var stór hópur manna og félaga sem ekki taldi fram á réttum tíma og varð að áætla skatta á þá. Það tók enn meiri tíma að afgreiða ný skattframtöl en að afgreiða þau í álagningarvinnunni. Bæði varð að skrifa úrskurðina svo og fengu þessi framtöl alltaf ítarlegri skoðun en framtöl sem bárust á réttum tíma. Þá fyrst þegar afgreiðslu kæra var lokið hófst hin eiginlega endurskoðun skattframtala.

Seinni endurskoðun skattframtala

Að lokinni afgreiðslu á kærur vegna álagningarinnar hófst vinna við ítarlegri endurskoðun framtala með tilliti til framkominna skattgagna og annarra upplýsinga. Á þessum tíma voru margir frádráttarliðir heimilaðir á persónuframtalinu. Erfiðasti liðurinn var viðhaldskostnaður íbúðar en þar var sífellt deiluefni hvað teldist viðhald og hvað teldist endurbætur á húsnæðinu sem ekki voru frádráttarbærar. Þá var það ákvörðun um frádrátt á móti bifreiðastyrk. Það var nánast enginn hátekjumaður eða stjórnandi fyrirtækis sem ekki hafði fengið greiddan bifreiðastyrk – jafnvel sjómenn höfðu bifreiðastyrk – en varla nokkur kona. Var nánast eins og sérhver stjórnandi sæti aldrei kyrr á vinnustað sínum heldur væri alltaf á ferðinni vegna erinda í þágu atvinnurekanda. Var iðulega ágreiningur um keyrsluþörf og aksturskílómetra. Þá var það óheftur vaxtafrádráttur en á þessum tíma var heimilt að færa öll vaxtagjöld til frádráttar bæði af neyslulánum og íbúðarhúsalánum. Þetta voru þeir þrír liðir sem tók mestan tíma að endurskoða enda var eftir miklu að slægjast því um mjög stórar fjárhæðir var að ræða. Voru þessir málaflókkar mikið deiluefni milli skattstofu og skattaðila. Ég tel að skattstofan hafi unnið mjög vel, skipulega og óhlutdrægt að þessari endurskoðun en fékk bággt fyrir frá ýmsum ótöldum. Aðrir frádráttarliðir voru minni að sniðum en þó þurfti að hafa auga með þeim. Á tímabili var til frádráttarliðurinn kostnaður við kaup á bókum vegna starfs viðkomandi og kenndi þar ýmissa grasa hvað menn töldu vera nauðsynlega lesningu vegna starfa sinna. Einn frádráttarliður var kaup á líftryggingu og var sá liður stundum notaður til að færa kostnað sem viðkomandi greiddi fyrir framtalsaðstoð. Þá var og íbúðakaup og -sala og íbúðabygging einstaklinga og eigin vinna þeirra í því sambandi mjög undir

smásjóni vegna undirliggjandi grun-
semda um undandrætt tekna og greiðslna
til iðnaðarmanna. Enn fremur var lögð
áhersla á að ljúka samanburði launamiða
og framtals sem ekki náðist í álagning-
arvinnunni. Það var haldin sérstök spjald-
skrá annars vegar yfir alla sem selt höfðu
eignir, einkum íbúðir, með söluhagnaði
sem heimilt var að fresta skattlagningu á
um tiltekin ár vegna endurkaupa og hins
vegar vegna annarra atriða á framtali sem
kanna þurfti síðar. Þessi spjaldskrá var yf-
irfarin einu sinni á ári til að fylgjast með
því hvort viðkomandi uppfyllti skilyrði
frestunar þannig að ekki kæmi til skatt-
lagningar.

Í atvinnurekstri einstaklinga var um
sömu frádráttarliði að ræða á framtali en í

stað bifreiðastyrks var um að ræða kostnað
við rekstur bifreiðar í atvinnurekstri sem
jafnframt var notuð til einkaþarfa. Var sá
liður svo og ýmsir kostnaðarliðir sem gátu
tilheyrt einkaneyslu viðkomandi, helstir
í brennidepli endurskoðunar. Það var all-
algengt að kalla eftir einstaka kostnaðar-
reikningum og sundurliðun á teknaupp-
gjörinu til að bera það saman við uppgjöf
verktakgreiðslna á launamiðum. Þá voru í
fáein skipti gerðar til þess tilraunir að taka
bókhald einstaklinga í atvinnustarfsemi
til skoðunar þar sem almennt var talið að
skráningu tekna væri ábótavant (eins og
t.d. hjá leigubifreiðastjórum) og bera sam-
an teknauppgjöf við rekstrarkostnað sem
yfirleitt var ekki vanframtalinn. En allt bar
þetta merki þess hvað við vorum faliðuð

og vanmegnug til að annast eiginlegt eftir-
lit sem byggðist á ytri upplýsingum eins
og bókhaldi. Það var aldrei aðstaða til að
gera slíkt að árlegu verkefni og því aðal-
áherslan lögð á skoðun framtala og fram-
talsgagna sem lágu fyrir á skattstofunni.
Framtöl félaga voru einnig yfirfarin með
tilliti til sömu atriða og hjá einstaklingum
með atvinnurekstur og sérstaklega gætt að
gjaldfærðum einkakostnaði.

Yfirleitt hafði ekki tekist, þrátt fyrir
dugnað starfsfólksins, að ljúka nauðsyn-
legri endurskoðun allra skattframtala þeg-
ar ný vertíð hófst með nýju ári, framtölum
og nýrri álagningu. Varð þá að láta staðar
numið eða geyma mál til betri tíma.

ÁSKORUN FRÁ ÁRSREIKNINGASKRÁ

Skil á ársreikningi 2009

Samkvæmt lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, sbr.
og reglugerð nr. 664/2008, um ársreikningaskrá, skil
og birtingu ársreikninga, er félag skylt til að senda árs-
reikningaskrá ársreikninga sína eigi síðar en átta mán-
uðum eftir lok reikningsárs, óháð og til viðbótar því
að senda til ríkisskattstjóra framtal með ársreikningi.
Skilafrestur er því löngu liðinn.

Skorað á stjórn félaga að senda nú þegar til ársreik-
ningaskrár, rafrænt eða á pappír, ársreikning félagsins
og samstæðureikning, ef það á við, fyrir árið 2009. Eigi
félag eftir að skila eldri ársreikningum er skorað á það
að skila þeim einnig.

Berist ekki ársreikningur innan 30 daga frá dagsetn-
ingu þessa bréfs verður að grípa til viðeigandi aðgerða
samkvæmt heimild í lögum um ársreikninga en meðal
annars er heimilt að leggja sektir á félög sem ekki skila
ársreikningi.

Fésektir

Ársreikningaskrá hefur heimild skv. 3. mgr. 126. gr. laga
nr. 3/2006, um ársreikninga, til að leggja sektir á félög
sem falla undir 3. tölul. eða 1. málsl. 4. tölul. 1. mgr. 1.
gr. sömu laga. Félög sem vanrækja að senda ársreikn-
inga til skrárinnar eða senda ófullkomnar upplýsingar
með ársreikningi geta sætt sekt að hámarki 500.000 kr.

Rafræn skil

Vakin er athygli á því að skila má ársreikningi rafrænt
á þjónustusiðunni www.skattur.is. Hvatt er til þess að
ársreikningi sé skilað rafrænt í stað skila á pappír. Sé
ekki unnt að senda ársreikning rafrænt og skil séu því
á pappír, þá skal undirrituðum ársreikningi skilað til
ríkisskattstjóra, ársreikningaskrár, Laugavegi 166, 150
Reykjavík.

Engin starfsemi

Skila ber efnahagsreikningi þar sem gerð er grein fyrir
skráðu hlutafé, eignum, skuldum og eigin fé þótt félagið
hafi ekki haft með höndum starfsemi á árinu 2009.

Á vef ríkisskattstjóra, www.rsk.is eru upplýsingar um
hvað ársreikningur þarf að innihalda.



RÍKISSKATTSTJÓRI



Þátttakendur á ríkisskattstjórafundi í Helsinki.

Samstarf í skattamálum

Samstarf skattfyrvalda milli landa verður sífellt þýðingarmeira. Evrópsk skattfyrvöld hafa myndað samtök IOTA þar sem árlega koma saman helstu stjórnendur stofnana. Af Íslands hálfu eru þó samskiptin langmest við norrænar systurstofnanir. Árlega eru haldnir fundir ríkisskattstjóra Norðurlandanna auk annarra funda og upplýsingaskipta. Á árinu 2010 var ríkisskattstjórafundurinn haldinn í Helsinki. Þar kynntu löndin hvert um sig helstu viðburði frá hverju landi. Dagskrárliður þessi á það til að þenjast út, enda margt athyglisvert sem tilefni er til að miðla, jafnt á sviði skatta- og þjóðmála. Þá var til umræðu viljayfirlýsing landanna um samstarf skattfyrvalda sem ber vinnuheitið „Nordisk Agenda“. eru það Danir sem hafa einkum haft forgöngu um að setja fram tillögur um fastari ramma um sameiginleg viðfangsefni og verklag við að hrinda þeim í framkvæmd. Snýr það einkum að því að koma skipulegu samstarfi í fast form ásamt tillögugerð um mögulega sameiginlega norræna afstöðu á alþjóð-

legum vettvangi, þar sem tekist er á um skattaleg viðfangsefni. Í þeirri umræðu sem fylgdi um þetta verkefni var áhersla lögð á að kostnaði yrði haldið í lágmarki en jafnframt undirstrikað mikilvægi samstarfs milli landanna, þar sem menn hefðu á vixl nýtt sér lausnir grannþjóðanna, hvort heldur varðandi lausnir á tæknilegum vandamálum eða flóknum lögfræðilegum álitamálum. Undirstrikt að var vægi þess að samnýta þekkingu og sameiginlega krafta við að koma á breytingum, hvort heldur í óformlegu tengslaneti eða formlegum vinnuhópum um afmörkuð viðfangsefni, sem ýmist kæmu saman eða funduðu á fjarfundum, og þannig yrði skattframkvæmd allra landanna skilvirkari. Stýrihópur hefur umsjón með samstarfsverkefnum á milli ríkisskattstjórafunda undir forystu þess lands sem heldur fundinn að ári. Danir stýra samstarfsverkefnum næsta árið.

Finnland hefur haft forgöngu um að meta möguleika á að auka norrænt samstarf á alþjóðlegum vettvangi, hvort held-

ur að löndin sameinist um áherslur eða það land sem tiki þátt í ráðstefnu sé talsmaður fyrir norræn sjónarmið og upplýsi síðan tengiliði. Með þessum hætti yrði samstarfið eftt en um leið dregið úr kostnaði.

Milli reglulegra funda eru starfshópar að stöfum. Þar er áhugaverðust norræn réttarsamvinna sem vararíkisskattstjóri Svíþjóðar, Vilhelm Andersson, stýrir. Þar hefur m.a. verið fjallað um álitamál um tvöfalda refsingu.

Svein Ragnar Kristensen ríkisskattstjóri Noregs, gerði á fundinum grein fyrir skipulagi innri þjónustu sem byggist á almennum viðhorfum þess sem pantar þjónustu og þess sem annast afgreiðslu. Þetta kerfi hefur verið við lýði í tvö ár og virkar vel.

SEP/IJR

„Vore nordiske venner“

Þótt stundum sé sagt að frændur séu frændum verstir á það ekki alls kostar við í öllum tilvikum. Þannig hefur samstarf norrænna þjóða oftast verið árangursríkt og gefandi, ekki síst fyrir okkur Íslendinga. Þótt „litla Ísland“ sé fámennit ganga hlutirnir fyrir sig með sambærilegum hætti og hjá öðrum norrænum þjóðum – það eru bara færri til að vinna verkin og minni peningar til umráða. Margt má því læra af norrænum vinum okkar og gott að leita í þá smiðju, t.d. þegar gengið er í gegnum miklar skipulagsbreytingar eins og reyndin hefur verið í skattkerfinu. Óþarft er að leita langt yfir skammt eða ganga út frá því að þau verkefni sem við stöndum frammi fyrir séu ný undir sólinni eða að það mannlega sé með einhverjum einstökum hætti hér á landi. Maðurinn er í grundvallaratriðum alls staðar eins og því koma upp sams konar mál sem þarf að leysa og sambærileg sjónarmið hvar sem er. Við Íslendingar erum þess vegna ekki eyland í þeim skilningi.

Miklar breytingar voru gerðar á uppbyggingu skattkerfisins í Noregi á árinu 2008. Skatteetaten í Noregi er ein stofnun sem hefur alla skattframkvæmd með höndum. Meginskrifstofur eru fimm eftir töluverða fækkun starfsstöðva. Á næstu árum er enn frekari fækkun fyrirhuguð. Þjónustuver tók til starfa á landsvísu. Sérhæfing var aukin á þann hátt að

tiltekna starfsstöðvar sjá nú um ákveðin verkefni fyrir allt landið. Innri þjónusta við allar starfsstöðvar er í hendi einnar einingar í höfuðstöðvunum, sem og öll innkaup, fræðsla og annað slíkt.

Norsk skattyfirvöld hafa sett sér mörg athyglisverð markmið, m.a. það að auðvelda mönnum og félögum að vera skattgreiðandi. Þetta er m.a. gert með því að hafa gott aðgengi að upplýsingum og reyna að einfalda framtalsgerð, halda fundi bæði með gjaldendum, ekki síst rekstraraðilum og samtökum ólíkra atvinnugreina, og fagaðilum eins og endurskoðendum. Þá er boðið upp á kennslu í skólum fyrir framtíðarskattgreiðendur. Símsvörur hefur verið bætt og sérhæfð. Ef löng bið er eftir símsvörum er boðið upp á þann möguleika að panta símtal og þá er hringt til baka. Tveir af hverjum tíu nýttu sér þann möguleika á árinu 2009.

Ríkisskattstjóraembætti Noregs með Svein Ragnar Kristensen ríkisskattstjóra í broddi fylkingar hefur sett sér háleit markmið fyrir árin 2010-2015. Þar eru sett á oddinn fagleg vinnubrögð, opin stjórnsýsla og trúverðugleiki, gæði og hæfni.

Gagnkvæm og vinsamleg samskipti hafa ætíð verið við öll norræn skattyfirvöld. Á engan er hallað þótt upplýst sé að samskiptin undanfarin ár hafa mest verið við Noreg. Við sem störfum hjá ríkis-



Svein Ragnar Kristensen hefur verið ríkisskattstjóri Noregs frá 2006.

skattstjóra getum margt lært af norskum starfsfélögum okkar og vafalaust gætu þeir líka sótt í smiðju til okkar. Í nóvember sl. heimsóttu undirrituð og Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri, höfuðstöðvar norska ríkisskattstjóraembættisins. Það var bæði gagnleg og einkar ánægjuleg heimsókn. Móttökur norska ríkisskattstjórans og samstarfsfólks hans voru höfðinglegar og var hann boðinn og búinn til að miðla af reynslu sinni vegna þeirra skipulagsbreytinga sem embætti hans hefur nýlega gengið í gegnum. Augljóst er að þar er af mörgu að taka og margt er þar til eftirbreytni fyrir íslensk skattyfirvöld.

EAA



Breytingar á lögum um virðisaukaskatt

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (hér eftir VSKL). Frá því að VSKL voru samþykkt á Alþingi á vordögum ársins 1988 hefur þeim verið breytt liðlega fimmtíu sinnum. Það er því engin nýlunda að þau séu tekin til endurskoðunar nema síður sé.

Það er engum blöðum um það að fletta að hlúa þarf vel að virðisaukaskattinum. Gæta þarf vel að regluverkinu og sjá til þess að skattyfirvöld hafi yfir að ráða fullnægjandi mannafla, tækjum og tólum. Öðruvísi verður ekki haldið utan um virðisaukaskattinn svo fullnægjandi sé. Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir því að virðisaukaskatturinn er ein helsta tekjulind ríkissjóðs og hefur verið um langt árabil.



Bjarni Amby
Lárusson

Fyrirhugaðar eru tímabærar og kærkomnar breytingar á reglum á sviði virðisaukaskatts. Þá er fyrirséð að ákvæði reglugerða verði tekin til endurskoðunar enda gera hinar fyrirhuguðu lagabreytingar ráð fyrir reglugerðabreytingum í nokkrum tilvikum. Og ekki er loku fyrir það skotið að farið verði í frekari endurskoðun enda ýmislegt sem setið hefur á hakanum.

Við upptöku virðisaukaskattsins var m.a. litið til laga á þessu sviði í nágrennalöndum okkar, einkum og sér í lagi í Danmörku, en þróunin hefur orðið heldur hægari hér á landi en í þeim löndum sem við helst berum okkur saman við. Það er ekki síst nauðsynlegt að ákvæði varðandi útflutning, þ.m.t. sölu á þjónustu milli landa, séu sambærileg þeim sem gilda erlendis, sbr. m.a. ákvæði 4. og 11. kafla VSKL. Íslensk löggjöf hefur hins vegar í veigamiklum atriðum ekki verið í takti við það sem gerist annars staðar í Evrópu. Í milliríkjavíðskiptum getur slíkt misræmi leitt til mikilla lagaflækja sem og

þess að tiltekin viðskipti verði tvískattlögð eða enginn skattur lagður á. Samkeppnis-sjónarmið koma hér einnig inn í myndina. Ein veigamesta breytingin sem lögð er til í frumvarpinu snýr einmitt að því að samræma íslenskar reglur um rafrænt afhenta þjónustu við gildandi reglur í aðildarríkjum ESB.

Frá gildistöku VSKL hafa svokallaðir áætlanamenn verið talsvert fyrirferðamiklir á virðisaukaskattsskrá. Skattyfirvöld hafa til þessa dags búið yfir fremur fátæklegum úrræðum við slíku. Í frumvarpinu eru lagðar fram tillögur sem gera eiga skattyfirvöldum kleift að stemma stigu við áætlunum í virðisaukaskatti. Það er langt frá því að einfalt sé að taka á þessu vandamáli. Á virðisaukaskattsskrá eiga í grófum dráttum eingöngu þeir að vera sem selja virðisaukaskattsskyldar vörur og þjónustu í atvinnuskyni að staðaldri. Á þeim hvílir sú skylda lögum samkvæmt að gera grein fyrir starfseminni með því að skila inn virðisaukaskattsskýrslum á gjald-daga viðkomandi uppgjörstímabils. Eðli-legt er að skattyfirvöld hafi einhver úrræði til þess að knýja á um lögmælt skil. Það er þó vandmeðfarið að beita úrræðum sem þessum. Í Danmörku hafa um langt árabil gilt reglur af þessum meiði en þær eru þó mun ítarlegri. Fyrirséð er að ef tillögurnar verða að lögum þurfi að setja frekari ákvæði í reglugerð. Þeir starfsmenn í skattkerfinu sem að sinna virðisaukaskatt-

inum hafa flestir fundið fyrir auknu álagi síðustu misserin. Færri starfsmenn sinna fleiri verkefnum. Ríkar kröfur eru gerðar til þess að starfsmenn ríkisskattstjóra vandi til verka við yfirferð á inneignarskýrslum, hvort heldur sem er hinum hefðbundnu virðisaukaskattsskýrslum eða endurgreiðsluskýrslum samkvæmt sérreglum þar um. Í frumvarpinu eru lagðar fram tillögur sem eiga að lengja afgreiðslufresti ríkisskattstjóra.

Fleiri markverðar tillögur eru lagðar fram í frumvarpinu og verða þeim gerð nánari skil hér á eftir.

Rafrænt afhent þjónusta

Eitt fátæklegasta ákvæði frumvarpsins, í orðum talið, er þó eitthvert hið flóknasta efnislega og um leið eitt mikilvægasta ákvæði frumvarpsins. Lagt er til að breytingar verði gerðar á c. og d. liðum 1. mgr. 12. gr. VSKL, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Lagt er til að gagnavinnsla og upplýsingamiðlun falli undir c. lið 10. tölul. og að í d. lið komi hugtakið „rafrænt afhent þjónusta“ í stað „tölvuþjónusta“. Þá er kveðið á um það að þjónusta þessi teljist ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð.

Eins og fram kemur í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins var ákvæði d. liðar 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna lögfest með lögum nr. 115/1997. Í skattframkvæmd hafi mótast ákveðin túlkun á hugtakinu tölvuþjónusta en mikil þróun hafi átt sér stað síðastliðin ár á sviði rafrænnar þjónustusölu og ýmis rafrænt afhent þjónusta sem stunduð sé í dag geti ekki verið talin falla undir hugtakið tölvuþjónusta samkvæmt gildandi túlkun á því. Þá kemur eftirfarandi orðrétt fram í almennum athugasemdum: „Sem fyrr segir hefur á síðustu árum veruleg þróun átt sér stað á sviði rafrænnar viðskipta og rafrænnar þjónustusölu og ný áður óþekkt vandamál komið í ljós vegna sölu á veraldarvefnum sem nauðsynlegt er að



bregðast við. Vankantar á ákvæði núgildandi laga að þessu leyti hafa í einhverjum tilvikum leitt til tvískattlagningar eða jafnvel engrar skattlagningar á vissum sviðum rafrænnar þjónustusölu. Með breytingunni verður tryggt að tiltekin rafrænt afhent þjónusta muni ekki teljast til skattskyldrar veltu þegar þjónustan er keypt af erlendum aðila sem ekki stundar starfsemi hér á landi og jafnframt verður tryggt að kaup á sömu þjónustu verði virðisaukaskattsskyld hér á landi þegar hún er nýtt hérlendis. Breytingar þessar gera meðal annars kleift að afmarka betur hvað telst til afhendingar á rafrænni þjónustu hjá gagnaverum hér á landi.“ Þá kemur fram að „ákvæði d. liðar 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna hefur þótt of óljóst orðað og ýmis rafrænt afhent þjónusta hefur ekki verið talin falla undir ákvæðið samkvæmt túlkun á því.“ Ákvæðið er hins vegar eingöngu látið taka til svokallaðra beinna rafrænna viðskipta en með þeim er átt við „þegar öllum samningsskuldbindingum aðila er lokið með rafrænum hætti. Með vísan til þessa ber að leggja áherslu á að hugtakið rafrænt afhent þjónusta í frumvarpi þessu felur eingöngu í sér bein rafræn viðskipti þar sem öllum samnings-

skuldbindingum aðila er lokið með rafrænum hætti. Vegna örra tækniframfara á sviði rafrænnar þjónustusölu eru ýmsir vankantar á ákvæðum núgildandi laga sem hefur leitt til tvískattlagningar eða engrar skattlagningar á vissum sviðum rafrænnar þjónustusölu. Með breytingu ákvæðisins verður tryggt að tiltekin rafrænt afhent þjónusta muni ekki teljast til skattskyldrar veltu og jafnframt verður tryggt að kaup á sömu þjónustu verði virðisaukaskattsskyld hér á landi. Breyting þessi gerir einnig betur kleift að afmarka það hvað teljist til afhendingar á rafrænni þjónustu hjá gagnaverum hér á landi en það álitamál hefur verið til umræðu á síðustu misserum.“

Áætlanir í virðisaukaskatti – meðferð áætlaðra aðila og eftirlit með þeim

Í annan stað eru lagðar til breytingar sem miða að því að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts. Lagt er til að ríkisskattstjóri geti synjað aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá hafi opinber gjöld hans verið áætluð á einhverju á næstliðnum þremur tekjuárum á undan

því ári sem sótt er um skráningu. Eins og fram kemur í athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins þá er líklegra að þeir sem sækja um skráningu á virðisaukaskattsskrá geti tekist á við þær skyldur og þau réttindi sem í skráningunni felast ef þeim er gert að standa skil á framtölum. Þá er það gert að tillögu að ríkisskattstjóra verði heimilt að fella skráðan aðila af virðisaukaskattsskrá hafi hann sætt áætlun virðisaukaskatts samfellt í tvö ár eða lengur. En þó er heimilt að skrá slíkan aðila aftur á virðisaukaskattsskrá að því gefnu að hann standi skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti fyrir þau tímabil sem áætlun tekur til. Ríkisskattstjóri getur þó heimilað skatt aðila að leggja fram tryggingu fyrir endurákvörðuðum virðisaukaskatti í stað fullnægjandi skila á virðisaukaskatti. Einnig er lagt til að aðila sem svona er ástatt fyrir skuli gert að gera upp virðisaukaskatt á mánaðarfresti í tvö ár, hið minnsta. Skatt-yfirlöng vilja vafalaust hafa slíka aðila í nokkurs konar gjörgæslu í einhvern tíma. Lagt er til að sú ráðstöfun verði einnig látin ná til nýskráninga, samkvæmt 5.

gr. VSKL, og endurskráningar samkvæmt þessum tillögum, ef skattaðili sjálfur, eigandi, framkvæmdastjóri, eða stjórnarmaður ef um félag er að ræða, hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu þeirra á virðisaukaskattsskrá.

Loks er lagt til að þeim sem sæta áætlun verði gert að greiða gjald að fjárhæð 5.000 kr. fyrir hverja áætlun en ríkisskattstjóra verði þó heimilt að fella gjaldið niður. Þetta gjald hefur oft verið nefnt „uslagjald“.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu hafa úrræði skattyfirvalda til þess að bregðast við áætlunum í virðisaukaskatti verið fremur rýr en um 20% þeirra 32.000 sem eru á virðisaukaskattsskrá sæta áætlun við frumálagningu. Þá eru margir sem láta áætla á sig ár eftir ár en áætlað er að um 1.500 aðilar skili aldrei lögboðnum gögnum eða gjöldum. Væntanlega munu þessar tillögur fækka til muna þeim aðilum sem ítrekað sæta áætlun en ljóst er að mikill tími skattyfirvalda og innheimtuaðila fer í umsýslu vegna þessara aðila.

Samkvæmt núgildandi reglum geta aðilar fengið virðisaukaskatt endurgreiddan úr ríkissjóði í formi innskatts enda þótt virðisaukaskattur sé áætlaður vegna fyrri tímabila. Lagt er til í frumvarpinu að þegar svo háttar, þ.e. að áætlun vegna fyrri tímabila liggur fyrir, skuli aðili ekki eiga rétt

á endurgreiðslu fyrr en hann hefur gert fullnægjandi skil á virðisaukaskattsskýrslu fyrir það tímabil sem áætlun tekur til.

Heimildir til færslu innskatts

Í þriðja lagi er lagt til að heimildir til innskattsfrádráttar verði skilyrtar við það að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá þegar viðskipti eiga sér stað. Hingað til „hefur ríkissjóður orðið fyrir tapi bæði vegna þess að virðisaukaskattur á grundvelli reikningsins er ekki greiddur í ríkissjóð og rekstraradilinn fær virðisaukaskattinn greiddan í formi innskatts,“ eins og komist er að orði í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Tillagan mun væntanlega hvetja kaupendur til þess að eiga eingöngu viðskipti við skráða aðila. Á upplýsingavef ríkisskattstjóra er hægt að fá upplýsingar um það hverjir eru með virðisaukaskattsnúmer og hvort það er opið eða lokað.

Rafræn skil á virðisaukaskattsskýrslum

Gert er að tillögu að virðisaukaskattsskýrslu skuli skilað rafrænt til ríkisskattstjóra á því formi sem hann ákveður en þó geti embættið veitt heimild til eins árs í senn til þess að skila skýrslu á pappír ef gildir ástæður eru fyrir hendi. Markmiðið með þessari tillögu er, eins og fram

kemur í athugasemdum með 7. gr. frumvarpsins, að „auka skilvirkni og hagræðingu í virðisaukaskattsskilum.“ Fram kemur að 70% skattaðila skili nú rafrænt en tilgangurinn sé að auka rafræn skil enn frekar. „Telja verður að skattaðilar geti uppfyllt þetta ákvæði án vandkvæða þar sem netsamband og netnotkun er orðin almenn og þeim fækkar óðum sem skila skattframtölum á pappír.“ Ef tillagan verður að lögum þarf að útfæra nánar í reglugerð í hvaða tilvikum undanþágur verði veittar og hvernig málsmeðferð skuli háttað.

Íbúðareigendur - byggingaraðilar

Í fimmta lagi er lagt til að ríkisskattstjóra verði veittur lengri frestur til að afgreiða endurgreiðslubeiðnir íbúðareigenda og byggingaraðila íbúðarhúsnæðis, þ.e. úr 14 dögum í 30 daga. Ástæðu þessarar tillögu má ekki síst rekja til þess að gerðar voru breytingar þann 1. mars 2010 þar sem heimiluð var 100% endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu manna við nýbyggingu, viðhald og endurbætur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis sem og húsnæðis í eigu sveitarfélaga. Við þetta fjölgaði endurgreiðslubeiðnum verulega sem leiddi til meira álags á starfsmenn ríkisskattstjóra.



Stefán Skjaldarson skrifstofustjóri ásamt starfsmönnum í virðisaukaskatti.

Í ætt við það sem hér er framkomið er lögð fram tillaga um að byggingaraðilum sem skattskyldir eru samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laganna verði gert skylt að skila virðisaukaskattsskýrslu samhliða endurgreiðslubeiðni vegna vinnu manna á byggingarstað. Ríkisskattstjóra er með því gert kleift að bera saman annars vegar veltu og útskatt samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu byggingaraðila og hins vegar reiknaðan virðisaukaskatt af eigin vinnu og vinnu starfsmanna þeirra samkvæmt innsendri endurgreiðslubeiðni. Hingað til hafa byggingaraðilar átt möguleika á því að fá endurgreiðslu í hendur áður en þeir þurfa að standa skil á virðisaukaskattsskýrslu samkvæmt 24. gr. laganna og greiðslu virðisaukaskatts fyrir sama tímabil. Áætlanir eru ekki hvað síst margar í byggingariðnaðinum. Með tillögunni verður hægt að stemma stigu við áætlunum og efla eftirlit með skilum á virðisaukaskatti. Benda má á að hliðstætt ákvæði er að finna í 4. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

Fjárhæðir

Lagt er til að fjárhæðarmörk hinnar svokölluðu þrjónakonureglu í 3. tölul. 4. gr. VSKL verði hækkuð upp í 1.000.000 kr. Við mat á fjárhæðinni er m.a. litið til þess hvaða fjárhæðarmörk eru í nágrennalöndum okkar. Verði tillagan að lögum mun rekstrarumhverfi þeirra sem eru með lítil umsvif einfaldast enn frekar. Þá er lögð til breyting á orðalagi ákvæðisins til þess að taka af allan vafa um að viðmiðið sé hvert 12 mánaða tímabil en ekki almanaksárið.

Einnig er lagt til að ársskilamörkin svokölluðu verði færð upp í 3.000.000 kr. Í reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, er kveðið á um það að fari velta þess aðila sem notar almanaksárið sem uppgjörstímabil umfram 1.400.000 kr. geti hann engu að síður haldið óbreyttum skilamáta uns skattskyld velta hans hefur náð 3.000.000 kr. Þessi regla var sett til hagræðis fyrir skattaðila en hefur engu að síður þótt villandi.

Frestur ríkisskattstjóra til þess að afgreiða inneignarskýrslur

Inneignarskýrslum hefur farið fjölgandi undanfarin ár og eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu þá hefur

reynslan sýnt að ástæða er til þess að skoða slíkar skýrslur sérstaklega. Því er lagt til að afgreiðslufrestur ríkisskattstjóra verði lengdur úr 15 dögum í 21 dag.

„Sérstaka skattverðsregla“

1. mgr. 10. gr. VSKL

Í áttunda lagi er gerð tillaga um að orðið „vélknúinna“ falli brott í 1. mgr. 10. gr. laganna og þess í stað komi „skráningarskyldra“. Með þessu er komið í veg fyrir að virðisaukaskattur safnist upp í verði þeirra ökutækja sem hingað til hafa ekki fallið undir ákvæðið. Eins og fram kemur í athugasemdum með ákvæðinu hefur „notkun og endursala tengitækja eins og hjólhýsa, fellihýsa og tjaldvagna [. . .] aukist til muna frá því að lögin voru sett.“

”

...lagt til að heimildir til innskattsfrádráttar verði skilyrtar við það að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá þegar viðskipti eiga sér stað

Annað

Frá ársbyrjun 1993 hafa veitur fengið endurgreiddan virðisaukaskatt vegna sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, sbr. 4. mgr. 42. gr. VSKL og reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns. Ljóst hefur verið um langt árabíl að endurskoða þyrfti þessar reglur enda hafa veitur breyst, þær verið sameinaðar og nýjar verið stofnaðar. Eins og fram kemur í athugasemdum með 12. gr. frumvarpsins hefur iðnaðarráðuneytið látið gera nýja útreikninga samkvæmt framangreindri reglugerð og kom í ljós að engin af hitaveitunum á lengur rétt á endurgreiðslu. Forsendur hafa því brostið og því er lagt til að endurgreiðsluheimildin verði felld niður.

Lagt er til að gildistímar tveggja bráðabirgðaákvæða verði framlengdir, þ.e. ákvæða X og XV. Í fyrra ákvæðinu er veitt heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða þeirra sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni. Lagt er til að heimild þessi verði framlengd til 31. desember 2011. Í síðara ákvæðinu er veitt heimild til þess að endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað, og einnig eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis vegna virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess. Jafnframt nær sama heimild til byggjenda íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis vegna virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu þess háttar húsnæðis, og eigenda íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis vegna virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits við endurbætur eða viðhald þess háttar húsnæðis. Heimildin nær einnig til húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga. „Talið hefur verið að þessi endurgreiðsla hafi reynst vel og haft jákvæð áhrif til aukinnar atvinnu. Jafnframt hefur aðilum sem hafa nýtt sér endurgreiðsluna farið fjölgandi“ eins og fram kemur í athugasemdum með 13. gr. frumvarpsins.

Tvær einföldustu tillögur frumvarpsins eru eftirfarandi. Annars vegar er lagfærð tilvísun í 1. mgr. 15. gr. VSKL sem láðist að gera þegar breytingar voru gerðar á 25. og 26. gr. laganna með lögum nr. 149/1996. Hins vegar er í 7. mgr. 41. gr. VSKL sett „ríkislögreglustjóri“ í stað „rannsóknarlögreglustjóri ríkisins“ en þessar breytingar láðist að gera þegar embætti ríkislögreglustjóra var stofnað og hið síðarnefnda lagt niður með lögregluglögum nr. 90/1996.

Eftirlitssvið RSK

HLUTVERK OG MARKMIÐ

Á eftirlitssviði RSK starfa nú um 40 manns. Sviðinu er skipt í þrjú teymi sem eru endurskoðunarteymi, greiningarteymi og vettvangsteymi. Samantekt þessari er ætlað að upplýsa um hlutverk og markmið sviðsins í heild og jafnframt einstakra teyma. Henni er ætlað að hjálpa starfsmönnum að rata um starfsumhverfi sitt og gera þá meðvitaða um hlutverk sín og skyldur, sem og að vera leiðbeinandi um hvernig beri að haga samstarfi innan sviðsins og við aðrar einingar embættisins.

Hlutverk eftirlitssviðs

Hlutverk eftirlitssviðs er að yfirfara gögn og upplýsingar um skattskil lögaðila, og eftir atvikum einstaklinga, í þeim tilgangi að greina vantalda skattstofna og endurákvörða opinber gjöld. Starfsmönnum sviðsins ber að fara að stjórn-sýslulögum, vera leiðbeinandi í störfum sínum, gæta hlutleysis og jafnræðis gagnvart gjaldendum, og skapa forvarnaráhrif með því að vera sýnilegir þegar við á.

Helstu markmið eftirlitssviðs

1. Að framfylgja eftirlitsmálum og annast endurákvörðun skatta og annarra gjalda eftir því sem við á.
2. Að greina helstu áhættur og stærstu frávik í skattskilum skattaðila.
3. Að þróa leiðir eða aðferðir við skatteftirlit.
4. Að byggja upp þekkingu og reynslu meðal starfsfólks.
5. Að eftirlitið sé sýnilegt og leiðbeinandi í störfum sínum.
6. Að tryggja að unnið sé hlutlægt og málefnalega og að málsmeðferð sé rétt og samræmd.
7. Að byggja upp góð samskipti við önnur svið embættisins og utanaðkomandi aðila, m.a. til að auka skilning á mikilvægi skatteftirlits.
8. Að viðhafa skilvirkt skipulag sem styður við starfsemi og hlutverk sviðsins.
9. Að benda á veikleika í skattalögum og skattframkvæmd og koma á framfæri tillögum að lagabreytingum.

Endurskoðunarteymi

Hlutverk endurskoðunarteymis

Hlutverk endurskoðunarteymisins er að taka við skilgreindum eftirlitsmálum til úrvinnslu, meta þau og leiða til lykta með því að:

- **Upplýsa.** Í því felst að yfirfara gögn og skýrslur sem berast skattkerfinu um skattstofna og skattskil lögaðila, og eftir atvikum einstaklinga, og óska eftir frekari skýringum og gögnum ef þörf er talin á.
- **Að boða og eftir atvikum úrskurða um endurákvörðun.** Í því felst að framfylgja endurákvörðun í samræmi við málsmeðferðarreglur skatta- og stjórn-sýslulaga þar sem gjaldabreytinga reynist þörf.
- **Að veita umsagnir** til yfirkattanefndar og ríkislögmans í eftirlitsmálum.

Helstu markmið endurskoðunarteymis

1. Að framfylgja eftirlitsmálum og annast endurákvörðun skatta, eða eftir atvikum annarra gjalda, með hlutlausum og málaefnalegum hætti og tryggja að málsmeðferð sé rétt og samræmd.
2. Að þróa leiðir eða aðferðir við skatteftirlit ásamt því að byggja upp þekkingu og reynslu meðal starfsfólks og þekkingu á rekstrarumhverfi skattaðila.
3. Að vera vakandi fyrir veikleikum í skattalögum og skattframkvæmd og koma á framfæri ábendingum til rétttra aðila.
4. Að skipulag sé skilvirkt og góð samskipti við önnur svið embættisins og utankomandi aðila.



Teymistjórar og sviðsstjóri eftirlitssviðs.

Greiningarteymi

Hlutverk greiningarteymis

Hlutverk greiningarteymisins er að velja eftirlitsverkefni og skattaðila til skoðunar á kerfisbundinn hátt auk þess sem teymið sinnir árangursmati og upplýsingagjöf varðandi skatteftirlit m.a. með því að:

- Skipuleggja skatteftirlit í samráði við stjórnendur sviðsins og beita við það viðurkenndum aðferðum við að greina frávik í skattskilum.
- Að halda utan um skráningarkerfi eftirlitsupplýsinga, sem er grunnur að árangursmati skatteftirlits.
- Að taka saman upplýsingar um framkvæmd og árangur skatteftirlits og miðla þeim innan sviðsins og út á við.

Helstu markmið greiningarteymis

1. Að byggja upp þekkingu á rekstrarumhverfi skattaðila og áhættuþáttum.
2. Að viðhafa faglegt og fjölbreytt val eftirlitsverkefna, sem byggir á hlutlægre aðferðafræði við val á aðilum til eftirlits.
3. Að eftirlitsupplýsingar séu skráðar tímanlega, rétt og heildrænt svo meta megi framkvæmd og árangur skatteftirlits.
4. Að miðla upplýsingum um framkvæmd og árangur af skatteftirliti og efla ímynd skatteftirlits.

Vettvangsteymi

Hlutverk vettvangsteymis

Hlutverk vettvangsteymisins er að kanna réttmæti skattframkvæmdar hjá rekstraraðilum með heimsóknum á starfsstöðvar þar sem lögð er áhersla á:

- Að greina stjórnunar-, upplýsinga- og gagnaumhverfi.
- Að skilja viðskipta- og skattaumhverfi gjaldanda á vettvangi.
- Að dýpka hverja skoðun í samræmi við mikilvægi.

Helstu markmið vettvangsteymis

Markmið vettvangsteymis er að koma á skilvirku og samræmdu vettvangseftirliti á landsvísu, sem leiði til bættra skattskila rekstraraðila og eftir atvikum einstaklinga. Vettvangseftirlit beinist að eftirfarandi:

1. Að finna frávik sem ekki koma fram við hefðbundið skatteftirlit.
2. Að vera sýnilegt og skapa forvarnaráhrif.

Samningur við Skýrr um lækkun gagnavinnslukostnaðar

Í sumar sem leið var gerður tímamótasamningur milli ríkisskattstjóra og Skýrr um almenna hagræðingu og lækkun gagnavinnslukostnaðar hjá ríkisskattstjóra. Um er að ræða viðaukasamkomulag við samning ríkisskattstjóra og Skýrr frá 2. júlí 2007.



Jens Þór Svansson

Gerð og undirritun þessa viðaukasamkomulags átti sér nokkurn aðdraganda. Á árinu 2008 hófust viðræður milli ríkisskattstjóra og Skýrr um leiðir til að auka hagræðingu, einfalda vinnulag og bæta verkferla, sem fælu þá í sér lækkun kostnaðar hjá báðum aðilum. Til skoðunar voru ýmis atriði tengd upplýsingakerfum RSK, s.s. fyrirkomulag á runuvinnslum og sívinnsluaðgerðum, prentun, þjónustustigi og öðrum rekstartengdum verkefnum.

Um haustið 2008, eða eftir að afleiðingar bankahrunsins og alvarleg áhrif þess á afkomu ríkissjóðs fóru að koma í ljós, var ljóst að leggja þurfti enn meiri áherslu á að finna leiðir til lækkunar á gagnavinnslukostnaði hjá ríkisskattstjóra.

Viðræður stóðu yfir og þrýsti ríkisskattstjóri verulega á að gerðar yrðu breytingar á tækniuhverfi til lækkunar á kostnaði einkum er sneri að rekstrarlausnum. Lítt þokaðist í samkomulagsátt fram- an af og reyndist örðugt að ná fram niðurstöðu. Hóf þá ríkisskattstjóri aðgerðir til að flytja gagnavinnslu frá Skýrr á næstu tveimur árum. Dró ekki til tíðinda fyrr en forstjóraskipti urðu hjá Skýrr í nóvembermánuði 2009 er Gestur G. Gestsson

tók við forstjórastarfi félagsins í kjölfarið á sameiningu fyrirtækjanna Eskils, Kögunar, Landsteina Strengs og Skýrr í eitt fyrirtæki. Skýrr hefur lagt áherslu á það undanfarin misseri að koma til móts við alla þá viðskiptavini, sem vilja með markvissum hætti lækka kostnað sinn á sviði upplýsingatækni. Í því skyni er annars vegar horft til möguleika á breyttri uppsetningu og högun og hins vegar til kostna í hagkvæmari umsjón með jafnt hugbúnaðarleyfum sem rekstrarlausnum. Ríkisskatt-

”

Samkvæmt samkomulaginu er stefnt að því að fækka keyptum tímum í hugbúnaðargerð verulega.

Til þess að bregðast við þessari fyrirsjáanlegu fækkun tíma hefur vinnulag verið tekið til gagngerrar endurskoðunar

stjóra til ráðgjafar í samningaviðræðunum var dr. Jón Þór Þórhallsson en Jón er starfsmönnum skattfyrivalda vel kunnur frá þeim tíma er hann var forstjóri Skýrr um 20 ára skeið á árunum 1977-1997.

Í hinu nýja samkomulagi er í fyrsta lagi horft til hugbúnaðargerðar, í öðru



lagi á rekstrarþjónustuna og í þriðja lagi er áhersla á almenn atriði hagræðingar á tækniuhverfi og í upplýsingakerfum RSK. Allar breytingar sem gripið verður til verða unnar í samráði og samvinnu ríkisskattstjóra og Skýrr með það að markmiði að halda gæðum og þjónustustigi sem sambærilegustu við það sem verið hefur hingað til.

Hugbúnaðargerð

Samkvæmt samkomulaginu er stefnt að því að fækka keyptum tímum í hugbúnaðargerð verulega. Til þess að bregðast við þessari fyrirsjáanlegu fækkun tíma hefur vinnulag verið tekið til gagngerrar endurskoðunar. Hjá ríkisskattstjóra er eigendum og ábyrgðarmönnum tölvukerfa ætlað að tilgreina og meta þau verkefni sem vinna þarf í kerfunum hvort sem er vegna laga- breytinga, öryggis, hagræðingar, þæginda eða annars. Öllum verkefnum verður síðan forgangsraðað eftir mikilvægi þeirra og sinnt samkvæmt því. Einnig verður tekið upp markvisst eftirlit með tímaáætlunum til að tryggja að ekki verði veruleg frávik



Starfsmenn Skýrr og RSK sem unnið hafa að lækun gagnavinnslukostnaðar eru Þórhildur Hansdóttir Jetzek, Hallgrímur G. Sigurðsson, Sigrún Ámundadóttir, Bjarni Jónsson og Gestur G. Gestsson öll frá Skýrr, Jens Þór Svansson, Karl Óskar Magnússon, Grétar Þór Kristinnson, Brigítte M. Jónsson og Ævar Ísberg öll frá RSK.

frá áætlunum og að brugðist verði við tímanlega ef sýnt þykir að áætlanir muni ekki standast. Með þessu móti er vonast til þess að unnt verði að sinna öllum nauðsynlegum verkefnum á réttum tíma en jafnframt er hætt við því að fresta þurfi um einhvern tíma þeim verkefnum/breytingum á tölvukerfum sem lenda aftarlega í forgangsröðinni.

Rekstrarþjónusta

Með nýju samkomulagi mun rekstrarhluti samnings milli aðila lækka töluvert. Í því sambandi tekur Skýrr á sig ábyrgðina og jafnframt áhættuna sem fylgir því að ná fram hagræðingu í rekstri hjá fyrirtækinu.

Settur hefur verið á fót vinnuhópur starfsmanna ríkisskattstjóra og Skýrr sem hefur það að markmiði að auka hagræði og vinna að einföldun og sjálfvirkni í upplýsingakerfum RSK. Vinnuhópurinn hefur hist tvívegis á liðnu hausti og unnið að tilögugerð varðandi hagræðingarmöguleika sem aðilar munu síðan ákveða í sameiningu framkvæmd á.

Almenn hagræðing á tækni- hverfi og kerfum ríkisskattstjóra

Í nýju samkomulagi skuldbindur Skýrr sig til að vinna á eigin kostnað úttekkt á tækni- umhverfi ríkisskattstjóra (m.a. upplýsinga- og fjarskiptakerfum) sem og vinnuferlum og koma með tillögur um hagræðingu en við þetta verkefni hafa að undanfögnu starfað tveir ráðgjafar frá Skýrr. Hafa þeir m.a. tekið viðtöl við valda starfsmenn ríkisskattstjóra og aflað upplýsinga um ýmis atriði er snerta tækni- umhverfi ríkisskattstjóra með það að leiðarljósi að ná fram hagræðingu í rekstri upplýsingakerfa, óháð því hvort um er að ræða hagræðingu á innri kostnaði hjá ríkisskattstjóra, þjónustu keyptri af Skýrr eða þriðja aðila.

Niðurstöður þessarar úttekktar á tækni- umhverfi ríkisskattstjóra liggja nú fyrir og með þeim lagður nýr grundvöllur að aukinni hagræðingu í rekstri og þar með lækku- un gagnavinnslukostnaðar.

Ríkisskattstjóri og Skýrr hafa um langt árabíl átt gott samstarf, eða alveg frá stofn- un embættisins 1962, og áður hafði skatt-



Ráðgjafi hópsins er dr. Jón Þór Þórhallsson fyrrum forstjóri Skýrr.

stofan í Reykjavík einnig átt gott samstarf við Skýrr í nærfellt 60 ár, allt frá stofnun fyrirtækisins. Hið farsæla og trausta við- skiptasamband hefur nú verið styrkt með nýjum stjórnendum, endurmetnum verk- ferlum og breyttum áherslum. Er hið nýja samkomulag því mikið ánægjuefni og mun leiða til aukinnar hagræðingar til hagsbóta fyrir báða aðila.

Starfsmannafundur

Grand Hótel 10. desember 2010

Skipulag fundarins

Markmið og leiðir

Starfsmenn leggja saman krafta sína við
mötun áherslna RSK

Sameining skattstofa við embætti ríkisskattstjóra varð að veruleika í upphafi ársins 2010. Sameiningin kallaði á ný vinnubrögð og nýjar áherslur í störfum. Markmið ríkisskattstjóra er að tryggja rétta skattlagningu í víðasta skilningi þess orðs. Við mótun áherslna í sameinæðri stofnun hafa starfsmenn allir verið virkjaðir kerfisbundið. Á árinu 2010 hafa verið haldnir fjórir starfsmannafundir, allir með fjarfundi nema fundurinn þann 10. desember sl. Meginverkefni þess fundar var að leita leiða til að ná markmiðum embættisins.

Segja má að aðdragandi fundarins 10. desember sl. hafi verið töluverður. Fyrir um ári síðan var haldinn starfsmanna- og stefnumótunarfundur með öllum starfsmönnum þáverandi skattstofa og ríkisskattstjóra þar sem kallað var eftir hugmyndum starfsmanna skattkerfisins varðandi fyrirhugaða sameiningu embættanna. Alls komu þar fram 2.200 mjög fjölbreytilegar hugmyndir um hvernig nýtt embætti ríkisskattstjóra ætti að vera. Hugmyndirnar hefur mátt flokka í fjóra meginflokka, þ.e. upplýsingamiðlun, verkferla og verkefni, mannaúsmál og stjórnun og skipulag. Margar þessara hugmynda hafa komið til framkvæmda nú þegar og einn-

ig var mikið tillit tekið til þeirra við smíði á nýju skipuriti stofnunarinnar. Líklega hafa þó allar þessar hugmyndir verið hvað notadrýgstar sem innlegg á fund stjórnenda RSK í lok síðasta sumars þegar markmið hins nýja embættis voru mótuð.

Fundinn 10. desember sátu um 240 manns alls staðar af landinu og fór vinnan þannig fram að fyrir hádegi var starfsmönnum skipt niður í átta til níu manna hópa á 28 borð eftir fjórum stærstu sviðum embættisins, svokölluðum framleiðslusviðum, þ.e. einstaklingssviði, atvinnurekstrar-sviði, eftirlitssviði og skráasviði. Áður en vinna hópanna hófst var farið yfir markmið hvers framleiðslusviðs fyrir sig. Á



hverju borði var umræðustjóri (lóðs) og ritari sem skráði umræðu við borðið í einkonar fundargerð. Óhætt er að segja að starfsmenn hafi verið mjög frjóir í hugsun því að tillögur að leiðum streymdu inn á öllum borðum. Umræðustjórum hafði verið afhent umslag á fundinum sem á var ritað „notist í neyð“ en það innihélt umræðupunkta sem grípa mætti til ef umræðuefni þryti. Ekki eitt einasta „neyðarumslag“ var notað. Í hádeginu var boðið upp á bæði líkamlega og andlega næringu en að hádegisverði loknum mætti gestafyrirlesari sem var hinn þjóðkunni Ómar Ragnarsson. Var góður rómur gerður að hugvekju hans um einstæðinga á Íslandi.

Eftir hádegi var starfsmönnum endurraðað í jafnmarga vinnuhópa og áður, en nú þvert á skipulag embættisins, og fengu allir hóparnir sama verkefnið sem var að meta innri þætti RSK er varða t.a.m. tæknimál, mannauðsmál, verkferla og upplýsingamiðlun. Við þessa vinnu var um meiri blöndun starfsmanna að ræða heldur en fyrr um daginn.

Tilgangur starfsmannafundarins var þríþættur. Í fyrsta lagi að upplýsa starfsmenn um þá vinnu sem átt hefur sér stað frá stefnumótunarfundinum fyrir ári síðan, í öðru lagi að finna leiðir að markmiðum RSK og í þriðja lagi að starfsmenn einfaldlega komi saman. Seint verður ofmetið

mikilvægi þess hluta fundarins sem snýr að því að allir starfsmenn níu starfsstöðva RSK hittist. Má halda því fram að sá hluti sé í raun nauðsynlegur, þ.e. að starfsmenn hittist einu sinni á ári, enda er mannauðurinn það mikilvægasta sem embættið á.

Af matsblöðum sem lögð voru fyrir þátttakendum í lok fundarins má sjá að mikil ánægja hafi verið með fundinn, bæði fyrirkomulag hans sem og efni. Ætla má að einn af lykilþáttunum í hinum góða árangri sameiningarferils skattstofanna og embættis ríkisskattstjóra sé sú vinna starfsmanna sem fram fer á fundum af þessu tagi og þar skiptir meginmáli virk þátttaka allra starfsmanna RSK.

Hvað vitum við um misferli?

Með hugtakinu misferli er hér átt við (fjár)svik, blekkingar og misnotkun, óháð því hvort um sé að ræða refsiverðan verknað – þótt gera megi ráð fyrir að svo sé í flestum tilvikum – og er þetta íslenska þýðingin á enska orðinu „fraud“.¹



Jóhann G.
Ásgrímsson

Það kann einhver að spyrja hvers vegna skatteftirlit RSK sé að velta misferlismálum fyrir sér. Þeirri spurningu er auðsvarað því starfsmenn í skatteftirliti þurfa að skilja hvað er að gerast í raunumhverfi gjaldenda. Jafnframt er því við að bæta að misferlismál og skattsvik fara oftast ekki saman. Ríkið verður þannig auk þess af miklum tekjum sem annars myndu renna til samneyslu. Mikið félagslegt misrétti felst í því að hægt sé með skattsvikum eða skattundandrætti að komast hjá því að standa undir sameiginlegum kostnaði samfélagsins en þiggja engu að síður sömu þjónustu og hinir sem kostnaðinn bera.

Hér er eingöngu fjallað um misferli sem á sér stað í starfi geranda sjálfs og beinist að þeirri stofnun eða fyrirtæki sem hann starfar hjá. Hér er ekki fjallað um misferlismál sem tengjast hruni bankanna 2008.

Þessi samantekt byggir að megninu til á nýlegri rannsókn sem gerð var af ACFE² á 1.843 málum í meira en 100 löndum úr öllum heimsálfum. Niðurstöðurnar gefa tilefni til að ætla að í eðlilegu árferði tapi fyrirtæki og stofnanir 5% af árlegum tekjum sínum vegna misferlis. Séu þessir útreikningar yfirfærðir á Ísland, og miðað við árið 2009, myndi tap vegna misferlismála nema um 75 milljörðum kr. Hafa ber í huga að 2009 var mjög óvenjulegt ár á Íslandi og því mætti ætla að um talsvert hærrí tölu gæti verið að ræða. Engar sérstakar forsendur standa til þess að ætla að Íslendingar séu dyggðugri þjóð í fjármálum en aðrar.

Það sem meðal annars gerir þessa skýrslu ACFE athyglisverða er hvað misferlisbrot eru einsleit, hvort sem þau eru framin í Evrópu, Asíu, Afríku eða Ameríku. Þó svo að svæðisbundin einkenni séu vissulega einhver eru megineinkenni brotanna þau sömu. Nálægðin við auðtekni verðmæti virðist jafn freistandi fyrir mannskepnum hvar sem hún dvelur á jarðarkringlunni. Menning, kynferði, trúarbrögð og litarháttur virðast ekki skipta máli þegar að þessu kemur.

Hvernig uppgötvast misferlismál?

Á mynd 1 er stöplarit yfir hvernig misferlismál uppgötvast. Sláandi er hversu ábendingar skera sig úr með rúm 40% tilfella. Það kemst upp um allt að þrisvar sinnum fleiri misferlismál vegna ábendinga en eftir öðrum leiðum. Rannsóknir ACFE allt aftur til ársins 2002 hafa ávallt skilað sömu niðurstöðu.


Í nálægt 50% tilfella uppgötvast misferli annaðhvort fyrir tilviljun eða vegna ábendinga. Einnig vekur athygli að uppgötvun nær 11% misferlismála á uppruna sinn hjá þriðja aðila, þ.e. utan viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Fagaðilar eins og ytri endurskoðendur upplýsa misferli í tæpum 5% tilfella og innri endurskoðendur í tæplega 14%. Þetta kann að koma einhverjum á óvart. Þó ber að varast að draga skyndiályktanir af þessu heldur spyrja frekar: Hvers vegna uppgötvast misferli í 50% tilfella annaðhvort fyrir tilviljun eða vegna ábendinga? Hvað með umfang misferlismála? Áður en þessum spurningum er svarað skal litið á frá hverjum ábendingar koma því e.t.v. má læra eitthvað af því.

Umfjöllun um ábendingar


Á mynd 2 er að finna greiningu á því hvaðan ábendingar koma. Athyglisvert er að tæplega 50% ábendinga koma frá starfsmönnum og tæplega 48% frá aðilum utan viðkomandi starfsemi. Það þýðir að í 30% tilvika uppgötvast misferli af utanáðkomandi aðilum, sem hlýtur að teljast mjög hátt hlutfall. Full ástæða er fyrir eigendur fyrirtækja og stofnana að hafa áhyggjur af þessari staðreynd.

Þetta gæti bent til að hagsmunaaðilar eigi e.t.v. að hlusta minna á „sérfræðinga“ en meira á starfsmenn og aðila í umhverfi viðkomandi rekstrar. Gæti þar verið fallinn fjársjóður? Áður en lengra er haldið verður litið til þess hverjir verða uppvísir að misferli – þ.e. hverjir eru gerendur í misferlismálum.

Mynd 1



Mynd 2



um, löndum, starfsheitum og kynferði. Til er mikið af gagnlegum upplýsingum um það hvernig hægt er að draga úr hættu á misferli en ekki verður fjallað um það hér. Það væri efni í aðra umfjöllun. Vonandi verður þessi umfjöllun til að opna augu sem flestra fyrir nauðsyn þess að efla eftirlit í því skyni að koma í veg fyrir og uppgötva misferli, hvort sem þeir sem nyta góðs af væru opinberir aðilar eða hvers konar hagsmunaaðilar, svo sem eigendur, hluthafar og aðrir kröfuhafar sem málið varðar.

Fróðlegt væri að fræðastofnanir á háskólastigi gerðu sérstaka könnun á þessu. Tilefnið virðist alla vega vera til staðar.

Hverjir eru gerendur?

Mynd 3 sýnir tíðni misferlis eftir ábyrgðarstöðu starfsmanna og eru árin 2008 og 2010 borin saman. Myndin skýrir sig að mestu sjálf, þ.e. hún sýnir að tíðni misferlismála er hæst hjá almennum starfsmönnum en lægst hjá yfirstjórn eða eigendum. Hafa bera í huga að í mörgum tilvikum eru yfirstjórn og eigendur sömu aðilarnir. Ekki er verulegur munur milli ára 2008 og 2010.

Af mynd 4 má sjá að alger viðsnúningur verður á gerendum þegar litið er til umfangs misferlis. Taflan sýnir miðtölu fjárhæða misferlismála þar sem miðtalan er betri lýsing en einfalt meðaltal. Hér kemur það skýrlega fram, og ætti ekki að koma neinum á óvart, að því hærra sem menn eru settir, þeim mun stórtækari eru þeir. Tækifærin skipta meira máli en nokkuð annað þegar hættan á misferli er metin. Menntun dregur t.d. ekki úr hættunni og benda niðurstöðurnar frekar til hins gagnstæða.


Séu fjárhæðir í mynd 4 færðar yfir í íslenskar krónur, miðað við að gengi á USD sé 116 ISK, þá er miðtala umfangs hvers misferlistilviks um níu milljónir kr. þegar gerendur eru almennir starfsmenn, 20 milljónir kr. hjá millistjórnendum og 90 milljónir kr. hjá yfirstjórnendum. Rétt er að taka fram hér að rannsókn ACFE nær ekki til „mega-misferlismála“ eins og þeirra sem við þekkjum úr bankahrúninu. Rannsóknin nær einungis til þess misferlis sem viðgengst í „eðlilegu“ árferði. Allt sem tengist bankahrúninu kæmi sem viðbót við þetta enda væri þar um að ræða fjárhæðir af allt öðrum toga. Ekki er fjallað um slíkar tölur hér. Ætla má að tölur úr bankahrúninu séu hrein viðbót við þá 75 milljarða sem minnst er á í upphafi greinarinnar.

Að lokum


Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru varðandi niðurstöður rannsóknar ACFE. Til er mun meira af gagnlegu efni um misferlismál sem á erindi við okkur. T.d. hafa misferlismál verið greind eftir atvinnugrein-

- 1 Meginheimild er REPORT TO THE NATIONS on the occupational fraud and abuse – 2010 Global Fraud Study gerð af Association of Certified Fraud Examiners, Inc.
- 2 Association of Certified Fraud Examiners, Inc.

Mynd 3



Mynd 4





Nýtt sameinað starfsmannafélag RSK tekið til starfa

Eins og flestum er kunnugt um voru embætti ríkisskattstjóra og allra skattstofa á landinu, sem voru níu talsins, sameinuð frá og með 1. janúar 2010. Einn liður í slíkri sameiningu sem snýr að starfsfólkinu sjálfu er félagslíf starfsmanna. Starfsmannafélög höfðu verið starfrækt með einum eða öðrum hætti á öllum þessum stöðum og síðastliðið vor hófst vinna við undirbúning stofnunar sameiginlegs starfsmannafélags allra starfsmanna RSK. Það var svo nú í byrjun desember að félagið var stofnað og er því ætlað að efla félagslíf innan stofnunarinnar og auka kynni félagsmanna. Starfsemi embættisins er dreifð um allt land og því erfitt fyrir starfsfólk að taka þátt í öllum uppkomum en reynt er að koma til móts við það með því að hver starfsstöð hafi sér sjóð innan félagsins til ráðstöfunar fyrir viðburði hjá viðkomandi starfsstöð.



Á starfsmannafundi RSK þann 10. desember sl. var kosin stjórn fyrir félagið og er hún skipuð eftirfarandi starfsmönnum:

Formaður

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

Aðrir í aðalstjórn

Björn Ingi Jósefsson

Dagný Ósk Halldórsdóttir

Fanney Steinsdóttir

Heiðrún Ólafsdóttir

Katrín Freysdóttir

Ólafur Svavarsson

Varamenn í stjórn

Ásgeir Þórhallsson

Rósa H. Ingólfssdóttir

Skoðunarmaður

Elín Alma Arthursdóttir

Hjá embættinu starfa rúmlega 260 manns og er gert ráð fyrir að félagsmenn verði að minnsta kosti 200. Á næstu vikum er það stefna félagsins að vinna að því að afla félagsmönnum afsláttarkjara hjá ýmsum fyrirtækjum og hafa nú þegar náðst samningar við tvö fyrirtæki.



Kominn og farinn...

Embætti sérstaks saksóknara var komið á fót um áramótin 2008/2009. Embættið var fyrst til húsa í Borgartúni 7, Reykjavík, og voru starfsmenn þess fjórir þegar embættið tók til starfa. Brátt fór þó að þrengja að starfsemi þess þar sem ákveðið var að fjölga starfsmönnum embættisins enda ku fljótlega hafa orðið ljóst að verkefnið væru ærin. Á vormánuðum 2009 varð það úr að sérstakur saksóknari fékk nýtt húsnæði að Laugavegi 166, gamla Víðishúsinu, þar sem ríkisskattstjóri hefur meðal annarra verið til húsa undanfarin ár.

Sérstakur saksóknari fékk megnið af þriðju hæðinni á Laugaveginum og voru starfsmenn embættisins fljótlega orðnir tuttugu áður en ár var liðið frá stofnun þess. Enn kom þó til nauðsyn á fjölgun starfsmanna og hið rúmgóða húsnæði á Laugaveginum dugði nú engan veginn til, þótt aðeins

væru örfáir fermetrar á hvern starfsmann. Tvímennt var í mörgum herbergjum en allt kom fyrir ekki. Ólafur Þór Hauksson og hans menn flýðu þrengslin og héldu af Laugaveginum á vit nýrra húskynna að Skúlagötu 17.



Ríkisskattstjóramenn þakka Ólafi og samstarfsmönnum hans fyrir góð kynni og skemmtilegan félagskap og vona að nærvera þeirra í húsinu hafi ekki sett embættinu skorður. Starfsmenn á Laugaveginum hlakka mikið til þess að geta í framtíðinni gengið um útidyr án þess að vera undir vökulum augum blaðamanna og ljósmyndara sem sitja um viðskiptamenn saksóknarans.

Er starfsmönnum embættis sérstaks saksóknara óskað velfarnaðar í komandi störfum á nýjum skrifstofum.

SEP

Eftirlit með beitingu alþjóðlegra reiknings- skilastaðla



Ársreikningaskrá

Með lögum um ársreikninga er ríkisskattstjóra falið að starfrækja ársreikningaskrá. Samkvæmt lögnum skulu félög sem undir þau falla senda ársreikningaskrá ársreikning sinn ásamt áritun endurskoðenda og upplýsingum um það hvenær ársreikningurinn var samþykktur. Ársreikningaskrá skal síðan veita almennan aðgang að þessum gögnum. Þessi ákvæði eru upphaflega sett í framhaldi af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EES, en samkvæmt einu af fylgiskjölum þess samnings skal í hverju aðildarríki vera stofnun sem tekur við ársreikningum félaga og hefur með höndum eftirlit með því að ákvæði laga um gerð og birtingu ársreiknings séu virt. Segja má að almennt eftirlitshlutverk ársreikningaskrár sé tvíþætt; eftirlit með skilum á ársreikningum og svo athuganir með úrtakskönnunum á ársreikningum í því skyni að sannreyna að gögnin séu í samræmi við ákvæði laga. Vegna hins mikla fjölda skilaskyldra félaga (yfir 30.000 á ári) er ljóst að eftirlit með innihaldi ársreikninga þeirra getur ekki orðið umfangsmikið. Sérstakar reglur gilda

þó um eina tegund ársreikninga en það eru reikningar félaga sem beita alþjóðlegum reikningskilastaðlum við gerð samstæðureiknings og ársreiknings.

Alþjóðlegir reikningskilastaðlar

Samræming reikningskilaaðferða milli landa á sér nokkra sögu. Árið 1973 var stofnuð s.k. Alþjóðareikningsskilanefnd (IASB) til þess að þróa eitt safn alþjóðlegra reikningskilastaðla og voru staðlar nefndarinnar auðkenndir IAS staðlar. Nefndin var endurskipulögð 2001 og heitir síðan Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) og eru staðlar útgefnir eftir þann tíma auðkenndir IFRS staðlar. Árið 2002 ákvað Evrópusambandið að gera beitingu þessara staðla skyldubundna frá og með reikningsárinu 2005 hjá öllum félögum bandalagsins sem skráð eru í kauphöllum. Vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið nær skyldan einnig til Íslands. Markmiðið með þessari aðgerð var að stuðla að skilvirkari og kostnaðarhagkvæmari fjármagnsmarkaði en einnig, og ekki síður, að vernda fjárfesta og viðhalda trausti á fjármagnsmörkuðum. Til þess m.a. að styrkja traust fjárfesta er aðildarríkjunum skylt að koma á kerfi til að framfylgja þessum reglum og jafnframt var komið á samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila til að þróa sameiginlega stefnu við að framfylgja stöðlunum.

Eftirlit

Félög sem hafa hlutabréf sín eða skuldaþréf skráð í kauphöll eru skyld til að nota

alþjóðlega reikningskilastaða við gerð ársreikninga og árslytareikninga sinna; samstæðureikninga ef þau semja slíka reikninga, ella almennra ársreikninga sinna. Að auki er félögum sem uppfylla ákveðin skilyrði, svo sem um stærð, heimilt að nota staðlana þótt þau falli ekki undir skylduna og sömuleiðis er dótturfélögum skráðra félaga það einnig heimilt.

Ársreikningaskrá hefur eftirlit með öllum þessum félögum og getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga og gagna sem varða reikningsskilin frá stjórn, framkvæmdastjóra eða endurskoðanda félaganna. Komist ársreikningaskrá að þeirri niðurstöðu að reikningskil eftirlits-

skylds félags séu ekki í samræmi við ákvæði laganna getur hún krafist þess að reikningsskilin verði leiðrétt og félagið birtu breytingar og/eða viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru. Þá getur ársreikningaskrá að eigin frumkvæði birt slíkar upplýsingar láti félagið það hjá líða. Ársreikningaskrá hefur heimild til þess að leggja dagsektir á eftirlitsskyld félög veiti þau ekki umbeðnar upplýsingar innan hæfilegs frests. Ákvörðun um dagsektir má skjóta til yfirkattanefndar en aðrir úrskurðir eru kærانlegir til ráðherra. Lögð er áhersla á tímanlega birtingu reikningsskila félaga sem nota alþjóðlega reikningsskilastaðla, sem í almennu árferði er ekki vandamál gagnvart félögum sem hlíta reglum kauphallar. Nokkuð hefur þó skort á að félög sem ekki eru skráð á markaði, en nota staðlana samkvæmt heimildar-ákvæði, gæti að þessu atriði.

Efnahagserfiðleikar og gagnrýni

Eftirlitsskyld félög um sl. áramót voru um 70, þar af rúmlega helmingur með skráð hlutabréf eða skuldabréf á markaði. Meðal notenda eru flest stærstu félög og félagasamstæður á landinu og eru dótturfélög sem innifalin eru í samstæðureikningum þessara aðila hátt í 900 að tölu. Félögunum hefur fækkað verulega frá því sem var í upphafi, bæði vegna lagabreytinga og vegna afleiðinga efnahagshrunsins 2008. Eftirlitið hefur til þessa oftast farið þá leið að benda á þau atriði sem þá telur að betur megi fara í viðeigandi ársreikningi með tilliti til ákvæða staðlanna og óska eftir breytti meðferð í næsta árs- eða árshlutareikningi. Þessum tilmælum er yfirleitt vel tekið. Efnahagshrunið hefur aftur leitt til þess að síðustu tvö árin hefur gerð og birting ársreikninga margra félaga dregist úr hófi.

Í kjölfar hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu sem gekk yfir 2008, og enn gætir, hafa víða komið fram gagnrýnisraddir á hinar alþjóðlegu reikningsskilaaðferðir, svo sem varðandi mat eigna og skulda til gangvirkis og atriði sem varða ákvörðun þess, virðisrýrnunarpróf og niðurfærslu eigna (svo sem útlána), flokkun og mat fjármálagerna og fleira. Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) hefur þegar brugðist við með endurskoðun ákveðinna staðla þar sem settar eru fram kröfur um ýtarlegri upplýsingagjöf. Þó almennt sé því mótmælt að reikningsskilareglur hafi valdið fjármálakreppunni spyrja sumir hvort þær hafi hugsanlega aukið á vandann. Ekki er þess þó að vænta að horfið verði frá skyldu félaga á fjármagnsmarkaði til þess að nota alþjóðlega reikningsskilastaðla enda viðurkennt að samræmingin sem því fylgir hafi aukið á gæði reikningsskila í Evrópulöndunum.



Um heimildir til lækkunar á gjaldstofnum

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru embætti ríkisskattstjóra fengnar heimildir til lækkunar á tekjuskattstofni að uppfylltum ákvæðum greinarinnar, sem aðallega er ætlað að bregðast við skertu gjaldþoli eða tekjumissi í bráðatilvikum vegna óvæntra atvika og útgjalda sem ekki eru eða verða bætt með öðrum hætti. Veiti ríkisskattstjóri ívilnun með lækkun á tekjuskattstofni skal hann jafnframt lækka útsvarsstofn samsvarandi, sbr. ákvæði 3. mgr. 21. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.



Magnús Jóhannesson

Sveitarstjórnir hafa heimildir til breytinga á álgögðu útsvari skv. 25. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Þar segir að sveitarstjórn sé heimilt að taka til greina umsókn manna um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars þegar svo stendur á sem segir í 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, telji hún ástæðu til að veita frekari lækkun á útsvari en ríkisskattstjóri veitti við afgreiðslu á umsókn um lækkun tekjuskatts, sbr. 3. mgr. 21. gr. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað eða fellt niður álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og III. kafla laga um almannatryggingar.

Ríkisskattstjóri skal taka til afgreiðslu umsókn manns um lækkun tekjuskattstofns þegar svo stendur á sem í 1. mgr. 65. gr. segir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnnum sjúkdómum eða er fatlað og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

Ríkisskattstjóri hefur með reglum nr. 212/1996 sett nánari skilyrði fyrir lækkun á tekjuskattstofni. Skilyrði fyrir lækkun vegna veikinda og slysa eru að aðstæður hafi haft í för með sér skert gjaldþol en með skertu gjaldþoli sé átt við að greiðslugeta manns sé skert vegna þess að hann hafi orðið fyrir verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað. Jafnframt séu útgjöld þessi umfram bætur og styrki og lífeyri sem hann hafi fengið vegna greindra tilvika. Með kostnaði sé átt við dvalarkostnað á stofnunum, lyfja- og læknskostnað, kostnað vegna ferða, ýmiss konar sérútbúnað, vegna fötlunar o.s.frv. Sýna skal fram á að um óhjákvæmilegan kostnað sé að ræða og fyrir þurfa að liggja gögn til staðfestingar á honum, sbr. umsóknareyðublað RSK 3.05 „Umsókn um lækkun A“.

Vegna framfærslu foreldra eða annarra vandamanna þarf að sýna fram á útgjöld vegna framfærslu þeirra. Gera þarf grein fyrir í hverju útgjöldin eru fólgin og jafnframt sýna fram á að framfærslufé foreldris eða vandamanns, þ.e. tekjur, bætur og styrkir, standi ekki undir nauðsynlegum útgjöldum vegna framfærslunnar.

Skilyrði fyrir lækkun vegna barna eldri en 16 ára sem maður hefur á framfæri sínu eru að barnið sé það tekjulágt, vegna atvinnuleysis eða af öðrum ástæðum, að því sé ókleift að standa undir eigin framfærslu. Hámarksívilnun vegna framfærslu

Mynd I

Umsóknir um lækkun á tekjuskattstofni

Tilfni	Fjöldi	Hlutfall umsókna eftir efni %	Heildarfjárhæð ívilnunar	Samp.	Hafnað	Meðalfjárhæð
1 Mannslát	414	13,10	189.300.000	319	95	593.417
2 Veikindi, slys, ellihrörleiki	2108	66,71	165.800.000	1328	780	124.849
3 Langvinn veikindi barna	315	9,97	14.900.000	183	132	81.421
4 Framfærsla vandamanna	103	3,26	7.600.000	36	67	211.111
5 Eignatjón	71	2,25	2.300.000	14	57	164.286
6 Tap á kröfum	149	4,72	21.300.000	69	80	308.696
Samtals:	3160	100	401.200.000	1949	1211	
Menntun barna	6591		1.080.700.000	6315	266	171.132
Samtals:	9751		1.481.900.000	8264	1477	



Við álagningu 2010 var myndaður starfshópur sem annaðist samræmda framkvæmd ívilnana. Í starfshópnum sátu þau Magnús Jóhannesson, Örn Gíslason, Guðrún Bjarnþórsdóttir, Reynir Jóhannesson og Júlíus R. Hafsteinsson. Auk þeirra tóku einnig þátt í verkefninu þeir Gunnar Karlsson og Steinþór Haraldsson.

barna eldri en 16 ára er sú sama og veitt er vegna náms. Vegna menntunarkostnaðar barna 16 ára og eldri er gert ráð fyrir að barnið stundi nám a.m.k. þrjá mánuði á árinu og fyrst og fremst er átt við börn á aldrinum 16 ára til 21 árs sem stunda nám að loknu grunnskólanámi, þ.e. nám í mennta- eða fjölbrautarskólum, iðnnám o.þ.h. Veiti námið rétt til námslána kemur ívilnun ekki til álita. Hámarksívilnun pr. barn er 291.000 kr. (á árinu 2010) vegna náms sem stundað er hér á landi. Ef sótt er um hærrí ívilnun vegna náms sem stundað er erlendis þarf að sýna fram á verulegan kostnað vegna námsins sem telja verður umfram venjulegan námskostnað, svo sem há skólagjöld, fargjöld o.þ.h. Ívilnun getur þó aldrei orðið hærrí en tvöföld sú ívilnun sem veitt er vegna náms hér á landi. Hafi námsmaðurinn tekjur skerðist ívilnunin sem nemur þriðjungi af tekjum hans.


Lækkun á tekjuskattsstofni vegna verulegs eignatjóns er háð því að það hafi ekki fengist bætt úr hendi annars aðila. Með verulegu eignatjóni er átt við að fjárhagslegar afleiðingar tjóns sem verður á eignum manns skerði gjaldþol hans. Eignatjón er skilgreint sem eyðing eða óvenjulegar skemmdir fjármuna, svo sem af völdum eldsvoða, flóða, jarðskjálfta, eldgosu, fjárfellis eða skipsskaða, sbr. og ákvæði c. liðar 49. gr. reglugerðar nr. 243/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Skilyrði fyrir lækkun skv. 6. tölul., vegna áfallinna ábyrgða og

tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri, er að gjaldþol manns sé verulega skert. Með atvinnurekstri er í þessu sambandi átt við atvinnurekstur sem einstaklingur hefur með höndum og eignaraðild í sameignarfélagi eða hlutfélagi. Það telst þó ekki atvinnurekstur ef eignarhluti í hlutfélagi er óverulegur og aðild og tengsl manns við félagið eru þannig að ekki sé ástæða til að líta þannig á að um atvinnurekstur sé að ræða. Sé eignarhluti minni en 20% telst hann óverulegur í þessu sambandi. Skuld telst töpuð þegar sýnt hefur verið fram á, á full-

nægjandi hátt, að hún fái ekki greidd. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði XXXIII í d. lið 24. gr. laga nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins, skal við álagningu opinberra gjalda gjaldárin 2010, 2011, 2012 og 2013 leggja auðlegðarskatt á framtalskyldar eignir manna skv. 72. gr. laga nr. 90/2003 í lok árána 2009, 2010 og 2011, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og 4.–9. tl. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skv. nánari skilgreiningu laganna. Auðlegðarskattur manna reiknast þannig að af fyrstu 90.000.000 kr. af auðlegðarskattsstofni einstaklings og fyrstu 120.000.000

— Mynd II —

Umsóknir flokkaðar eftir tilefni




kr. af samanlögðum auðlegðarskattstofni hjóna greiðist enginn skattur. Af auðlegðarskattstofni yfir þeim mörkum greiðast 1,25%. Auðlegðarskattslágningu eftirlifandi maka eða sambúðaraðila sem situr í óskiptu búi skal hagað á sama hátt og um hjón væri að ræða í mest fimm ár frá andlátsári hins látna, þó ekki fram yfir gildistíma þessa ákvæðis enda hafi viðkomandi ekki hafið sambúð að nýju. Samkvæmt f. lið bráðabirgðaákvæðisins er ríkisskattstjóra heimilt að taka til greina umsókn manns um lækkun auðlegðarskattstofns hans þegar svo stendur á sem í 1. tölul. 1. mgr. 65. gr. greinir enda hafi gjaldþol manns skerst verulega af þeim ástæðum.

Auðlegðarskattur var fyrst álagður við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2010 og því ekki um umsóknir að ræða með skattframtölum þess árs en unnt að koma að umsóknum eða kærnum þar að lútandi í kærufresti manna árið 2010 skv. 99. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Við skoðun á gjaldþoli og greiðsluhæfi fer fram mat á getu gjaldenda til greiðslu opinberra gjalda og eigin framfærslu með hliðsjón af aðstæðum, tekjum og efnahag. Koma þá til skoðunar auk launatekna fjármagnstekjur og eignir er aukið gætu gjaldhæfi, fyrir utan nauðsynlegt íveruhúsnæði og einkabifreið. Undantekning frá mati skv. framanskráðu er regla um lækkun tekjuskattstofns vegna framfærslu- og menntunarkostnaðar ungmenna á aldrinum 16 ára til 21 árs.

Þeir sem njóta fullra bóta almannaþrygginga og lífeyrissjóða, eða sambærilegra eða hærri tekna, eru taldir hafa fulla framfærslu nema til komi óbætt útgjöld vegna veikinda eða sérþarfa. Ívilnun er veitt með lækkun á tekjuskatt- og útsvarstofni en kemur ekki til lækkunar

Mynd III




á fjármagnstekjuskatti utan ónýtt skattafsláttar. Þegar persónuafsláttur nemur hærri fjárhæð en reiknuðum tekjuskatti af almennum tekjuskattstofni gengur mismunur til greiðslu álagðs útsvars og það sem þá kann að vera eftir gengur til greiðslu fjármagnstekjuskatts að 18/37 hlutum.

Umsókn um ívilnun skv. umsóknar-eyðublaði RSK 3.05 „Umsókn um lækkun A“ er fylgiskjal með rafrænu skattframtali einstaklinga. Á því kemur fram hvaða upplýsingar og gögn eiga að fylgja umsókn, sbr. leiðbeiningar ríkisskattstjóra við útfyllingu skattframtals einstaklinga en hvort tveggja má nálgast sérstaklega á vefsíðum ríkisskattstjóra www.skattur.is og www.rsk.is. Eyðublaðið tekur til umsóknaratriða utan menntunarkostnaðar barna en umsókn vegna framfærslu ungmenna á aldrinum 16 ára til 21 árs við nám skal setja fram í kafla 1.3 á forsíðu skattframtals skv. formi þess. Ákvörðun um ívilnun samkvæmt umsókn er tekin


að loknum framtalsfresti og tilkynnt gjaldanda á álagningarseðli opinberra gjalda, sbr. lokamálslið 1. mgr. 95. gr. tekjuskattslaga. Sé umsókn hafnað fær gjaldandi bréflaga tilkynningu við birtingu álagningar með rökstuðningi fyrir synjun og leiðbeiningum um kærurétt til ríkisskattstjóra. Ívilnunarákvæði tekjuskattslaga eru einkum samtímaúrræði til að bregðast við skertu gjaldþoli vegna óvæntra og ófyrirséðra útgjalda eða tekjumissis í bráðatilvikum en t.d. varanlegur heilsubrestur á sér fremur farveg af hálfu löggjafans í almannatryggingakerfinu. Viss kostnaður við heilsugæslu er talinn eðlilegur hluti framfærslukostnaðar skv. útreikningum Hagstofu Íslands en samkvæmt þeim telur ríkisskattstjóri eðlilegan lyfja- og lækningarkostnað á árinu 2009 vera allt að 45.000 kr. pr. einstakling og að tannlæknað kostnaði meðtöldum 85.000 kr.

Þeir sem sæta höfnun umsóknar við álagningu opinberra gjalda eiga kærurétt til ríkisskattstjóra skv. 99. gr. tekjuskattslaga en með kæru má koma að frekari upplýsingum og gögnum í þeim tilvikum að synjun byggist á vanreifun. Úrskurðir ríkisskattstjóra eru síðan kærnanlegir til yfirsattanefndar. Samkvæmt 2. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, hefur ríkisskattstjóri heimild til að taka til greina beiðni skattaðila um breytingu á ákvörðun um skattstofn eða skattálagningu sex tekjuár aftur í tímann, talið frá því ári þegar beiðni kemur fram, enda liggi verulegir hagsmunir að baki slíkri beiðni. Beiðni skal byggjast á nýjum gögnum og upplýsingum sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr. Víkja má frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirsattanefndar.

Mynd IV



Kærur flokkaðar eftir tilefni



Lækkun tekjuskatts- og útsvarstofns við álagningu opinberra gjalda árið 2010

Með skattframtölum 2010 bárust ríkisskattstjóra 3160 umsóknir um lækkun á tekjuskattsstofni aðrar en skv. skattframtali um lækkun vegna framfærslu ungmenna við nám. Meginfjöldi umsókna var vegna veikinda eða 2/3 hlutar. (Sjá mynd II *Umsóknir flokkaðar eftir tilefni.*) Af 3160 umsækjendum fengu 1949 aðilar ívilnun að fjárhæð samtals 401.200.000 kr. Þar af voru 189.300.000 kr. vegna andláts maka eða 47,2% heildarfjárhæðar og 165.800.000 kr. vegna veikinda og slysa eða 41,3% heildarfjárhæðar. Ívilnun vegna annarra tilefna sem eru framfærsla vandamanna, eignatjón og tapaðar kröfur og ábyrgðir námu 46.100.000 kr., eða 11,5% heildarfjárhæðar. (Sjá mynd III *Veittar ívilnanir flokkaðar eftir tilefni.*)

Umsóknum var synjað í 1211 tilvikum sem er 38,33% heildarumsókna. Höfnun skýrist að hluta af því að lýstir málavextir eða atvik falla ekki að skilgreiningum á heimildarákvæðum 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og hinu sem er algengara að umsóknum sé hafnað vegna skorts á umkröfðum og nauðsynlegum upplýsingum og gögnum til að taka megi efnislega afstöðu til umsóknar fyrir álagningu opinberra gjalda. (Sjá mynd

IV *Umsóknir samþykktar/hafnað.*) Þá sæta umsóknir synjun þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að aðstæður eða málavextir hafi leitt til skerðingar á gjaldþoli og greiðsluhæfi gjaldenda.

Lægstu og hæstu ívilnanir skiptust þannig að lækkun á gjaldstofnum allt að 50.000 kr. gekk til 454 einstaklinga, samtals að fjárhæð 16.640.000 kr., og lækkun um 800.000 kr. og hærri fjárhæð gekk til 40 aðila, samtals að fjárhæð 41.512.000 kr., og þar af voru 13 aðilar sem fengu yfir eina milljón króna eða samtals 16.400.000 kr. Lægri fjárhæðir voru aðallega veittar vegna veikinda og hæstu fjárhæðir vegna veikinda, andláts og áfallinna ábyrgða. Hæsta ívilnunar fjárhæð við álagningu 2010 var 1.700.000 kr. vegna veikinda en af 13 aðilum með lækkun tekjuskattsstofns yfir eina milljón króna voru átta vegna veikinda, tveir vegna andláts og veikinda, tveir vegna framfærslu vandamanna og tveir vegna áfallinna ábyrgða.

Umsóknir skv. skattframtali vegna framfærslu ungmenna á aldrinum 16 ára til 21 árs við nám voru 6591. Samþykktar voru umsóknir vegna 6315 ungmenna og nam heildarfjárhæð ívilnunar um 1.080.700.000 kr. Meðaltalsívilnun á barn nemur þannig um 171.000 kr. sem hjá hjónum og samvistar- og sambúðarfólki

skiptist að jöfnu til frádráttar gjaldstofnum. Í kærufresti vegna álagningar opinberra gjalda á einstaklinga árið 2010 bárust 242 kærur vegna umsóknar um lækkun á tekjuskattsstofni. Kærur felast einkum í mótmælum við synjun á umsóknum meðfylgjandi skattframtölum og framlagningu frekari upplýsinga og gagna til stuðnings umsóknum um ívilnun. Einnig er þó um nýjar umsóknir að ræða sem koma fyrst fram í kærufresti.

Kærur flokkast eftir tilefni skv. neðan-skráðu en óflokkaðar ívilnunarbeiðnir eru umsóknir um lækkun á tekjuskattsstofni meðfylgjandi innsendum framtölum þeirra í kærufresti sem skiluðu ekki skattframtali í framtalsfresti og sættu áætlun gjaldstofna og álagningu opinberra gjalda samkvæmt þeim. (Sjá mynd V *Kærur flokkaðar eftir tilefni.*)



Lagafrumvörp um tekjuskatt til meðferðar hjá Alþingi



Jón Ásgeir
Tryggvason



Elín Alma
Arthursdóttir

Á árunum 2009 og 2010 hafa verið gerðar margs konar breytingar á skattalögum. Sumar hafa þegar tekið gildi eins og alkunna er en aðrar taka gildi 1. janúar 2011. Hér á eftir verður stiklað á stóru varðandi nokkrar þessar breytingar en t.d. ekkert vikið sérstaklega að breytingum á skatthlutföllum eða fjárhæðamörkum. Þegar þetta er skrifað liggja einnig fyrir Alþingi nokkur frumvörp varðandi skattamál, bæði varðandi tekjuskatt og virðisaukaskatt sem og aðra skatta og gjöld. Ekki er ljóst hver afdrif þeirra verða eða hvort fram munu koma breytingar á þeim á síðustu starfsdögum þingsins fyrir jól. Af þeim sökum þarf að taka það sem rakið er varðandi fyrirliggjandi frumvörp með þeim fyrirvara að þær tillögur kunna að taka breytingum.

Skattlagning vegna erlends eignarhalds á lágskattsvæðum

Með lögum nr. 46/2009 bættist nýtt ákvæði við tekjuskattslögin um skattlagningu vegna eignarhalds á félagi, sjóði eða stofnun í lágskattaríki. Ákvæðið felur í sér að eigendum slíkra félaga ber að greiða tekjuskatt af hagnaði þeirra í hlutfalli við eignarhluta án tillits til úthlutunar. Hið sama á við um skattaðila sem stjórnar félagi, sjóði, stofnun eða eignasafni í lágskattaríki sem skattaðili hefur beinan eða óbeinan ávinning af. Tekjur þessar eru skattskyldar með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi. Ákvæðið tekur bæði til einstaklinga og lögðaðila sem bera fulla og ótakmarkaða skatt-

skyldu hér á landi. Lágskattaríki er það ríki eða lögsagnarumdæmi þar sem tekjuskattur á viðkomandi félag, sjóð eða stofnun er minni en 2/3 af þeim skatti sem lagður yrði á slíkan aðila hér á landi. Ekki er aðeins horft til skatthlutfallsins heldur er gerður samanburður á þeim sköttum sem hinn erlendi lögaðili raunverulega greiðir og þeim skatti sem honum hefði borið að greiða hefði hann haft heimilisfesti á Íslandi. Reglurnar gilda þegar a.m.k. helmingur hluta í félagi, sjóði eða stofnun er í eigu íslenskra skattaðila og er þá átt við sameiginlega eignaraðild þeirra allra. Sama er að segja um stjórnunarleg yfirráð þótt aðili geti sýnt fram á að forminu til að eignarhald hans, beint eða óbeint, sé undir 50%.

Ákvæðið á ekki við um þau félög, sjóði eða stofnanir sem njóta verndar tvísköttunar-samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki, enda séu tekjurnar ekki að meginstofni til eignatekjur.

Með því er átt við að meira en helmingur teknanna stafi frá raunverulegri atvinnustarfsemi, þ.e. framleiðslu eða sölu á vörum eða þjónustu. Þá taka reglurnar ekki til félags, sjóðs eða stofnunar sem er stofnsett og skráð í öðru EES-ríki og hefur þar með höndum raunverulega atvinnustarfsemi, eins og hugtakið er skilgreint í ákvæðinu, enda njóti félagið, sjóðurinn eða stofnunin verndar tvísköttunarsamnings sem Ísland er aðili að með sambærilegu upplýsingaákvæði og lýst var hér að framan. Ákvæði þetta tekur gildi við álagningu 2011 vegna tekna á árinu 2010.

Arður eða laun?

Ýmsar breytingar voru lögfestar með lögum nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins, bæði á tekjuskattslögunum og öðrum lögum. Meðal annars voru samþykktar breytingar að því er varðar skattalega meðferð á arði sem heimilt er að greiða samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Breytingin varðar úthlutun arðs til þeirra hluthafa sem starfa hjá viðkomandi félagi og ber að reikna sér endurgjald vegna þeirra starfa. Ef sá arður fer umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé félagsins í lok þess árs sem arðsúthlutunin miðast við skal það sem umfram er skattleggjast til helminga sem laun og arður. Í athugasemdum vegna þessa kemur fram að hér sé verið að bregðast við því að launagreiðslum til ráðandi aðila sé haldið í lágmarki á sama tíma og greiddur sé verulegur arður úr félögunum. Brögð hafi verið að slíku og þannig hafi skapast óeðlilegt mismæmi í skattlagningu heildartekna á milli rekstrarforma sem jafnframt hafi skert tekjur sveitarfélaga.

Endurreikningur auðlegðarskatts

Meðal þess sem lögfest var með lögum nr. 128/2009 var álagning auðlegðarskatts á framtalsskyldar eignir manna í lok ársanna 2009, 2010 og 2011. Auðlegðarskatturinn er að nokkru leyti sambærilegur við eignarskatt sem síðast var álagður 2005, þó með nokkrum frávikum. Stofn til auðlegðarskatts er í mörgum tilvikum hærri en eignarskattstofninn hefði verið en fríeignamarkið er margfalt herra í auðlegðarskatti. Ýmis ríkisverðbréf sem mynda stofn til auðlegðarskatts komu t.d. ekki inn í stofn til eignarskatts. Þá var

heimilt að draga frá eignum innstæður í bönkum og sparisjóðum og hlutabréf að því marki sem þessar eignir voru umfram skuldir. Hámarksfjárhæð var þó á frádrætti vegna hlutabréfa. Sambærilegar reglur eru ekki í ákvæðinu um auðlegðarskatt. Við ákvörðun á eignarskattstofni voru hlutabréf færð inn á nafnverði en við ákvörðun auðlegðarskatts skal telja fram hlutabréf í félögum sem skráð eru í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði á markaðsvirði í árslok. Sé félagið ekki skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skal telja hlutafé fram miðað við hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins eins og það er talið fram í skattframtali þess. Hlutabréf skal telja fram á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess sbr. 5. tl. 73. gr. tekjuskattslaganna.

”

Þegar þetta er skrifað liggja einnig fyrir Alþingi nokkur frumvörp varðandi skattamál, bæði varðandi tekjuskatt og virðisaukaskatt sem og aðra skatta og gjöld. Ekki er ljóst hver afdrif þeirra verða...

Í mjög fáum tilvikum liggur skattalegt bókfært eigið fé félaga fyrir þegar kemur að framtalsskilum einstaklinga. Auðlegðarskattstofn verður því að endurreikna við álagningu árið eftir vegna mismunar milli nafnverðs og markaðsverðs eða hlutdeildar í skattalegu eigin fé. Við álagningu 2011 verður álagður auðlegðarskattur vegna hreinnar eignar í árslok 2010 og um leið verður framkvæmdur endurreikningur á álgöðum auðlegðarskatti 2010 vegna framangreinds mismunar á nafnverði hlutabréfa og markaðsverði hlutabréfa eða hlutdeildar í skattalegu eigin fé. Fyrirhugað er að árita þennan mismun inn í framtalið 2011 í samræmi við markaðsverð félags í árslok 2009 eða eftir atvikum hlutdeild í skattalegu eigin fé samkvæmt framtali viðkomandi félags.

Niðurfelling heimildar til frestunar á tekjufærslu

Með lögum nr. 128/2009 var felld niður heimild sem var í 60. gr. tekjuskattslaganna til að miða tekjuuppgjör atvinnurekstrar við innborganir vegna seldrar þjónustu í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu. Skilyrði fyrir frestun tekjufærslu var að vinnuþáttur hinnar seldu þjónustu væri almennt yfir 70% og að um þjónustustarfsemi væri að ræða. Heimild þessi til að miða tekjuuppgjör við innborganir fellur niður frá og með álagningu 2011. Rétt er að vekja athygli á að þegar þetta er skrifað er fyrirbyggjandi frumvarp (mál 313, þskj. 380) þar sem þeir sem nýtt höfðu sér þessa heimild í framtali 2010 er heimilað að færa til tekna á þremur árum uppsafnaða fjárhæð sem áður hafði verið frestað að færa til tekna, þ.e. á tekjuárunum 2010, 2011 og 2012.

Allir vinna

Á árinu 2009 var reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna á byggingarstað breytt tímabundið til 1. janúar 2011 þannig að hún varð 100% í stað 60% áður. Með lögum nr. 92/2010 var lögfest heimild til að færa til frádráttar í framtölum 2010 og 2011 helming þeirrar fjárhæðar sem einstaklingar hafa greitt fyrir aðkeypta vinnu án virðisaukaskatts vegna viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði til eigin nota. Heimild þessi tekur einnig til viðhalds og endurbóta á útleigðu íbúðarhúsnæði utan atvinnurekstrar. Frádrátturinn getur numið allt að 200 þúsund krónum hjá einstaklingi og 300 þúsund krónum hjá hjónum og samsköttuðum. Frádráttur hjóna og samskattaðra einstaklinga kemur til lækkunar hjá þeim sem hærri hefur tekjuskattstofninn. Skilyrði frádráttar er að staðin hafi verið skil á fullgildum reikningum vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts af sama tilefni þar sem vinnuþáttur er samtals að lágmarki 50.000 kr. Sækja þarf um frádráttinn fyrir 1. febrúar árið 2011 vegna tekjuársins 2010 og 1. febrúar árið 2012 vegna tekjuársins 2011. Ef ekki verður sótt um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna endurbóta eða viðhalds á íbúðarhúsnæði vegna framkvæmda á árinu 2010 fyrir 1. febrúar 2011 mun réttur til lækkunar á tekjuskattstofni vegna þeirra framkvæmda falla niður. Fyrirhugað er að árita í framtöl einstaklinga þennan frádrátt hjá þeim sem hafa sótt um fyrir 1. febrúar á álagningarári. Til að geta áritað frádráttinn í framtöl þeirra einstaklinga sem búa í fjölbýlishúsum vegna framkvæmda sem

húsfélögin hafa sótt um endurgreiðslu virðisaukaskatts á, þurfa húsfélögin að sundurliða kostnað á íbúðareigendur.

Eftirgjöf skulda

Tímabundnar breytingar voru gerðar á skattalegri meðferð á eftirgjöf á skuldum hjá þeim sem slíks njóta á tekjuárunum 2009, 2010 og 2011, sbr. lög nr. 104/2010. Breytingarnar eiga bæði við um einstaklinga og þá sem stunda atvinnurekstur. Vikið var frá þeirri meginreglu að ætíð skuli telja til skattskyldra tekna eftirgjöf á skuld sem tengist atvinnurekstri og undanþágureglur varðandi einstaklinga rýmkaðar.

Með frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi (mál 313, þskj. 380) er gerð tillaga um enn frekari breytingar á skattalegri meðferð á eftirgjöf skulda rekstraraðila, þ.e. hjá þeim sem fá gefnar eftir skuldir á tekjuárunum 2010 og 2011. Tillagan gengur út á að rekstraraðilum verði heimilað að fresta tekjufærslu milli tekjuáranna 2010 til og með 2014, að því leyti sem skulda eftirgjöf er umfram yfirfæranlegt rekstrartap og rekstartap ársins, fyrningar og niðurfærslu, og að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Ef eitthvað stendur eftir af eftirgjöf skulda ótekjufært í árslok 2014 mun tekjufærsla falla niður ef fjárhæðin er undir 500 milljónum en það sem umfram er sömu fjárhæð ber að færa til tekna með jöfnum fjárhæðum á næstu fimm tekjuárum, þ.e. 2015 til og með 2019.

Gengishagnaður

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir þeirri breytingu að tekjufærsla á gengishagnaði á innlánsreikningum í erlendri mynt sem er í eigu einstaklinga utan atvinnurekstrar að hún eigi sér stað við úttekt af reikningum og þannig sé horfið frá því að telja áfallinn óinnleystan gengishagnað af innlánsreikningum til tekna. Jafnframt verði hið sama látið taka til hvers konar krafna í erlendri mynt.

Söluhagnaður af íbúðarhúsnæði

Einn er sú breyting sem fyrir liggur í frumvarpi og lætur ekki mikið yfir sér en varðar það að skattlagning verði samræmd hvort sem íbúðarhúsnæði sem verið hefur í eigu einstaklings er eftir andlát hans selt út

úr dánarbúi eða beint af erfingjum. Mismunandi skattaleg meðferð söluhagnaðar í slíkum tilvikum hefur stafað af því að ef dánarbúið hefur selt þá er fyrir hendi skattskylda á söluhagnaði eftir almennum reglum um slíkt hjá lögaðila en hafi erfingjarnir selt eftir slit dánarbúsins hefur verið tekið tillit til samfellds eignarhaldstíma erfingja og arfláta.

Tekjuskattur manna með takmarkaða skattskyldu

Í fyrirbyggjandi frumvarpi eru m.a. lagðar til breytingar á rétti til skattlagningar hér á landi til handa þeim mönnum sem bera hér á landi takmarkaða skattskyldu og eru búsettir á EES svæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða

”

Sækja þarf um tekjuskattsfrádrátt vegna „Allir vinna“ fyrir 1. febrúar 2011 vegna ársins 2010. Ef sótt verður um síðar mun réttur til tekjuskattsfrádráttar falla niður

í Færeyjum, og þeim mönnum sem bera hér á landi ótakmarkaða skattskyldu en hafa dvalið í fyrrnefndum ríkjum hluta tekjuársins, sem enda séu uppfyllt tiltekin skilyrði um hlutfall tekna og annað. Þessar breytingar eru lagðar til vegna túlkunar Evrópuðómstólsins á reglum ESB-réttar um frjálsa för launþega, sem eiga sér hliðstæðu í EES-samningnum.

Vaxtabætur og vaxtaafsláttur

Samkvæmt því sem fram hefur komið í fjölmiðlum munu verða gerðar breytingar á vaxtabótaútreikningi og settar reglur um einhvers konar vaxtaafslátt eða vaxtaníðurgreiðslu hjá mönnum, væntanlega

að uppfylltum einhverjum tilteknum skilyrðum. Þessar tillögur hafa ekki litið dagsins ljós þegar þetta er skrifað og því óljóst hvernig þessu verður háttað.

Virðisaukaskattur

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingar á ýmsum ákvæðum virðisaukaskattslaga (mál 208, þskj. 227). Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að lagðar séu til nokkrar breytingar til að styrkja framkvæmd virðisaukaskattslaga, m.a. vegna örra breytinga á öllum sviðum efnahagslífsins, ekki síst á sviði rafrænnar sölu á vöru og þjónustu. Þá séu lagðar til breytingar í þá átt að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts, m.a. verði ríkisskattstjóra veittar heimildir til að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá og fella aðila af skrá, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þá er lagt til að þeir aðilar sem skila ekki virðisaukaskattsskýrslum á réttum tíma og sæta áætlun vegna þess greiði gjald vegna þess óhagræðis og kostnaðar sem af slíkum vanskilum leiðir. Þá verði settar skorður við endurgreiðslum á virðisaukaskatti til byggingaraðila. Ýmsar aðrar breytingar eru lagðar til s.s. um fjárhæðamörk, fresti og skilgreiningar og að endurgreiðsla virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns verði felld niður. Að lokum er lagt til að framlengd verði um eitt ár, eða til ársloka 2011, heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða til þeirra sem hafa leyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni og heimild til endurgreiðslu 100% virðisaukaskatts til byggjenda og eigenda íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis, auk húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga.

Að lokum

Eins og fyrr segir er hér einungis stiklað á stóru um þær breytingar sem orðið hafa á skattalögum undanfarna mánuði. Af ýmsu fleiru er að taka, bæði stóru og smáu og verða því gerð betri skil síðar.

Úrskurðir



Bragi Freyr
Kristbjörnsson

YSKN 231/2010

Kaup á aflahlutdeild – Skattaleg meðferð aflamarks á kaupári

Skattstjóri felldi niður gjaldfært aflamark í skattskilum kæranda og hækkaði eignir félagsins um sömu fjárhæð. Breytingar skattstjóra voru á því byggðar að í tilviki kæranda hafi verið um kaup á aflahlutdeild ásamt aflamarki yfirstandandi fiskveiðiárs að ræða þannig að ákvæði 48. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, girtu fyrir gjaldfærslu hins keypta aflamarks.

Kærandi fór fram á það í kæru til yfirsattanefndar að honum yrði heimilað að færa leigutekjur vegna leigu aflamarksins til lækkunar á tekjuskattsstofni félagsins og þá einnig til lækkunar á eignfærðum aflaheimildum, þar sem honum hafi ekki verið unnt að nýta hið keypta aflamark í útgerð félagsins. Yfirsattanefnd taldi að enginn lagagrundvöllur væri fyrir kröfu kæranda og var kröfu hans hafnað.

Úrskurður yfirsattanefndar er í samræmi við skattfrankvæmd.

YSKN 244/2010

Vsk – Leiðréttingarskylda innskatts – Sérstök skráning – Nauðungarsala

Skattstjóri hækkaði virðisaukaskatt kæranda, nánar tiltekið vegna leiðréttingar fengins innskatts vegna byggingar fasteignar í eigu kæranda. Áætlaði skattstjóri framangreinda leiðréttingarfjárhæð með hliðsjón af innskatti sem kærandi hafði fært til frádráttar í virðisaukaskattskilum sínum vegna fasteignarinnar. Forsendur skattstjóra fyrir þessum breytingum voru

þær að kærandi, sem var skráður sérstakri skráningu vegna byggingar fasteignarinnar, hafi notið innskattsfrádráttar vegna framkvæmda við húsnæðið. Kærandi seldi umrætt húsnæði sem hafði í för með sér breytingu á forsendum fyrir frádrætti innskatts sem kæranda bar að leiðrétta vegna skattskyldrar starfsemi félagsins samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt. Fyrir lá að kaupandi fasteignarinnar var ekki skráður í grunnskrá virðisaukaskatts og þar af leiðandi ekki bær til að yfirtaka leiðréttingarskyldu vegna eftirstöðva leiðréttingartímabils.

Kærandi krafðist þess að ákvörðun skattstjóra yrði hnekkt og innskattur kæranda látinn standa óbreyttur þar sem um hafi verið að ræða neyðarráðstöfun eigenda kæranda til þess að komast hjá yfirtöku lánveitanda á fasteigninni. Ætlunin hafi verið að kaupandi yfirtæki leiðréttingarkvöðina en fasteignin hafi síðan verið seld nauðungarsölu í tvennu lagi og því hafi lögskil vegna eigendaskiptanna aldrei farið fram. Vísaði kærandi jafnframt til ákvæðis 2. mgr. 56. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu, þar sem fram kemur að hafi nauðungarsölu verið krafist eftir heimild í 6. eða 7. gr. sömu laga falli niður öll veðbönd, umráðaréttindi, kvaðir, höft og önnur réttindi yfir eigninni við útgáfu afsals nema annað leiði beinlínis af lögum. Eignin hafi verið seld með þeim skilmálum að framangreint standi í tilteknum atriðum óhaggað eða kaupandinn hafi síðar tekið það að sér.

Yfirsattanefnd taldi að ekki hafi komið fram í framsali kæranda á fasteigninni að kaupandi yfirtæki skyldu seljanda til að leiðrétta innskatt vegna framkvæmda við fasteignina. Ekki hafi verið gengið frá því með formlegum hætti að kaupandi tæki yfir skyldu seljanda til að leiðrétta innskattsfrádrátt yrði breyting á forsendum hans, enda var ekkert ákvæði þar að lútandi í afsali, dags. 30. nóvember 2006, né kom yfirlýsing kaupanda um yfirtöku á leiðréttingarskyldu fram með öðrum

hætti við kaupin. Þá benti yfirsattanefnd á að samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt, fellur leiðréttingarskylda niður þegar eign er seld nauðungarsölu.

Nauðungarsala á fasteign kæranda fór fram á árinu 2007 og gat því ekki leitt til þess að leiðréttingarskylda kæranda teldist fallin niður enda var hún sprottin af þeirri breytingu á frádráttarrétti sem sala fasteignarinnar hafði í för mér sér. Kröfum kæranda var því hafnað.

Skylda kæranda til þess að standa skil á áður fengnum innskattsfrádrætti vegna byggingar fasteignarinnar varð virk vegna sölu fasteignarinnar til aðila sem ekki var bær til að yfirtaka leiðréttingarskyldu virðisaukaskatts. Þar sem nauðungarsala fasteignarinnar fór fram eftir að leiðréttingarskyldan varð virk er hún ekki talin skapa grundvöll niðurfellingar framangreindrar leiðréttingarskyldu.

YSKN 251/2010

Barnabætur – EES – Fullnægjandi gögn

Kæruefnið í máli þessu var sú ákvörðun skattstjóra að draga áætlaðar barnabætur erlendis frá reiknuðum barnabótum til kæranda, sbr. 5. mgr. a. liðar 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Hafnaði skattstjóri því að kærandi hefði sýnt nægilega fram á að sá aðili sem hafi barn hennar hjá sér í Póllandi hafi ekki fengið greiddar barnabætur með því en skattstjóri tók ekki fram hvaða gögn hann teldi nægja til sönnunar í þessum efnum. Hafi embættið afgreitt umsóknir frá samlöndum kæranda sem sýndu að barnabætur með einu barni færu almennt ekki yfir 50.000 kr.

Þrátt fyrir annmarka á umsókn kæranda um barnabætur ákvarðaði skattstjóri henni barnabætur þannig að til frádráttar hinum reiknuðu barnabótum kæmu áætlaðar barnabætur erlendis að fjárhæð x kr. Kærandi taldi að úrskurðurinn bryti í bága við 11. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 og að hún hafi uppfyllt ákvæði reglugerðar



nr. 555/2004, um greiðslu barnabóta, með síðari breytingum.

Samkvæmt 7. mgr. a. liðar 68. gr. laga nr. 90/2003 má ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkisborgara EES, aðildarríkis stofnsamnings EFTA eða í Færeyjum, enda sé framfærandi skattskyldur hér á landi samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003 eða tryggður á grundvelli 12., 13. eða 14. gr. laga nr. 100/2007, um almannaþryggingar. Skilyrði fyrir ákvörðun barnabóta samkvæmt þessari málsgrein eru þau að börnin séu heimilisföst í einhverju af framantöldum ríkjum og að fram séu lögð fullnægjandi gögn frá bæru stjórnvaldi í því landi þar sem börnin eru heimilisföst.

Yfirsattanefnd tók fram að samkvæmt 7. mgr. a. liðar 68. gr. laga nr. 90/2003 væri það eitt tekið fram að umsækjandi skuli leggja fram upplýsingar um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur erlendis. Í 5. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 555/2004 væri því einu bætt við orðan á umræddri upplýsingaskyldu að lagðar skuli fram upplýsingar „frá bæru stjórnvaldi“. Með vísan til þessa og framlagðra gagna og skýringa kæranda þótti ekki efni til annars en að taka kröfu kæranda til greina, enda þótti kærandi hafa sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að ekki hafi verið greiddar barnabætur erlendis vegna umrædds barns á umræddu tekjuári.

Yfirsattanefnd hnykkir á því að upplýsingar frá „bæru stjórnvaldi“ þurfi að liggja fyrir við umsókn skattaðila um barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi.

YSKN 268/2010

Sjálfstæð skattskylda – Ábyrgð á skuldbindingum

Kærandi í máli þessu var skráð samlagsfélag. Með úrskurði sínum hafnaði ríkisskattstjóri því að kærandi uppfyllti skilyrði sjálfstæðrar skattskyldu samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og felldi niður álagðan tekjuskatt félagsins á framangreindum grundvelli. Ríkisskattstjóri rakti í úrskurði sínum að tilkynnt hafi verið um stofnun kæranda til firmaskrár og að fram hafi komið í félagssamningi að samlagsfélagið skyldi vera sjálfstæður skattaðili. Í samningnum hafi jafnframt komið fram að stofnfé félagsins væri ekkert og að eignarhlutföll skiptust þannig að hlutur H væri 99,9% og hlutur HH væri 0,1%. Þá hafi komi fram að H ábyrgðist allar skuldir félagsins gagnvart þriðja manni og að HH ábyrgðist ekki skuldir þess. Hagnaði eða tapi af starfsemi félagsins skyldi skipt pro rata í samræmi við framangreind eignarhlutföll og ætti félagið ekki fyrir skuldum við slit þess skyldi það sem á vantaði greitt af eigendum í sömu hlutföllum. Ríkisskattstjóri kvað ljóst samkvæmt framansögðu að H ábyrgðist allar skuldir kæranda gagnvart þriðja manni og að HH bæri enga ábyrgð á skuldum félagsins. Að því athuguðu og að HH hafi ekki lagt fram neitt stofnfé við stofnun kæranda yrði ekki talið að hinum óverulega eignarhlut hans fylgdi nein ábyrgð í raun. Yrði því að líta svo á að um einkarekstur H væri að ræða. Yrði því ekki talið að kærandi uppfyllti lagaskilyrði fyrir sjálfstæðri skattskyldu og því bæri að skattleggja tekjur félagsins hjá H. Í kærnu til yfirsattanefndar kom fram að kærandi væri

löglega stofnað samlagsfélag sem skráð hafi verið í firmaskrá í samræmi við lög. Jafnframt hafi félagið verið fært í fyrirtækjaskrá og verið skráð í grunnskrá virðisaukaskatts og því léki enginn vafi á því að öll skilyrði sjálfstæðrar skattskyldu væru uppfyllt í tilviki kæranda.

Yfirsattanefnd tók fram að það hafi verið einkenni svonefndra samlagsfélaga að einn eða fleiri félagsmenn bæru beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en einn eða fleiri félagsmenn bæru einungis ábyrgð að því marki sem fjárframlag þeirra til félagsins nemur. Í tilviki kæranda væri það ljóst að ekki væri um að ræða neitt fjárframlag HH til félagsins enda engu stofnfé til að dreifa. Að því athuguðu og þegar litið væri til ákvæða félagssamningsins um eignarhlutföll og ábyrgð að öðru leyti, sem hefðu í för með sér að ábyrgð HH á starfsemi kæranda væri í raun hverfandi, sem og þess að nákomnir aðilar hafi staðið að stofnun kæranda, yrði að fallast á það með ríkisskattstjóra að atvik bentu eindregið til þess að stofnun kæranda hafi verið til málamynda gerð í skattalegu tilliti. Með hliðsjón af því var kröfum kæranda hafnað.

Yfirsattanefnd staðfestir að ríkisskattstjóra sé heimilt að líta til atvika sem benda til þess að stofnun félaga sé gerð til málamynda í skattalegu tilliti. Í máli þessu þóttu atvik benda til þess að ábyrgð stofnanda félags á skuldbindingum þess samræmdist ekki skilyrðum slíkra félaga til sjálfstæðrar skattskyldu.

YSKN 270/2010

Fjármagnstekjuskattur – Vaxtatekjur af sölu verðbréfa – Neikvæðir vextir

Ágreiningsefni málsins varðaði þá kröfu kæranda að tilgreindar vaxtatekjur vegna sölu/innlausnar hlutdeildarskírteina í peningamarkaðssjóði K, samkvæmt greinargerð um sölu/innlausn verðbréfa sem fylgdi skattframtali kæranda, yrðu felldar undan skattlagningu fjármagnstekjuskatts. Kærundur töldu að líta bæri á hlutdeild þeirra í peningamarkaðssjóðnum sem eina eign en ekki sex sjálfstæðar sölur/innlausnir og því ætti þeim að vera heimilt að draga frá heildarhagnaðinum það tap sem þeir urðu fyrir. Vextir hafi verið neikvæðir og því ætti ekki að koma til neinnar skattlagningar á vaxtatekjum.

Skattstjóri taldi hins vegar að umræddar vaxtatekjur væru skattskyldar á grundvelli 3. tölul. c. liðar 7. gr. laga nr. 90/2003,

sbr. 8. gr. sömu laga. Tók hann fram að engin lagaheimild væri til að draga frá skattskyldum vaxtatekjum þá neikvæðu vexti sem kynnu að verða til við innlausn verðbréfa. Þá næði heimild til frádráttar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2003 einungis til taps sem skattaðili hafi orðið fyrir vegna sölu sams konar eigna á sama ári og tæki því ekki til neikvæðra vaxtatekna við innlausn verðbréfa.

Yfirsattanefnd taldi að framan- greind heimild 1. mgr. 24. gr. ætti ekki við í tilviki kæranda þar sem það ákvæði ætti aðeins við um hagnað af sölu eigna samkvæmt 12.-27. gr. laganna. Yfirsattanefnd tók einnig fram að hvergi í skattalöggjöfinni væri fyrir að fara sérstakri heimild til slíkrar uppgjörsaðferðar og þótti engu breyta um niðurstöðuna þótt umræddar sölu/innlausnir hafi farið fram á ýmsum tímum innan sama árs enda yrði að líta svo á að um sjálfstæðar sölu hafi verið að ræða. Þessari máls- ástæðu kæranda var því hafnað.

Kærandur gerðu einnig kröfu um að þeim yrði heimilaður mótreikningur vegna tapaðra fjármagnstekna samkvæmt 2. tölul. b. liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003. Yfirsattanefnd tók fram að við fjórar sölu kæranda á hlutdeildarskírteinum hafi umræddar vaxtatekjur verið greiddar kærendum sem hluti söluverðs bréfa og orðið þeim þar með lausar til ráðstöfunar. Við eina innlausn á hlutdeildarskírteinum hafi hins vegar myndast tap. Ekki var fallist á það með kærendum að 2. mgr. 2. tölul. b. liðar 1. mgr. 30. gr. laganna ætti við um greint tap enda var ekki um að ræða tap á greiðslukræfum fjármagnstekjum í skilningi ákvæðisins heldur tap vegna gengislækkunar við sölu umræddra hlutdeildarskírteina. Þessi krafa kæranda var því ekki tekin til greina.

Í máli þessu byggir kærandi kröfu sína á því að honum sé heimilt, með vísan til nokkurra ákvæða laga um tekjuskatt, að draga frá reiknuðum fjármagnstekjum tapaðar fjármagnstekjur og neikvæða vexti af seldum verðbréfum. Yfirsattanefnd hnykkir á því að hvergi í skattalöggjöfinni sé að finna ákvæði sem heimili slíka uppgjörsaðferð. Niðurstæða yfirsattanefndar er í samræmi við úrskurðaframkvæmd.

YSKN 273/2010

Skil á lóð – Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts á verðbætur – Sveitarfélög ekki skilaskyldir aðilar

Kærandi í máli þessu keypti íbúðarhúsaloð af R. Mun kaupverð lóðarinnar hafa falið í sér greiðslu gatnagerðargjalds og heimæðargjalds auk greiðslu fyrir byggingarrétt. Í þeim skilmálum R um úthlutun íbúðarhúsaloða sem í gildi voru á þessum tíma var kveðið á um það að hyrfi lóðarhafi af einhverjum ástæðum frá því að byggja á lóð sem hann hefði fengið úthlutað bæri honum að skila lóðinni aftur til R gegn endurgreiðslu þess sem hann hefði greitt fyrir lóðina, að teknu tilliti til hækkunar vísitölu byggingarkostnaðar frá greiðsludegi til endurgreiðsludags.

Á þessum grundvelli skilaði kærandi lóðinni til R og sama ár endurgreiddi sveitarfélagið kæranda fyrir lóðina auk verðbóta. Af fjárhæð verðbótanna dró R staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts. Deilt var um réttmæti þessa afdráttar. Krafa kæranda laut að því að R gæti ekki talist skilaskyldur aðili vegna fjármagnstekjuskatts, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Yfirsattanefnd komst að þeirri niðurstöðu að sveitarfélög væru ekki tilgreind með skilaskyldum aðilum vegna staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur á þeim tíma sem mál þetta tók til. Af þeirri ástæðu var fallist á kröfu kæranda og afdregin staðgreiðsla felld niður.

Yfirsattanefnd staðfestir að sveitarfélög hafi ekki á þeim tíma sem mál þetta varðar verið skilaskyldir aðilar vegna staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum. Af þeim sökum hafi þeim ekki verið heimilt að halda eftir staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum vegna skila kæranda á íbúðarloð.

YSKN 278/2010

VSK – Sérstök skráning – Tíma- mörk skráningar – Málsmeðferð

Kæruelfnið í máli þessu var sú ákvörðun skattstjóra að synja kæranda um sérstaka skráningu samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign, með síðari breytingum. Með úrskurði sínum hafði skattstjóri synjað kæranda um sérstaka skráningu frá 1. janúar 2007 en heimilað frjálsa skráningu vegna útleigu á nýbyggðu fjósi frá 1. júlí 2008.

Kærandi taldi að öll skilyrði sérstakrar skráningar hafi verið uppfyllt þegar óskað var eftir skráningu en skattstjóri byggði synjun sína á því að hið nýbyggða fjós hafi verið tekið til óskattskyldra nota. Var það því mat skattstjóra að skilyrði afturvirk- ar frjálsrar skráningar frá og með 1. apríl

2008 væru ekki uppfyllt, enda hafi þær fasteignir sem um ræðir ekki verið notaðar fyrir atvinnurekstur skattskylds aðila. Af þeim sökum uppfyllti kærandi ekki skilyrði framangreindrar reglugerðar um sérstaka skráningu.

Deiluefnið snerist fyrst og fremst um það hvenær fjósið hafi verið tekið í notkun. Af hálfu kæranda var ávallt staðhæft að útleiga fjóssins hafi ekki hafist fyrr en þann 1. maí 2008. Ekki hafi verið um það að ræða að útleiga húsnæðisins hafi hafist áður en aflað hafi verið frjálsrar skráningar, svo sem skattstjóri hélt fram. Raunveruleg útleiga hafi ekki hafist fyrr en 1. maí 2008 en fram að þeim tíma hafi eðlilega ekki verið greidd nein leiga og enginn virðisaukaskattur innheimtur af leigugjaldinu.

Yfirsattanefnd taldi að skattstjóra hafi hvorki tekist að sýna fram á umfang þeirra afnota sem kærandi hafði af fjósinu fyrir gildistöku leigusamningsins né taldi hún að þau gögn sem skattstjóri byggði mál sitt á gæfu tilefni til þess að draga í efa skýringar kæranda á upphafsíma afnotanna og því hvenær byggingu fjóssins hafi endanlega verið lokið. Með vísan til þess taldi yfirsattanefnd að ekki væri tilefni til að líta svo á að hið nýbyggða fjós félagsins hafi verið tekið til óskattskyldra nota í skilningi reglna um sérstaka skráningu og var aðalkrafa kæranda um sérstaka skráningu tekin til greina.

Enn fremur taldi yfirsattanefnd að skattstjóri hafi byggt ákvörðun sína um að synja beiðni kæranda um sérstaka skráningu á upplýsingum um málsatvik sem skattstjóri aflaði að eigin frumkvæði. Kærandi hafi því ekki átt kost á að kynna sér og tjá sig um þau fyrr en við kæru- meðferð málsins. Taldi yfirsattanefnd að með málsmeðferð skattstjóra hafi verið farið á svig við lögfestan andmæla- og upplýsingarétt kæranda, sbr. 13. og 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í máli þessu er deilt um það hvenær byggingu fjóss var lokið og hvenær skattskyld not hófust. Í niðurstöðu yfirsattanefndar kemur fram að skattstjóra hafi ekki tekist að hrekja skýringar kæranda um það hvenær fjósið var tekið til notkunar. Sömueldis er á því byggt að heimildir skattstjóra og gögn sem hann byggði synjun sína á hafi ekki verið kynnt kæranda. Að öðru leyti er niðurstæða yfirsattanefndar í samræmi við úrskurðaframkvæmd.

Kaup- og söluréttur á hlutabréfum, fjármagnstekjur eða launatekjur

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur dags. 1. nóvember 2010
í málinu Bjarki Diego gegn íslenska ríkinu.



Guðrún Jenny
Jónsdóttir

Málsatvik eru þau að B sem var starfsmaður banka gerði kaupréttarsamning um kaup á hlutabréfum í bankanum. Jafnframt var gerður söluréttarsamningur á milli B og bankans. Sem gagn-gjald fyrir söluréttinn skuldbatt B sig til að selja hlutabréfin ekki næstu þrjú árin en ef hann gerði það engu að síður skyldi hann greiða bankanum féviti. Þá var kveðið á um það í samningum aðilanna að sölurétturinn félli niður ef B léti af störfum hjá bankanum. B naut allra réttinda sem fylgdu eignarhaldi á hlutabréfunum, s.s. atkvæðisréttar, arðs, forgangs til hlutafjárhækkunar og útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Einu takmarkanirnar sem voru á hlutabréfunum voru framangreindar ráðstöfunarhömlur sem leiða mátti af veðsetningu hlutabréfanna og sölubann. Ríkisskattstjóri endurákvæðaði opinber gjöld B vegna tekjuáranna 2004 og 2005 á þeim forsendum að samningar B og bankans hafi falið í sér ákveðna kaupréttarútfærslu og að skattleggja bæri þá hækkun sem varð á verðgildi hlutabréfanna á meðan sölurétturinn var í gildi sem laun. B stefndi að svo komnu íslenska ríkinu og krafðist þess að úrskurður ríkisskattstjóra yrði ógiltur og að viðurkennt yrði að framtalsskil hans hafi verið rétt. Kröfur sínar studdi B þeim rökum að ríkisskattstjóri hafi verið vanhæfur til að fara með málið þar sem að í fréttablaði embætt-

isins, Tíund, hafi birst greinar eftir deildarstjóra þeirrar deildar sem fór með mál B. Í umræddum greinum hafi komið fram dylgjur og fyrirlitning á lánveitingum til starfsmanna fjármálaafyrirtækja vegna hlutabréfakaupa. Þá hafi ríkisskattstjóri verið fyrirfram búinn að taka afstöðu til þess úrlausnarefnis sem mál þetta fjallar um, án þess að stefnandi hafi komið að andmælum, með því að fullyrða í blaðaviðtali að embættið liti á tekjur af kaup- og söluréttum sem launatekjur.



...stefnandi var í aðstöðu til að afla sér tekna sem myndast kynnu við mismun verðs hlutanna er sölurétturinn félli úr gildi en áhætta hans vegna lækkunar verðs var engin

B vísaði einnig til þess að hann hafi ekki notið launatekna af þeim samningum sem gerðir voru í skilningi tekjuskattslaga, reglugerðar frá árinu 1963 eða einhverjum öðrum réttarheimildum og af þeim sökum hafi ekki verið tilefni til að endurákvæða skattskil vegna umræddra samninga. Þá sé ekki að finna í lögum skilgreiningu á hugtökunum „kaupréttur“ og „söluréttur“ en óumdeilt hvernig beri að skýra hugtökin. Með kaupum á hlutabréfunum hafi B teknið á sig skuldbindingu þrátt fyrir að hafa ekki lagt út fjármuni vegna kaupanna. Áhætta vegna skuldbindingarinnar hafi

aftur á móti verið takmörkuð með söluréttarsamningnum og að þeir söluréttir hafi ekki verið veittir án endurgjalds sem birtist m.a. í takmörkunum á ráðstöfunarétti B. Þessi takmörkun á áhættu B kom þó ekki í veg fyrir áhættu hans af eignarhaldinu sjálfu þar sem hann tók áhættu af gjaldþroti bankans og áhættu af því að þurfa að greiða skatt af mögulegri nýtingu söluréttar við sölu hefði hlutabréfaverð í bankanum lækkað. B taldi ljóst að hann hafi við hlutabréfakaupin orðið eigandi bréfanna og notið allra þeirra réttinda sem eignarhald yfir bréfunum fól í sér – hann hafi þannig ekki átt kauprétt að hlutabréfunum í bankanum eða notið einhverrar kaupréttarútfærslu eins og ríkisskattstjóri hafi haldið fram.

B vísaði til þess að ekki væri heimilt að lögjafna frá 9. gr. tekjuskattslaga líkt og ríkisskattstjóri virðist gera þar sem framangreint ákvæði hafi að geyma sérreglu sem ekki sé unnt að skýra rúmri skýringu. Jafnframt taldi B ekki unnt að vísa til raunveruleikareglu 57. gr. tekjuskattslaga enda hafi ákvæðið að geyma reglur um milliverðlagningu. Jafnframt hafi skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins ekki verið fyrir hendi þar sem viðskipti B og vinnuveitanda hans voru ekki á neinn hátt frábrugðin því sem almennt gerist milli starfsmanna og vinnuveitanda.

B vísaði ennfremur til þess að ríkisskattstjóri liti ekki heildstætt á málavexti og þá staðreynd að enginn hagnaður hafi verið af viðskiptunum. Þá kom fram í máli B að tryggingin sem hann hafi notið fyrir verðlækkun hlutabréfanna hafi í raun verið lakari en þau kjör sem buðust öðrum viðskiptavinum bankans. Henni hafi enda fylgt 10% persónuleg ábyrgð á heildarfjárhæð þeirra lána sem hann tók fyrir hlutabréfakaupunum.

Stefnandi taldi að endurákvörðun ríkisskattstjóra væri óheimil þar sem tveggja ára frestur 2. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga hafi verið liðinn og úrskurður ríkisskattstjóra feli í sér afturvirka breytingu á skattframtækni. Engar reglur eða leiðbeiningar hafi legið fyrir um hvernig fara skyldi með sölurétti í skattalegu tilliti og skattfyrirvöldum hafi verið fullkunnugt um þann sölurétt sem B hafði enda var upplýst um það opinberlega, m.a. í tilkynningum til Kauphallarinnar.

Að síðustu vísaði B til þess að ríkisskattstjóri hafi átt að beina kröfum sínum að bankanum sjálfum, vinnuveitanda B, enda hafi honum borið að halda eftir staðgreiðslu af meintum launatekjum. Vinnuveitandi B

Vegna meints vanhæfis ríkisskattstjóra tók stefndi fram að sá texti sem vísað væri til í stefnu væri slitinn úr samhengi, blásinn upp og staðhæft um skoðanir og afstöðu greinarhöfundar. Í greininum hafi verið að finna almenna og hlutlausu umfjöllun um tiltekinn málaflökk. Stefndi vísaði til þess að ríkisskattstjóri hafi leiðbeingarskyldu skv. tekjuskattslögum og ekkert óeðlilegt sé við það að ríkisskattstjóri eða starfsmenn hans fjölluðu almennt og hlutlaust um atvik sem snúi að skattamálu.

Stefndi vísaði einnig til niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur í máli Þórðar Más Jóhannssonar gegn íslenska ríkinu þar sem niðurstaðan var að söluréttarsamningur

að úrskurður ríkisskattstjóra væri ógildur vegna vanhæfis. Í dómi héraðsdóms segir ennfremur orðrétt:

„Ekki verður framhjá því litið að tilgangur fjármálagerna þeirra sem gerðir voru var sá að þeir virkuðu sem kaupauki fyrir stefnanda en jafnframt því að hann eignaðist hlutina skyldi hann tryggður fyrir hugsanlegri verðlækkun þeirra. Þá lánaði bankinn honum allt andvirði bréfanna og skyldu lánin endurgreidd í lok samningstíma. Samkvæmt samningunum átti stefnandi val um það að liðnum 3 árum hvort hann ætti hlutina áfram eða seldi þá en í hvoru tilvikinu um sig gerðu samningarnir ráð fyrir því að stefnandi greiddi lán það sem hann hafði fengið til kaupanna. Fólst í þessu að stefnandi var í aðstöðu til að afla sér tekna



hafi ítrekað lýst því yfir að B ætti að bera takmarkaða áhættu af hlutabréfakaupunum, hvort heldur vegna mögulegra skattgreiðslna eða annars kostnaðar, og þannig lýst því yfir með skýrum hætti að hann myndi standa skil á þeim opinberum gjöldum sem kynnu að falla til.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu. Í málflytningu stefnda kom fram að af samningunum og upplýsingum úr fundargerðum stjórnar- og hluthafafunda bankans væri ljóst að aldrei hafi staðið til að starfsmenn þyrftu að taka á sig tap vegna þessara samninga. Þess í stað hafi ítrekað verið reynt að tryggja þeim skaðlausu undankomu ef verð hlutabréfa færi að lækka. Stefndi vísaði og til þess að engin raunveruleg kaup hafi átt sér stað fyrr en sölurétturinn rann út eða féll úr gildi. Augljóst sé að B hafi fengið kost á umræddum samningum vegna starfsambands hans við bankann og skv. 7. gr. tekjuskattslaga teljast til skattskyldra tekna starfstengd hlunnindi sem veitt eru sem endurgjald fyrir hvers konar vinnu.

og tengdir samningar hafi í skattalegu tilliti falið í sér nýtingu stefnanda á kauprétti. Þá kemur fram ekki séu fyrir hendi haldbær gögn um að B og öðrum starfsmönnum hafi verið meinað að selja hlutabréfin þegar söluréttur rann út.

Stefndi vísaði á bug röksemdum B þess efnis að beina hafi átt kröfunni um vanguardins skatt að vinnuveitanda hans með þeim rökum að sérstaklega komi fram í samningum sem B gerði við bankann að skattskylda sem kunni að myndast vegna samninganna sé á ábyrgð kaupanda. Þannig hafi einkaréttarlegir samningar um skiptingu ábyrgðar vegna skattgreiðslna ekki gildi gagnvart skattfyrirvöldum eða innheimtumönnum ríkissjóðs.

Í niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að ummæli ríkisskattstjóra séu ekki þess eðlis að þau skírskoti til sérstaks tilviks og hvað þá tilviks B. Um sé að ræða almenn viðhorf til þess hvernig fara skuli með skattskil vegna ávinnings þeirra sem hafi kaup- og sölurétt. Ekki var þannig fallist á þá málásátæðu stefnanda


sem myndast kynnu við mismun verðs hlutanna er sölurétturinn félli úr gildi en áhætta hans vegna lækkunar verðs var engin.“

Að þessu virtu komst dómari að þeirri niðurstöðu að 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga ætti við í tilviki B og að fallast yrði á það með stefnda að í samningum B og bankans hafi falist yfirfærsla kaupréttar sem er samskonar þeim sem verður með kaupréttarsamningi. Af þeim sökum beri að skattleggja mismuninn sem laun skv. 1. mgr. 1. tölul. a. liðar 7. gr. tekjuskattslaga enda falli þessir gerningar í reynd undir 9. gr. laganna. Þá kemur ennfremur fram í dóminum að endurákvörðunarheimild ríkisskattstjóra í máli þessu hafi ekki verið tvö ár heldur sex, sbr. 1. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga enda hafi ekki verið upplýst um samninga þessa í framtölum stefnanda eða fylgigögnum þeirra.

Íslenska ríkið var þannig sýknað af kröfum B. Gera má ráð fyrir að dóminum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Álagning á lögaðila vegna rekstrarársins 2009

Um miðjan október lauk ríkisskattstjóri við að leggja skatta og gjöld á lögaðila vegna rekstrarársins 2009. Árið 2009 var fyrsta heila árið eftir að bankarnir fóru í þrot og því áhugavert að sjá hvaða áhrif fall þeirra hafði á niðurstöður álagningar.



Páll Kolbeins

Nú voru alls lagðir 78,4 milljarðar á lögaðila sem er fimm milljörðum minna en fyrir ári. Rúmir 29,8 milljarðar voru lagðir á fyrirtæki í tekjuskatt og 46,2 milljarðar í tryggingagjald. Þá voru nokkur smærri gjöld einnig lögð á lögaðila. Búnaðargjald var lagt á lögaðila í landbúnaði, jöfnunargjald alþjónustu var lagt á fjarskiptafyrirtæki, iðnaðarmálagjald var lagt á iðnfyrirtæki og loks var útvarpsgjald lagt á alla gjaldskylda lögaðila, aðra en þá sem orðið höfðu gjaldþrota eða hætt starfsemi á árinu. Tekjuskattur af hagnaði var nú rúmum 5,6 milljörðum minni en árið áður en tryggingagjald hækkaði hins vegar um rúman milljarð á milli ára. Alls voru nú 43.990 lögaðilar á skattgrunnskrá, þar af voru 35.709 skattskyld félög og 8.281 aðili undanþeginn tekjuskatti, þ.e. opinberir aðilar og ýmiss konar félagasamtök. Ríkisskattstjóri lagði tekjuskatt á 16.995 félög eða 1.098 fleiri félög en árið áður. Tryggingagjald var lagt á 16.461 lögaðila eða 399 færri en árið áður.

Skattar lækkaðir

Undanfarinn áratug hefur lögaðilum á skattgrunnskrá fjölgað verulega. Það má segja að hér sé um að ræða þróun sem hófst árið 1995 en þá komu einkahlutafélög fyrst til sögunar. Krafa um hlutafé í einkahlutafélögum var lægri en í öðrum

félögum sem auðveldaði mönnum að stofna félög með takmarkaða ábyrgð um lítil fyrirtæki sem áður hefðu verið rekinn á kennitölum einstaklinga. Töluvert var um að hlutafélögum væri umbreytt í einkahlutafélög á árunum 1995 og 1996 og skipti þar nokkru að lágmarkshlutfé í einkahlutafélögum þurfti ekki að vera jafn hátt og í öðrum hlutafélögum.

”

Tekjuskattur af hagnaði var nú rúmum 5,6 milljörðum minni en árið áður en tryggingagjald hækkaði hins vegar um rúman milljarð á milli ára

Það var ekki aðeins að mönnum væri gert auðveldara að stofna einkahlutafélög heldur voru skattar á lögaðila einnig lækkaðir jöfnum skrefum. Tekjuskattur var lækkaður mikið í nokkrum áföngum á árunum 1990 til 1994 eða úr 50% í 33% og síðan úr 33% í 18% við álagningu 2003. Skatthlutfallið var síðan lækkað í 15% við álagningu árið 2009 og hafði þannig lækkað um 70% á tveimur áratugum. Þá var eignarskattur sem lagður var á hreina eign lögaðila einnig lækkaður úr 1,2% í 0,6% við álagningu árið 2003. En eignarskattur var aflagður og með álagningu á árinu 2005.

Á árinu 2001 var tekjuskattslögum breytt þannig að einstaklingar sem ráku fyrirtæki í eigin nafni gátu frá og með árinu 2002 umbreytt einstaklingsrekstri í einkahlutafélag án þess að greiða söluhagnað þegar eignir voru færðar yfir í einkahlutafélagið. Á þessa breytingu reyndi þannig fyrst við álagningu árið 2003. Á almanaksárinu 2002 fækkaði þeim einstaklingum sem reiknuðu sér endurgjald um 2.612 en á sama tíma fjölgaði skattskyldum lögaðilum um 2.833.

Það var ekki aðeins að skattprósenta af hagnaði lögaðila væri lækkuð og mönnum auðveldað að stofna einkahlutafélög heldur var skattur af þeim hagnaði sem var greiddur út úr fyrirtækjum til eigenda einnig lækkaður. Árið 1998 var tekinn upp 10% skattur á arð sem greiddur var út úr félögum en fyrir þann tíma hafði arður verið skattlagður til jafns við launatekjur. Umtalsvert skattalegt hagræði gat því verið af því að umbreyta einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag. Sem dæmi má nefna að við álagningu árið 1997 var tekjuskattur einstaklinga 41,94%. Að auki var greiddur 5% hátekjuskattur af hærri tekjum en rúmum 2,8 milljónum. Þetta var m.a. sá skattur sem greiddur var af hreinum hagnaði af atvinnurekstri sem rekinn var á kennitölu einstaklings.

Árið 2009 var greiddur 15% skattur af hagnaði einkahlutafélags og 10% skattur af útgreiddum arði. Heildarskattur á einkahlutafélag var því 23,5% og hafði því lækkað í samanburði við einstaklingsrekstur um tæp 44% eða um helming ef reiknað er með hátekjuskatti. Þó svo að ýmis kostnaður sé við rekstur einkahlutafélaga er augljóst að margir hafa séð sér hag í því að umbreyta einstaklingsrekstri í einkahlutafélag. Breytingarnar á lögum um félög og fyrirtækjaskatta hafa vafalaust verið ein meginorsök þess að allt frá árinu 1998 hefur þeim einstaklingum fækkað sem reikna sér endurgjald, vegna vinnu við eigin atvinnurekstur.




Í staðinn fluttu menn einstaklingsrekstur yfir í einkahlutafélag eða stofnuðu félag um rekstur sem hafði áður verið rekinn á kennitölu eiganda en skyldan til að ákvarða reiknað endurgjald var eftir sem áður fyrir hendi vegna ákvörðunar launa vegna vinnu í þágu félagsins.

Lögaðilum fjölgar


Þegar litið er yfir síðastliðinn áratug sést framangreind þróun greinilega. Við álagningu árið 1998 voru 39.921 fyrirtæki í landinu og þar af voru 26.653 rekin á kennitölu eiganda en tekjuskattskyldir lögaðilar voru 13.268. Hér er litið fram hjá opinberum aðilum sem eru undanþegnir tekjuskatti. Við álagningu 2010 voru 52.266 fyrirtæki í landinu; 35.709 lögaðilar og 16.557 fyrirtæki sem rekin voru á kennitölu eiganda. Lögaðilar voru þannig 22.441 fleiri en árið 1998 og hafði fjölgað um 169,1% á sama tíma og 10.096 færri einstaklingar reiknuðu sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur. Á þessu tímabili fjölgaði einstaklingum á skattgrunnskrá um 51.293 eða 24,4%. Fyrirtækjum, tekjuskattskyldum lögaðilum og einstaklingum með rekstur fjölgaði um 12.345 eða 30,9%. Fjölgun rekstraráðila er því, þegar allt kemur til alls, ekki svo ýkja mikið úr takti við fjölgun íbúa í landinu og aukin efnahagsleg umsvif.

Mikil gróska í efnahagslífi landsmanna um miðjan tíunda áratuginn og þau umsvif sem af henni leiddu urðu til þess að fleiri stofnuðu félög. Þá voru einnig margir sem stofnuðu fleiri en eitt félag. Hér er bæði um að ræða venjuleg rekstrarfélög og ekki síður eignarhaldsfélög. Eignarhaldsfélög voru nær óþekkt hér á landi fyrir nokkrum árum en sprenging varð í stofnun slíkra félaga þegar umsvif ýmiss konar fjármálastarfsemi jukust í landinu um miðjan síðasta áratug. Við álagningu 1999 voru 246 félög skráð í atvinnugreininni „rekstur eignarhaldsfélaga“, skv. íslensku atvinnugreinaflokkinum, ÍSAT-95. Við álagningu árið 2008 voru félög í þessari atvinnugrein orðin 2.872 að tölu og 2.947 við álagningu 2009. Þrátt fyrir að mörg þessara félaga hafi lítt mátt við falli lögeyrinsins og tap sumra sé gríðarlegt, þá fjölgar eignarhaldsfélögum enn á skrá hjá fyrirtækjaskrá. Við álagningu nú 2010 voru þessi félög orðin 3.191.

Eignarhaldsfélög eru oft á tíðum ekkert annað en ígildi verðbréfasjóða sem gera eigendum kleift að fjárfesta í verðbréfum fyrir lánsfé og með takmarkaðri ábyrgð eigenda. Komið hefur á daginn að þessi félög eru stundum vettvangur óhefðbund-



Fjöldi eignarhaldsfélaga 1999 til 2010



inna viðskipta þar sem eignir, tekjur og gjöld eru háð verðbreytingum á markaði eða einhvers konar huglægu mati þeirra sem að málum koma. Það þýðir að afkoma þeirra er oftast en ekki fremur háð sveiflum á mörkuðum ólíkt hagnaði rekstrarfélaga sem byggir á raunverulegri verðmætasköpun og framleiðslu á vöru eða þjónustu. Tap eigenda eignarhaldsfélaga takmarkast við hlutfé í félaginu og annað eigið fé en litlar skorður eru settar gróðranum sem getur verið ævintýrlegur þegar vel gengur og verð á mörkuðum hækkar. Þessi félög tóku oft á sig miklar skuldir í erlendum gjaldmiðlum til að fjármagna

hlutabréfakaup eða aðrar áhættufjárfestingar. Áhætta bankanna sem lánuðu til kaupanna var mjög mikil og þegar upp var staðið var tapið gríðarlegt. Yfirvöld rannsaka nú starfsemi margra eignarhaldsfélaga, ekki síst ábyrgð eigenda og stjórnenda, og þátt bankanna í starfsemi þeirra í aðdraganda hrunsins.

Tekjuskattur lækkar

Þrátt fyri lækkun skatthlutfalla jókst tekjuskattur lögaðila mjög mikið síðastliðinn áratug. Þróunin frá árinu 2004 er sérstaklega athyglisverð. Árið 2004 voru lagðir á lögaðila rúmir 13,6 milljarðar í tekjuskatt.

Premur árum síðar, árið 2007, nam skattur á hagnað lögaðila 42,7 milljörðum. Þetta er gríðarleg aukning sem skýrist fyrst og fremst af umfangi fjármálastarfsemi í landinu, vexti hagkerfisins og því að erlend félög völdu að greiða skatta hér á landi vegna lágra skatta á fyrirtæki.

Þá má ekki gleyma því að þótt lítil fyrirtæki greiði yfirleitt tiltölulega lítinn tekjuskatt og bróðurpartur álagðra tekjuskatta sé iðulega borinn af fremur fáum félögum, þá hefur vafalaust skipt nokkru að margir hafa umbreytt einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag. Hagnaður sem áður var talinn fram á skattframtali einstaklings er nú talinn fram sem hagnaður lögaðila og skattlagður sem slíkur. Í þessu sambandi má nefna að hreinar tekjur einstaklinga með rekstur, þ.e. hagnaður af atvinnustarfsemi sem rekin er í nafni eiganda, var rúmum níu milljarðar árið 1999. Níu milljarðar voru þá tæp 3% tekjuskattsstofns einstaklinga sem var svipað hlutfall og árin þar á undan. Við álagningu 2010 var hreinn hagnaður einstaklinga með rekstur 6,6 milljarðar sem var þá um 0,8% tekjuskattsstofns. Ef hreinn hagnaður hefði vaxið til jafns við tekjuskattsstofnin og verið sama hlutfall hans og árin 1991 til 1999 hefði mátt búast við að hagnaður af fyrirtækjum einstaklinga með rekstur hefði orðið um 24 milljarðar. Ef tekjuskattur og útsvar, sem voru 37,2% við álagningu 2010, hefðu verið lögð á þennan stofn hefði mátt búast við að skattur af hreinum hagnaði af atvinnustarfsemi sem

Álagning lögaðila 2009 og 2010

Álagningarár Milljónir kr.	Skattar				Fjöldi gjaldenda			
	2009	2010	Breyting 2009-2010		2009	2010	Breyting 2009-2010	
Tekjuskattur	35.375	29.752	-5.622	-15,9%	15.897	16.995	1.098	6,9%
Fjármagnstekjuskattur	1.419	1.226	-192	-13,6%	234	265	31	13,2%
Búnaðargjald	136	161	25	18,5%	489	530	41	8,4%
Jöfnunargjald	260	44	-216	-83,1%	38	41	3	7,9%
Iðnaðarmálagjald	479	431	-49	-10,1%	6.264	6.198	-66	-1,1%
Útvarpsgjald	544	558	14	2,6%	31.629	32.444	815	2,6%
Tryggingagjald	45.211	46.244	1.034	2,3%	16.860	16.461	-399	-2,4%
Samtals	83.422	78.417	-5.006	-6,0%				
Skattskyld fyrirtæki					34.195	35.709	1.514	4,4%

Markaðsgjald og iðgjald slysatryggingar sjómanna eru hér talin með í tölum um tryggingagjald.




rekin var á kennitölu eigenda hefði skilað um níu milljörðum til ríkis og sveitarfélaga. Nú var 15% tekjuskattur lagður á hagnað lögaðila og því má reikna með að fyrirtæki hefðu greitt um 3,6 milljarða af 24 milljarða hagnaði.

Fleiri félög áætluð


Samfara fjölgun lögaðila á skrá hefur hlutfall þeirra sem ekki skila framtali fyrir lok skilafrests heldur aukist á milli ára. Ríkisskattstjóri áætlaði nú skatta og gjöld 12.548 tekjuskattsskyldra félaga samanborið við 11.607 félög í fyrra. 23.161 félag skilaði framtali fyrir skilafrest. Skattar um 35% félaga voru nú byggðir á áætlun. Við upphaf tíunda áratugarins áætluðu skattstjórar skatta um 25% skattskyldra lögaðila í landinu.

Að þessu sinni voru lokaskil félaga á skattframtali 10. september sl. Skattar félaga sem ekki skila innan framtalsfrests eru áætlaðir af ríkisskattstjóra. Um miðjan október sl. lauk ríkisskattstjóri við að leggja skatta á lögaðila og voru álagningarseðlar sendir út í lok mánaðarins og miðast niðurstaða álagningar við þann tíma. Lögaðilar hafa mánuð til að kæra álagningu ríkisskattstjóra. Þó að framtalsfrestur renni út fyrri hluta september halda framtöl áfram að berast fram yfir áramót en þegar upp er staðið má búast við að um 15 - 20% tekjuskattsskyldra lögaðila skili ekki framtali. Skattar þessara fyrirtækja eru því áætlaðir og er innheimtumönnum ríkisins ætlað að innheimta kröfurnar. Eins og gefur að skilja eiga niðurstöður álagningar 2010 því eftir að taka nokkrum breytingum þegar lengra líður frá álagningu og fleiri framtöl berast.

Sem fyrr segir var nú lagður tekjuskattur á 16.995 tekjuskattsskyld félög. Tekjuskattur 10.409 félaga var byggður á áætlun ríkisskattstjóra. Tekjuskattur 6.586 félaga byggði á upplýsingum úr skattframtali sem skilað hafði verið inn fyrir framtalsfrest. Ríkisskattstjóri áætlaði 6.206 félögum minna en 500 þúsund í tekjuskatt en 1.752 þurfa að greiða meira en milljón. Þá voru 2.139 félög sem ekki var áætlaður neinn tekjuskattur þar sem ekkert benti til að þau hefðu verið starfandi á árinu. Tekjuskattur af hagnaði 16.641 félags var lægri en 10 milljónir. Skattar 10.203 þessara félaga byggðu á áætlun skattstjóra eða ríflega 61% félaganna. Þessum fyrirtækjum er gert að greiða 12,4 milljarða í tekjuskatta og þar af eru 6,7 milljarðar byggðir á áætlun eða 54% af álögðum tekjuskatti. Hlutfall áætlana lækkar eftir því sem tekjuskatturinn hækkar og gefur álagningu



Félög sem skiluðu skattframtali fyrir skilafrest flokkuð eftir því hvort þau greiddu tekjuskatt eða voru með yfirfæranlegt tap 1998 til 2009



ing í október því mynd af því sem vænta má þrátt fyrir allar áætlanirnar. Nú voru samtals 17,3 milljarðar lagðir á félög sem eiga að greiða meira en 10 milljónir í tekjuskatt. Þetta eru 58,2% af álögðum tekjuskatti. Um fjórðungur tekjuskattsins var byggður á áætlun. Tæp 30% tekjuskatts lögaðila var nú lagður á 26 fyrirtæki sem hverju um sig er gert að greiða meira en 100 milljónir í tekjuskatt. Samanlagt voru rúmir 8,8 milljarðar lagðir á þessi félög.

Eins og áður sagði var tekjuskattur um 35% félaga byggður á áætlun. Ríkisskattstjóri lagði rúma 29,8 milljarða á lögaðila í tekjuskatt og þar af var 11,1 milljarður byggður á áætlun eða 37,2%. Það má því gera ráð fyrir að álagningin lækki nokkuð þegar frá líður. Álagning tekjuskatts 2009 á tekjur ársins 2008 hefur t.a.m. lækkað miðað við stöðuna núna, einu ári síðar, um eina átta milljarða eða 30%. Nú standa eftir 27,2 milljarðar af þeim 35,4 sem voru lagðir á í október í fyrra. Þegar lengra líður frá álagningu, fleiri framtöl berast og fleiri óska eftir endurupptöku álagningarinnar má búast við að upprunaleg álagningin lækki um 15 til 20%.

Enn hækkar yfirfæranlegt tap

Á undanförunum árum hafa menn horft á yfirfæranlegt tap ná nýjum hæðum ár hvert. Mörg eignarhaldsfélög lentu í erfiðleikum í aðdraganda hrunsins á árunum 2006 og 2007 og færðu milljarða og jafnvel tugi milljarða til bókar sem yfirfæranlegt tap til næstu ára. Segja má að steininn hafi svo tekið úr árið 2009. Yfirfæranlegt

tap hækkaði úr 383 milljörðum skv. framtölum 2007 í 629,6 milljarða 2008. Árið 2009 var tapið komið í 1.618 milljarða. Yfirfæranlegt tap skv. framtölum ársins

”

Þrátt fyrir almennan samdrátt og að íslenska krónan hafi tapað fyrra verðgildi sínu var fjöldi félaga enn rekin með hagnaði árið 2009, sum hver með mjög miklum hagnaði

2010 var 5.193,7 milljarðar. Þá ber þess að geta að einn af föllnu bönkunum var ekki búinn að skila skattframtali þegar lagt var á lögaðila. Því má reikna með að yfirfæranlegt tap sé jafnvel rúmum þúsund milljörðum hærra þegar allt kemur til alls eða rúmum sex þúsund milljarðar.

Ef menn skoða hvernig yfirfæranlegt tap skiptist niður á einstök fyrirtæki þá kemur í ljós að langflest fyrirtæki eru með tiltölulega lítið yfirfæranlegt tap á bókum sínum. Þetta er auðvitað eins og búast má við þar sem langflest fyrirtæki eru fremur lítil. Það er hins vegar merkilegt að bróðurpartur tapsins er bundinn við mjög fá fyrir-

tæki, nokkrar fjármálastofnanir og eignarhaldsfélög. Tap þessara félaga, sem eru alþjóðlegar fjármálastofnanir með höfuðstöðvar hér á landi, er ekki í neinu samhengi við íslenskt efnahagslíf. Við álagningu nú áttu 14.500 félög yfirfæranlegt tap í bókum sínum og fjölgaði þeim um 1.044 á milli ára. Langflest þessara félaga voru með minna en tíu milljónir í yfirfæranlegt tap eða 9.951 félaganna. Uppsafnað tap var 20,7 milljarðar. Þá voru 1.215 félög með meira en 100 milljónir í yfirfæranlegt tap. Í þessum hópi voru 34 félög með meira en tíu milljarða í yfirfæranlegt tap. Samanlagt tap þessara félaga var 4.180 milljarðar. Um 80% heildartapsins er því vegna þessara 34 félaga.

Ef menn skoða hvernig félög skiptast eftir því hvort hagnaður var af starfsemi eða tap sést að fyrirtækjum sem eiga tap á bókum sínum hefur ekki fjölgað tiltakanlega á undanförunum árum. Um 40% gjaldskyldra lögaðila áttu tap skv. skattframtali ársins 2010. Tekjuskattur var lagður á tæpan helming félaga. Hér þarf að fara varlega því tekjuskattur er lagður á skv. áætlun skattstjóra en hafa ber í huga að eðli máls samkvæmt er einungis gerð grein fyrir yfirfæranlegu tapi hjá þeim félögum sem skila skattframtali.

Við álagningu nú skiluðu 23.164 tekjuskattsskyld félög framtali. Þar af voru sem áður segir 14.500 félög sem áttu yfirfæranlegt tap en 6.586 félög voru með skattskyldan hagnað. Enginn tekjuskattur var lagður á 2.078 félög sem voru ýmist ekki með rekstur, rekin á núlli eða fullnýttu yfirfæranlegt tap á móti hagnaði. Það lítur því út fyrir að félögum sem rekin eru með tapi hafi frekar fjölgað að tiltölu á síðustu árum.

Tryggingagjald hækkar

Tryggingagjald er sérstakt gjald lagt á heildarlaun og reiknað endurgjald sem launagreiðendum ber að standa skil á í ríkissjóð. Tryggingagjald er því skattur á vinnu og í eðli sínu ekki ósvipaður almennum tekjuskatti sem er innheimtur í staðgreiðslu. Séð frá bæjardryrum þess sem greiðir laun eða, með öðrum orðum, kaupir vinnu þá skiptir samsetning launakostnaðarins ekki meginmáli. Það sem greiðandinn þarf að borga fyrir vinnuna, kostnaðurinn, er það sem skiptir hann máli. Tryggingagjald og móttframlag í lífeyrissjóð er hluti af því verði sem viðkomandi þarf að greiða. Þegar allt kemur til alls er það fyrirkomulagsatriði hvort það er launagreiðandinn eða launþeginn sem stendur skil á þessum gjöldum. Það er all-

ur gangur á því hvernig lífeyris- og tryggingamálum er háttað erlendis.



Tryggingagjald hækkaði nú um rúman milljarð á milli ára. Gjaldið hefur hækkað mikið á undanförunum árum. Árið 2000 var álagt tryggingagjald 16,3 milljarðar. Nú voru 46,2 milljarðar lagðir á lögaðila í tryggingagjald, rúmum einum milljarði meira en í fyrra. Eins og áður kom fram er tryggingagjald lagt á öll laun og hlunnindi sem launagreiðandi greiðir að viðbættu mótframlagi í lífeyrissjóð, sem var 8% árið 2009, og því hækkar gjaldið eftir því sem skattstofninn, þ.e. launagreiðslur í samfélaginu, hækka.

Tryggingagjaldsstofn lækkaði nú í fyrsta skipti á milli ára, úr 844,7 milljörðum í tæpa 746,4 milljarða, eða um 98,3 milljarða. Launagreiðslur í þjóðfélaginu drógust þannig saman um 11,6% á milli árunna 2008 og 2009. Hér birtast okkur því aftur áhrif kreppunnar sem urðu ljós við álagningu einstaklinga í sumar.

Þrátt fyrir að launagreiðslur í þjóðfélaginu hafi dregist saman hækkaði tryggingagjaldið eins og fyrr sagði. Nú voru rúmir 46,2 milljarðar lagðir á laun, hlunnindi og lífeyrisgjöld í tryggingagjald, samanborið við 45,2 milljarða í fyrra. Hækkun á skattþrosentunni er meginskýringin á því af hverju álagning tryggingagjalds hækkar nú á milli ára. Gjaldið hækkaði mikið á miðju árinu 2009, úr 5,34% í 7% eða um 31,1%.

Tryggingagjald samanstendur í raun af nokkrum mismunandi gjöldum. Almennt tryggingagjald er 4,54% og var það óbreytt á milli ára. Atvinnutryggingagjald var hins vegar hækkað úr 0,65% í 2,21% og gjald í ábyrgðasjóð launa var hækkað úr 0,10% í 0,20%. Þá er markaðsgjald 0,05% af tryggingagjaldsstofni og lagt á með tryggingagjaldi. Ef gjaldið hefði ekki verið hækkað hefði mátt búast við að tryggingagjald hefði lækkað til jafns við stofninn eða um 11,6%.

Tryggingagjald var nú lagt á 16.461 lögaðila sem er 399 lögaðilum færri en árið áður. Það er athyglisvert að á sama tíma og tekjuskattskyldum félögum fjölgar um 1.514, eða 4,4%, fækkar öðrum lögaðilum nú um 87. Eins og fyrr segir er tryggingagjald lagt á öll laun og því gefur fjöldi þeirra lögaðila sem tryggingagjald er lagt á nokkuð góða mynd af því hversu margir lögaðilar eru með einhverja starfsemi. Þannig lítur út fyrir að aðeins 16.461 þeirra 43.990 lögaðila sem skráðir eru hjá skatt-yfirvöldum hafi verið með starfsmenn á launum árið 2009. Þetta eru ekki nema 37,4% lögaðila á skrá. Fjöldi lögaðila er



ekki með neina launaða starfsmenn. Hér má nefna áhugamannafélög, húsfélög, líknarsamtök og önnur félög sem ekki hafa neinar tekjur af atvinnustarfsemi. Þá er einnig athyglisvert að tryggingagjald er ekki lagt á nema 16.461 félag á sama tíma og tekjuskattur er lagður á 16.995 félög eða 534 fleiri. Það mætti því ætla að 534 félög skili skattskyldum hagnaði án þess að launað starfsfólk komi þar við sögu. Ástæðan fyrir þessu misræmi er sú að litlar eða engar upplýsingar eru til um þau félög sem ekki skila skattframtali og því er áætlun oft byggð á mjög takmörkuðum upplýsingum um fyrirtækin. Í þeim tilvikum þegar engar upplýsingar liggja fyrir er látið nægja að áætla tekjuskatt. Það er óumdeilt að fall bankakerfisins var mik-

ið áfall fyrir landsmenn. Bankar og fjármálafyrirtæki greiddu milljarða í ríkissjóð á blómaskeiði fjármálastarfsemi í landinu. Það er hins vegar ekki hægt að segja að niðurstöður álagningar skatta á rekstur ársins 2009 sýni að alger straumhöfð hafi orðið til hins verra. Þrátt fyrir almennan samdrátt og að íslenska krónan hafi tapað fyrra verðgildi sínu var fjöldi félaga enn rekin með hagnaði árið 2009, sum hver með mjög miklum hagnaði. Ekki verður þó litið fram hjá því að fleiri félög eiga nú bókfært tap og tap sumra þessara félaga er verulegt.



14. aðalfundur IOTA, haldinn í Brussel

Fundinn sóttu að þessu sinni Skúli Eggert Þórðarson og Ingvar J. Rögnvaldsson. Fundarmenn voru alls 158 frá 45 löndum og voru Evrópuþjóðirnar eðli máls samkvæmt í meirihluta. Það vakti nokkra athygli að Rússar og Armenar sóttu nú um aðild sem taka mun gildi frá 1. janúar 2011. Forseti IOTA starfsárið 2009-2010 var Belgíumaðurinn Jean-Marc Delporsteen en hann hlaut kosningu í Stokkhólmi árið áður. Fyrri fundardagurinn var venju samkvæmt helgaður aðalþema fundarins sem var að þessu sinni: Nýjar áskoranir og áhrif á hlítinu skattgreiðenda og skatttekjur á krepputímum.

Helstu niðurstöður voru þessar:

- Að áhersla sé lögð á skjótvirka þróun og innleiðingu á skilvirkum aðferðum þannig að þeir takmörkuðu fjármunir sem eru til ráðstöfunar séu nýttir svo að það hafi sem mest áhrif á að skatttekjur skili sér.
- Að tölvutækni verði nýtt sem best við að samkeyra upplýsingar úr gagnagrunnum byggðar á áhættugreiningu þannig að unnt verði að beita þá refsingum sem komið hafa sér undan skattalegum skyldum sínum.

- Að koma á aukinni þjónustu við skattaðila og samstarfi við hagsmunaaðila þannig að byggja megi upp gagnkvæmt traust, gagnsæi og skilning svo skattaðilar uppfylli skyldur sínar af sjálfsdáðum.
- Að nýta ytri aðstæður til að straumlínulaga alla starfsemi skattýfirvalda og forgangsraða í samræmi við lykilþætti skattframkvæmdar.
- Að beitt sé bestu aðferðum í baráttu gegn skattasniðgöngu, skattaparadísnum og öðrum skattsvikum yfir landamæri.

Fyrirlestrar og umræður voru gagnlegar en síðan var gerð grein fyrir innrasta samtakanna og kosið í embætti. Forseti næsta starfsárs var kosinn ríkisskattstjóri Frakklands, Jean-Marc Fenet. Þá var ríkisskattstjóri Noregs, Svein Ragnar Kristensen, kosinn í aðalframkvæmdastjórn samtakanna. Þema næsta aðalfundar sem haldinn verður í Frakklandi 2011 verður: Afkasta meiru fyrir minna: Reynsla skattýfirvalda af því að leita nýjunga og hagkvæmari vinnubrögða við að halda skilvirkni þrátt fyrir samdrátt í rekstrarfjármunum.


IJR



Jean-Marc Delporsteen forseti IOTA 2009 - 2010 flytur fundarmönnum skýrslu stjórnar samtakanna.

Elín Alma Arthursdóttir

sviðsstjóri



Allt er breytingum háð

Íslenska þjóðin hefur gengið í gegnum miklar breytingar undanfarin ár og áratugi. Fyrir því eru ýmsar ástæður og verðugt verkefni fyrir fræðimenn að rannsaka nánar. Hlýtur þá m.a. að koma til skoðunar hversu mikil þjóðfélagsleg áhrif hafa orðið af kvótakerfinu í sjávarútvegi. Hér áður fyrr snerist allt um aflabróð og fiskvinnslu og í minningunni a.m.k. voru allir einhvern veginn meira „í sama báti“ en síðar varð. Menn virtust alla vega fæstir berast mikið á þótt einhverjir hafi keypt málverk og átt Volvo – sem í þá daga var kölluð „fasteign á hjólum“. Allir gátu fengið vinnu og margir haft ágætar tekjur. En svo breyttist margt. Allt í einu eignuðust einhverjir meiri peninga en þá hafði dreymt um og vildu ná góðri ávöxtun. Á svipuðum tíma opnuðust ýmsar leiðir og hugmyndir kviknuðu samfara hinu frjálsa flæði á milli landa. Allt virtist vera falt. Rótgróin fjölskyldufyrirtæki skiptu um eigendur. Hringekjan var komin af stað. Eftir á að hyggja sýnist sem margir hafi hreinlega misst fótanna. Ekki þarf að fjölyrða neitt frekar í þessum efnunum.

Við sem störfum í skattkerfinu höfum ekki farið varhluta af breytingum undanfarna mánuði. Þær breytingar varða bæði uppbyggingu skattkerfisins sjálfs og einnig margs konar vendingar á skattalögum og reglum – og oftast á elleftu stundu. Allt hefur þetta kostað mikla vinnu og krafist mikils af starfsmönnum öllum.

Síðla árs 2009 var samþykkt á Alþingi að sameina níu embætti skattstjóra og embætti ríkisskattstjóra í eitt embætti. Einhver gæti haldið að til þessa verks gæfist einhver aðlögunartími svo sem venjan er hjá nágrannaþjóðum þegar sambærilegar breytingar eru ákvarðaðar. Nei – breytingin tók gildi nokkrum dögum eftir að hún var samþykkt – og í millitíðinni héldu landsmenn hátíðleg jól og áramót. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og reynt hefur verið að velta við mörgum steinum í því skyni að gera enn betur en áður og á hagkvæmari hátt. Starfsmenn hafa flutt á milli starfsstöðva og einhverjir tekið að sér ný verkefni. Allt hefur þetta kostað mikla vinnu og útsjónarsemi og ekki síður haft í för með sér ýmiss konar rask. Auðvitað voru ekki allir starfsmenn

alveg sáttir í byrjun. Sumir voru óvissir um sína stöðu, vinnu og verkefni. Um þetta þarf ekkert að fjölyrða. Við svona aðstæður kemur oft upp óvissa og jafnvel órói. Aðrir fylgifiskar breytinga eru líka jafn þekktir – þeim fylgja ekki bara neikvæðir þættir – heldur líka tækifæri og nýjungar – bæði fyrir hvern starfsmann og starfsemina í heild. Tækifæri til að breyta vinnubrögðum, störfum, áherslum, stjórnun, kynnast nýju fólki, auka samræmi á allan hátt, verða hluti af stærri heild og svo mætti lengi telja. Allt þetta hefur verið reynt að taka með í reikninginn í nýju skipuriti og fyrirkomulagi starfseminnar. Ekkert er þó óumbreytanlegt í þessum efnunum.

Eitt af því sem gerir starf í skattkerfinu eftirsóknarvert er að þar er sjaldnast sú lognmolla að allt sé eins frá ári til árs. Við erum von því að skattalögum og reglum sé breytt – og það oftast með stuttum fyrirvara. Aðlögunarhæfni starfsmanna er því töluverð. Það hefur komið sér vel á síðustu misserum þegar mikið hefur verið um breytingar. Sem dæmi varð skattálagning ársins 2010 eiginlega „tvöföld“ – skatthlutföllum var að nokkru breytt um mitt árið 2009 sem leiddi til mikils utanumhalds og flóknari álagningarvinnu en áður. Allt virðist þetta hafa gengið stórslysalaust. Þá hefur verið tekið upp fjölþrepa skattlagning launatekna í staðgreiðslu, lagður á auðlegðarskattur, lögfestur frádráttur vegna vinnu við viðhald og endurbætur íbúðar- og frístundahúsnæðis, lögfestur sérstakur frádráttur hjá nýsköpunarfyrirtækjum, lögfest ýmis nýmæli varðandi meðferð á eftirgefnunum skuldum og svo mætti lengi, lengi telja – enda af mörgu fleiru að taka, bæði stóru og smáu. Sakleysislegar breytingar sem ekki láta mikið yfir sér geta kallað á miklar vangaveltur. Þá þarf að finna viðunandi lausnir sem auðvitað mega ekki kosta of mikið á tímum niðurskurðar. Allt kallar þetta á aukna vinnu, útsjónarsemi og „hraðar hendur“. Engin hætta virðist vera á verkefnaskorti og sennilega verður undirbúningsvinna fyrir álagningu 2011 enn meiri en nokkurn tímann áður.

Hugurinn hvarflar stundum til þess hversu gott væri nú að meiri tími gæfist til þess að undirbúa skattalagabreytingar og allt sem þeim fylgir. Kannski færu þá sumar hugmyndir beint í glatkistuna. Minni hagsmunum eða jafnvel sérhagsmunum yrði „fórnað“ fyrir meiri.

Ljúft er að láta sig dreyma.

Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2010

Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er nú reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 200.000 kr. 37,22%
- Af næstu 450.000 kr. 40,12%
- Af fjárhæð umfram 650.000 kr. 46,12%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 44.205 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir.

- 37,22% af fyrstu 46.027* kr.
- 40,12% af 46.028-149.589** kr.
- 46,12% af launum umfram 149.589 kr.

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* 2.400.000/365 * 7 = 46.027. ** 7.800.000/365 * 7 = 149.589.

Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 18%
- Skattthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 100.745 kr. 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2010 1.425.218 kr.

Persónuafsláttur frá 1. janúar 2010

- Einn mánuður 44.205 kr.
- Hálfur mánuður 22.102 kr.
- 14 dagar 20.346 kr.
- Ein vika 10.173 kr.
- Sjómannaafsláttur á dag 987 kr.

Tryggingagjald

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald 8,65%
- Sérstakt viðbótargjald v/sjómanna 0,65%

Virðisaukaskattur

- Almenn skattþrep 25,5%
- Sérstakt skattþrep 7,0%

Hámark barnabóta 2010

- Hjón/sambúðarfólk
 - með fyrsta barni 152.331 kr.
 - með börnum umfram eitt 181.323 kr.
 - ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára 61.191 kr.
- Einstæðir foreldrar
 - með fyrsta barni 253.716 kr.
 - með börnum umfram eitt 260.262 kr.
 - ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára 61.191 kr.

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

Vaxtabætur 2010

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánnum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Bæturnar eru bæði tekjutengdar og eignatengdar. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi 246.944 kr.
- Hjá einstæðu foreldri 317.589 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki 408.374 kr.

Reglur varðandi útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 4/2010

Gildir frá 1. 2. 2010

- Almenn gjald, af fyrstu 10 þ. km, pr. km: 99,00 kr.

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag skal reikna 15% álag á almennt gjald. Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2010

Gildir frá 1. 10. 2010

- Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring 19.100 kr.
- Fyrir gistingu í eina nótt 10.350 kr.
- Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag 8.750 kr.
- Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag 4.375 kr.

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009

Gildir frá 1. 3. 2009

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.		
	Gisting	Annað	Gisting	Annað	
■ Flokkur 1	SDR	187	125	120	80
■ Flokkur 2	SDR	159	106	102	67
■ Flokkur 3	SDR	141	94	90	60
■ Flokkur 4	SDR	125	83	80	54



RÍKISSKATTSTJÓRI